

Ársskýrsla Vodafone 2015






ARPA



STYRKJA



SKAPA



EINFALDA



STEFNA VODAFONE



AUKUM LÍFSGÆÐI
EINSTAKLINGA OG
SAMKEPPNISHÆFNI
FYRIRTÆKJA MEÐ
SNJÖLLUM
FJARSKIPTALANUM OG
FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTU



HLUTVERK VODAFONE



Ársskýrsla Vodafone 2015

Yfirlit

6	Lykiltölur
8	Vodafone á Íslandi
10	Ávarp stjórnarformanns
12	Ávarp forstjóra

Árið 2015

14	Ný stefna í notkun
16	Samantekt frá árinu
18	Fréttir á árinu
24	Úr snjó í skýra mynd
26	Kröftug uppbygging
28	Öflugir nýir viðskiptavinir
30	Fyrsta íslenska efnisveitan
34	4G reikisamband
36	Öflugasta internetið
38	Nýsköpun

Úr starfseminni

40	Office 365
42	ISO endurvottun
43	Í Samtök iðnaðarins
44	Breytingar á verslun
45	Vodafone.is
46	Við tengjum þig
48	Samfélagsábyrgð
52	Vodafone á Íslandi
54	Starfsemin í Færeyjum
55	Vodafone Group
56	Svipmyndir frá árinu
58	Gengi á markaði
60	Ársfjórðungsfirlit
62	Framkvæmdastjórn
64	Stjórn
66	Skipurit

Ársreikningur

67	Ársreikningur samstæðunnar
68	Skýrsla og yfirlýsing
71	Fjárhagslegar lykiltölur
72	Áritun óháðs endurskoðanda
73	Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
74	Efnahagsreikningur
75	Eiginfjárfirlit
76	Sjóðstreymisfirlit
77	Skýringar
102	Stjórnarhátttálfirlýsing
107	Ársfjórðungsfirlit

Um ársskýrsluna

© Mars 2016

Útgefandi:

Fjarskipti hf. | Vodafone á Íslandi

Ritstjórn og ábyrgð:

Stefán Sigurðsson

Umsjón og efnisvinnsla:

Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir, Auður Karitas Þórhallsdóttir, Bára Mjöll Þórðardóttir o.fl.

Hönnun og uppsetning:

Valtýr Bjarki Valtýsson

Ljósmyndir:

Birgir Ísleifur Gunnarsson, Óli Haukur Mýrdal o.fl.

Förðun:

Dagný Ásta Guðbrandsdóttir

Forsíðan:

Valtýr Bjarki Valtýsson og Birgir Ísleifur Gunnarsson

Sérstakar þakkir:

Haraldur Bergvinsson, Sverrir Gíslason, Hjálparseit skáta í Kópavogi og Vinnlustuðin hf.

Prentun:

Umslag, umhverfisvottuð prentsmiðja



Allar tölur eru birtar með fyrirvara um innsláttar- og prentvillur.

Besta niðurstaða í sögu Vodafone

Rekstur Vodafone gekk vel á árinu 2015 með stöðugum vexti í tekjum og aukningu hagnaðar. Jákvæð þróun var á öllum helstu kennitölum og efnahagur mjög sterkur í lok árs.

13.724 m.kr. +4%

Heildartekjur

Tekjur jukust um 488 m.kr. milli ára á móti aukningu kostnaðarverðs um 300 m.kr. Framlegð jókst um 188 m.kr. (3%) frá fyrra ári.

1.287 m.kr. +18%

Hagnaður ársins

Hagnaður ársins jókst um 193 m.kr. milli ára eða sem nemur 18%. Hækkunin skýrist m.a. af góðum vexti í tekjum, af sjónvarpi, interneti og vörusölu, og aðhaldi á kostnaðarhlíðinni.

3.237 m.kr. +5%

EBITDA

EBITDA hagnaður jókst um 145 m.kr. eða 5% á milli ára. Góð niðurstaða skýrist einkum af áhrifum markvissra kostnaðaraðgerða og áframhaldandi góðri tekjustýringu á tímabilinu. Tekjur af sjónvarpi og annarri þjónustu héldu áfram að aukast en farsíma- og fastlínutekjur drógust saman.

23,6% +0,2%

EBITDA hlutfall

EBITDA hlutfallið hélt áfram að hækka á milli ára fjórða árið í röð og hefur aldrei verið hærra. Hefur það hækkað stöðugt frá því það nam 18,7% árið 2011 og steig nú í 23,6% í lok árs 2015.

6.434 m.kr. +3%


Framlegð

Framlegðaraukning nam 188 m.kr. á milli ára eða 3%. Framlegðarhlutfall nam 46,9% í lok árs 2015 samanborið við 47,2% árið 2014.

1.560 m.kr. -1%

Fjárfestingar

Fjárfestingar námu alls 1.560 m.kr. á árinu og lækkuðu um 1% á milli ára. Hlutfall fjárfestinga af tekjum var því 11,4% samanborið við 11,9% árið á undan.



Vodafone í hnotskurn

Vodafone er alhliða fjarskiptafyrirtæki sem býður einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alla meginþætti fjarskiptaþjónustu. Tugir þúsunda íslenskra heimila og yfir hundrað þúsund einstaklingar nýta sér þjónustu Vodafone, sem einnig þjónustar öll stærstu sveitarfélög landsins og mörg af stærstu fyrirtækjunum; flugfélög, banka, trygginga- og olíufélög, smásölukeðjur, háskóla, flutninga- og sjávarútvegsfyrirtæki, svo dæmi séu nefnd. Flestir sem sinna öryggis- og neyðarþjónustu hafa einnig valið

Vodafone, þ.m.t. Neyðarlínan, Landsbjörg, Ríkisútvarpið, Landhelgisgæslan, Securitas, Landspítalinn og Vegagerðin.

Vodafone í núverandi mynd var stofnað árið 2003 við samruna þriggja fjarskiptafyrirtækja; Tals, Íslandssíma og Halló fjarskipta sem ruddu brautina fyrir samkeppni eftir áralanga einokun ríkisins á fjarskiptamarkaði. Vodafone keypti auk þess netþjónustufyrirtækið Margmiðlun, gagnaflutningsfyrirtækið Línu.Net og færeyska fjarskiptafyrirtækið P/F Kall í

Færeyjum, sem nú starfar undir nafninu Vodafone Færeyjar. Frá desember 2012 hafa hlutabréf Vodafone verið skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf., Nasdaq Iceland.

Vodafone byggir þjónustu og vöruúrval að miklu leyti á samstarfi við Vodafone Group Plc, stærsta og öflugasta farsímafélag í heimi. Þetta alþjóðlega samstarf færir viðskiptavinum á Íslandi aukið vöruúrval, aðgang að helstu tækniýjungum á fjarskiptamarkaðnum hverju sinni, auk þess að tryggja öfluga þjónustu á ferðum erlendis og stuðla að hagstæðara verði.





Verslanir Vodafone eru í Kringlunni og Smáralind, á Glerártorgi á Akureyri og í Skútuvogi 2 í Reykjavík – þar sem höfuðstöðvar félagsins eru jafnframt. Frá árinu 2014 er stjórnkerfi Vodafone fyrir upplýsingaöryggi vottað samkvæmt upplýsingaöryggisstaðlinum ISO 27001. Á árinu 2015 stóðst fyrirtækið sína fyrstu árlegu endurvottun auk þess sem upprunaleg vottun var útvíkkuð frekar. ISO 27001 vottun félagsins er nú sú vídtækasta íslenskra fjarskiptafélaga.



Að hugsa til langs tíma

Kæri hluthafi.

Fyrirtækið okkar skilar ásættanlegri arðsemi fyrir síðasta ár. Á fjórum árum hefur orðið mikill bati í afkomunni og nú er það svo að allir haghafar (e. stakeholders) fá þá arðsemi sem reiknað var með auk þess sem umframhagnaður (e. EVA) er farinn að myndast, en hann var t.d. neikvæður árið 2012, í núlli árið 2013, en hefur orðið myndarlegur á síðustu tveimur árum. Það er ánægjulegt að þetta gerist á sama tíma og samkeppnin er hörð – og fer harðnandi ef eitthvað er.

Vodafone er agað og vel rekið fyrirtæki. Það skilar yfir 3 milljörðum árlega úr rekstri til frekari uppbyggingar og viðgangs félagsins. Við höfum þurft að takast á við miklar ytri áskoranir en höfum samt náð jöfnum stíganda í rekstrinum.

Vodafone er innviðafyrirtæki og kýs að staðsetja sig þar en fara síður inn á svið sem búa við meiri sveiflur. Það er ósk mín að fyrirtækið sé álitnið traust og áhættulítið, staðsetji sig svo það njóti góðs af tækniþróun og breytingum og þoli vel þær miklu sveiflur sem koma í íslensku efnahagslífi. Hluthafar eiga að geta treyst því að til lengri tíma sé eign þeirra í Vodafone líkari traustu skuldabréfi, með fyrirsjáanlegu greiðsluflæði, en áhættusömu hlutabréfi.

Skráð hlutafélög hafa oft verið gagnrýnd fyrir að hugsa ekki til langs tíma – ársfjórðungsleg uppgjör, með tilheyrandi umfjöllun og verðbreytingu hlutabréfa, geri að verkum að stjórnir einblíni um of á skemmri tíma aðgerðir og hugi ekki

að framtíðinni. Í tilfalli Vodafone tel ég ekki að slík gagnrýni eigi rétt á sér en við reynum að hugsa til langs tíma. Dæmi um lengri tíma hugsun voru nefnd í ávarpi mínu í síðustu skýrslu eins og tilkoma tilnefningarnefndar, úttektir á starfsháttum og innleiðing á nýrri lengri tíma starfskjarastefnu.

Stjórn Vodafone hefur nú samþykkt stefnu um samfélagslega ábyrgð fyrirtækisins. Hluthafar Vodafone kjósa stjórn fyrirtækisins og kunna að velta fyrir sér hví stjórnin sé að farin að hugsa um eitthvað annað en að hámarka hagnað fyrirtækisins. Hvers vegna er fyrirtækið að setja sér sérstaka stefnu um samfélagið, sem ekki er hluthafi í fyrirtækinu?

Hluthafar fela stjórnarmönnum mikla ábyrgð og til að standa undir henni þurfa stjórnarmenn að sjá heildstætt hvernig rekstur fyrirtækisins gengur og hverja hann snertir. Stjórnarmenn þurfa að temja sér lengri tíma hugsunarhátt og þora að fórna ávinningi til skamms tíma fyrir lengri tíma ábata. Enda er það eðli fjárfestinga að leggja út í dag í von um meiri ávöxt í framtíðinni. Þó að ábyrgðin sé mikil og starfið sé krefjandi er það þess virði þegar vel gengur. Líkt og á síðasta ári sem var metár í sögu félagsins.

Fjarskiptamarkaðurinn er einstaklega lifandi og margbreytilegur. Tæknin og þróun hennar gerir það að verkum að öflug fjarskipti eru ein helsta undirstaða nútíma samfélags. Samkeppnin er gríðarlega hörð og tengingar á milli landa eru alltaf að styrkjast, sem aftur eykur enn samkeppni en fjölgar líka tækifærum. Á slíkum markaði skiptir miklu að hafa skýra framtíðarsýn. Samstarf við stærsta fjarskiptafyrirtæki heims er okkur þar mikils virði. Síamarkaðir eru mislangt á veg komnir en t.d. er markaðurinn í Suður-Kóreu sá þróaðasti í dag og væntanlega rúmum 5 árum á undan helstu evrópsku mörkuðunum. Það er gott að geta haft markað sem er lengra kominn til að bera sig við, læra af og taka eftir. Samstarf okkar við Vodafone Group gerir okkur kleift að nýta okkur reynslu annarra, meðal annars læra af mistökum þeirra frekar en að gera okkar eigin mistök. Lærdómurinn einskorðast ekki við tæknilausnir eða vöruframboð og þjónustu, heldur er líka hægt að sjá hver stjórnarstefna er, starfsmannastefna og eins og áður hefur verið vikið að, stefna um samfélagslega ábyrgð.

Þeir sem ekki eru hluthafar í fyrirtækjum en eru engu að síður haghafar gætu haldið að starf stjórnar felist einfaldlega í því að skammta hluthöfum hagnað. Stjórn komi saman og geti líkt og í Excel-skjali ákveðið hvaða hagnaður verði af rekstrinum með einni ákvörðun. Sannleikurinn er allt annar. Stjórnarstarf gengur út á að reyna að móta góða stefnu til lengri tíma en raunin er sú að starfið er sífelld barátta í samkeppni sem vinnst einungis með því að bæta

þjónustuna, vörurnar, starfsumhverfi og skapa jákvæða upplifun hjá þeim sem við snertum með starfseminni. Starfið er í raun unnið fyrir alla haghafa.

Líkt og starfsemin þróast og breytist er eðlilegt að samsetning stjórnar og hlutverk þróist á sama tíma. Þó að miklu skipti að hugsað sé til langs tíma þýðir það ekki að stjórnarmenn eigi að sitja endalaust. Hversu lengi eiga stjórnarmenn að sitja í stjórn? Hversu eðlilegt er að stórum hluta stjórnar sé skipt út hverju sinni? Miklu skiptir að reynsla og þekking haldist, en um leið er mikilvægt að nýjar hugmyndir og kraftar komist að. Það er ósk mín að hluthafar vilji ræða þessi mál beint við mig sem formann stjórnar, eða tilnefningarnefnd, eftir því sem við á. Stjórnin er kosin af hluthöfum og leggur metnað í að reyna að sinna óskum þeirra á sem allra bestan hátt.

Núverandi samstarf stjórnar hefur verið til fyrirmyndar. Eins og með allt samstarf tekur tíma að slípa það til. Núverandi stjórnarmenn hafa nú starfað saman í tvö ár en sá stjórnarmaður sem lengst hefur setið er að klára sitt 4. tímabil. Það telst varla langur tími. Stjórnarmenn eru mjög metnaðarfullir fyrir hönd fyrirtækisins og hafa lagt sig mjög fram um að sinna starfi sínu.

Til þess að ná árangri í samkeppni er nauðsynlegt að við reynum að skapa umgjörð um fyrirtækið okkar sem þolir ágjöf og reynist vel til lengri tíma. Það skiptir máli að umgjörðin sé sköpuð í góðri samvinnu og sátt við hluthafa. Ég hlakka til að sjá hvernig Vodafone mun þróast á næstu árum og fæ vonandi tækifæri til að taka þátt í þeirri þróun.

Heiðar Guðjónsson,

stjórnarformaður

Rekstur fyrirtækis snertir ýmsa þætti samfélagsins. Nýtt orð hefur komið fram til að lýsa þeim sem hafa hagsmuni af rekstri fyrirtækja en eru ekki hluthafar; orðið haghafar (e. stakeholder). Hluthafar eru einn hópur haghafa, en haghafar þurfa ekki að vera hluthafar.

Starfsmenn, birgjar, viðskiptavinir, lánardrottinn og fleiri hafa allir ríka hagsmuni af því að fyrirtæki sé vel rekið og vegni vel. Þeir eiga hins vegar ekki fulltrúa í stjórn. Kannski er ég að nefna hið augljósa hér, en til lengri tíma getur ekkert fyrirtæki á samkeppnismarkaði lifað af án þess að hugsa um fleiri þætti en bara hagnað til hluthafa.

Sterkt Vodafone – spennandi framtíð

Árið 2015 var jákvætt ár í starfsemi Vodafone. Árangur náðist í rekstri með 18% aukningu hagnaðar á milli ára en ekki síður mikilvægt var að fyrirtækið hélt áfram að styrkja sig hvort sem er með tilliti til þjónustu, vöruframboðs eða innviða.

Unnið var markvisst eftir stefnu fyrirtækisins sem sett var fram á haustmánuðum 2014. Í tengslum við innleiðinguna hefur fyrirtækið tileinkað sér viðurkenndar nútímastjórnunaraðferðir sem styðja framkvæmd stefnu og rekstrarmarkmiða fyrirtækja, eins og Beyond Budgeting, The 4 Disciplines of Execution – 4DX, sýnilega umbótastjórnun og viðskiptaferlagreiningar. Mikill árangur hefur bæði náðst í rekstri sem og gæðum þjónustu til viðskiptavina sem hefur skilað sér í marktækri minkunn brottfalls viðskiptavina eins og farið er yfir í umfjöllun um stefnu fyrirtækisins á blaðsíðum 14-15.

Á árinu voru fjölmargar nýjungar kynntar til leiks sem var vel tekið meðal viðskiptavina. Sem dæmi um nýjungar sem styrktu samkeppnisstöðu fyrirtækisins á einstaklingsmarkaði voru nýjungar í sjónvarpsþjónustu og aukin gæði í internetþjónustu. Nýtt Vodafone Sjónvarp var kynnt á miðju ári með nýjum Vodafone PLAY þjónustuleiðum sem eru sérhannaðar fyrir fjölskyldur og á hagstæðu verði. Þessari nýjung hefur verið einkar vel tekið en í lok árs höfðu um átta þúsund fjölskyldur gerst áskrifendur að Vodafone PLAY. Vodafone kynnti einnig á markað mesta hraða sem er í boði í internetþjónustu til heimila eða 500 Mbps yfir ljósléiðara og möguleikann á ótakmörkuðu gagnamagni. Í samvinnu við Gagnaveitu Reykjavíkur mun Vodafone halda áfram að auka gæði í internetþjónustu og hafa félögin nýverið hafið prófanir á 1 Gbps tengingum sem heimilum mun standa til boða frá haustmánuðum árið 2016.

Styrkleiki samstarfsins við Vodafone Group sýndi sig enn á ný á árinu. Alþjóðlegt vörumerki félagsins og markvisst sölustarf

trygðði mikla aukningu á sölu fjarskiptapakka til ferðamanna, en búast má við að sú þróun haldi áfram á árinu 2016. Einnig studdi samstarfið við Vodafone Group við uppbyggingu á 4G reikjþjónustu erlendis fyrir íslenska viðskiptavini. Vodafone hefur verið í leiðtogahlutverki á þessu sviði á íslenska markaðnum til þessa og er nú með 4G reikisamninga við 24 lönd, sem mun halda áfram að fjölga á nýju ári. Að lokum ber að nefna innleiðingu á Office 365 hugbúnaðinum í vörúrrval Vodafone á fyrirtækjahliðinni. Verkefnið var unnið í nánú samstarfi við Vodafone Group og naut félagið þar góðs af reynslu og þekkingu Vodafone Group af innleiðingu meðal dótturfélaga og samstarfsaðila um allan heim.

Kraftur var í þjónustu við fyrirtæki á árinu 2015 og ánægjulegir endursamningar tókust við lykilviðskiptavini auk þess sem uppbygging þjónustu við sjávarútveginn hélt áfram. Uppbygging á háhraðasambandi út á miðin er gott dæmi um verkefni þar sem Vodafone tekst vel að efna loforð sitt og hlutverk, um að bæta lífsgæði einstaklinga og samkeppnishæfni fyrirtækja með snjöllum fjarskiptalausnum og framúrskarandi þjónustu. 4G háhraðasambandið sem Vodafone hefur byggt upp út á hafflötin í kringum landið er bæði betra og ódýrara en það sem áður þekktist á þessu sviði, enda hafa viðtökur sjómanna og útgerða verið einstaklega góðar.

Stefna Vodafone heldur áfram að þróast og dýpka á árinu 2016 þar sem sjónum mun ekki síst beint að samfélagslegu hlutverki fyrirtækisins á hinum ýmsum sviðum. Í rekstri Vodafone er horft til langs tíma og áhersla lögð á að ábyrg vinnubrögð séu viðhöfð á öllum sviðum starfseminnar, með sjálfbærni og jákvæð áhrif á samfélagið að leiðarljósi. Rík áhersla er lögð á hlítni við lög, reglur og staðla sem um fjarskiptastarfsemi gilda og sem fjarskiptafyrirtæki leggur félagið sérstaka áherslu á öryggismál. Áfram hefur verið haldið að styrkja félagið á þessu sviði

en fyrirtækið stóðst með sóma sína fyrstu árlegu endurvottun á árinu 2015, um hlítni við ISO 27001 staðalinn á sviði netöryggis. Vottun ársins var samkvæmt nýrri og umfangsmeiri útgáfu staðalsins, sem tekur til allra þátta starfseminnar og er sú víðfeðmasta meðal íslenskra fjarskiptafyrirtækja. Á sviði umhverfismála tók félagið meðal annars upp flokkun á öllum úrgangi og skrifaði ásamt öðrum fyrirtækjum undir skuldbindingu um markmið um skýra stefnu til að draga úr kolefnismengun á árinu 2016. Á sviði forvarna heldur Vodafone jafnframt áfram að láta sig örugg samskipti á netinu varða. Nýliðið ár stóð félagið sem dæmi fyrir fræðsluátakinu „Ber það sem eftir er: Um sexting, hrelliklám og netið“, í samstarfi við Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur, sem flutt var fyrir yfir 100 foreldrafélög í grunnskólum um allt land.

Gott dæmi um hvernig markmið fyrirtækja og samfélagsins geta farið vel saman er samrekstur Vodafone með Nova á sviði farsímakerfa undir merkjum Sendafélagsins sem stofnað var á árinu. Verkefnið mun bæði spara fjárfestingar á sviði búnaðar og lækka



rekstrarkostnað fjarskiptakerfa, sem gerir það þjóðhagslega hagkvæmt. Hagkvæmnin sem næst með fækkun sendastaða hefur einnig jákvæð áhrif með því að draga úr orkunotkun og umhverfisáhrifum, á sama tíma og gæði fjarskiptakerfisins aukast fyrir notendur. Samrekstur er þannig ekki aðeins þjóðhagslega hagkvæmur heldur einnig umhverfisvænn og samfélagslega ábyrgur.

Á árinu voru einnig skilgreind ákveðin svið þar sem við teljum fyrirtækið geta öðrum fremur haft jákvæð áhrif í íslensku samfélagi til lengri tíma. Gott dæmi um þetta er stuðningur við nýsköpun þar sem Vodafone hyggst byggja á styrkleikum sínum sem fjarskiptafyrirtæki og alþjóðlegum tengslum. Auk þess að hafa skýra stefnu um að skapa nýjungar, sem efla samkeppnishæfni og þjónustu við viðskiptavinum, á fyrirtækið í fjölbættu samstarfi við ýmis íslensk frumkvöðlafyrirtæki. Vodafone er jafnframt samstarfsaðili í verkefnum sem styðja við nýsköpun eins og Startup Iceland og Startup Tourism sem veita ungunum íslenskum fyrirtækjum stuðning. Sem lykilaðili á sínu sviði lítur Vodafone á það

sem samfélagslegt hlutverk sitt að styðja við nýsköpun hvort sem um ræðir ný íslensk fyrirtæki eða nýjar atvinnugreinar. Gagnaver eru sem dæmi atvinnugrein í hröðum vexti á Íslandi þar sem Vodafone tekur þátt með sölu á gagnatengingum og hefur í samvinnu við Vodafone Group boðið alþjóðlega þjónustu á þessu sviði. Á árinu gekk Vodafone einnig í Samtök iðnaðarins og tekur þar meðal annars þátt í hópi um framtíðaruppbyggingu íslensks gagnaversiðnaðar.

Eitt er það svið nýsköpunar sem Vodafone tekur hvað mestan þátt í uppbyggingunni á en það er sú sprenging sem er að verða í tengingu tækja við fjarskiptakerfi eða það sem ýmist er kallað Machine to Machine (M2M) eða Internet of Things (IoT). Nýjar þjónustur, byggðar á þessum ótrúlega fjölda tenginga á þessu sviði, munu byggja á fjarskiptakerfum. Þegar er byrjað að tala um hvaða áhrif snjallvæðing hlutanna mun hafa á þann heim sem við þekkjum í dag, hvort sem horft er til sjálfkeyrandi bíla, snjallra heimila, snjallra borga eða heilsulausna, að ótöldum öllum þeim fjölmörgu lausnum fyrir

iðnað og framleiðslu sem fram munu koma. Sem landsdekkandi innviðafyrirtæki, í þétta samstarfi við Vodafone Group, sem er leiðtogi á sviði M2M þróunar í heiminum, er Vodafone á Íslandi í afar spennandi stöðu til þess að styðja þessa tegund nýsköpunar á Íslandi.

Við byrjun árs 2016 er Vodafone á Íslandi þannig sterkt og í góðri stöðu til að taka þátt í spennandi framtíð.

Velgengni okkar mun eftir sem áður byggja á framúrskarandi starfsfólki sem og trausti viðskiptavina, lánveitenda og hluthafa á félaginu. Ég vil þakka starfsmönnum, framkvæmdastjórn og stjórn kærlega fyrir afar gott samstarf á liðnu ári.

Stefán Sigurðsson,

forstjóri

Innleiðing stefnu hjá Vodafone

Mikil áhersla var lögð á innleiðingu stefnu fyrirtækisins meðal allra starfsmanna Vodafone á árinu 2015. Nútíma stjórnunaraðferðir voru þar nýttar til að virkja þátttöku allra við innleiðingu á hlutverki, sýn og stefnu sem sett var á haustmánuðum 2014. Á árinu var einnig unnið að nýjum gildum félagsins auk þess sem farið var langt með að skilgreina samfélagsábyrgð Vodafone, byggða á stefnu og starfsemi fyrirtækisins.

ÁRANGUR NÁÐST VIÐ INNLEIÐINGU STEFNU

Til að styðja við innleiðingu stefnu fyrirtækisins hefur verið notast við ýmsar viðurkenndar stjórnunaraðferðir undanfarin misseri og mikil áhersla lögð á þátttöku allra starfsmanna í ferlinu.

Vodafone starfar samkvæmt Beyond Budgeting aðferðafræðinni við áætlanagerð og gerð rekstrarmarkmiða sem eykur mjög yfirsýn í rekstri og gerir fyrirtækinu kleift að bregðast hraðar við breytingum.

Til stuðnings innleiðingu stefnu og rekstrarmarkmiða hefur fyrirtækið einnig nýtt 4DX aðferðafræðina, sem hjálpar við að virkja alla starfsmenn í að tileinka sér og vinna samkvæmt stefnu fyrirtækisins.

Á árinu 2015 voru ennfremur kerfi stöðugra umbóta og sýnilegrar stjórnunar innleidd hjá fyrirtækinu. Stöðugar umbætur og sýnileg stjórnun byggja einnig á þátttöku allra starfsmanna í daglegu starfi og verkefnum fyrirtækisins. Áberandi verkefnatöflur í öllum deildum eru gott

dæmi um þessa aðferðafræði.

Samhliða hafa vinnustofur verið nýttar til að greina viðskiptaferla fyrirtækisins með tilliti til umbóta, með að markmiði að draga úr sóun og auka gæði þjónustu til viðskiptavina.

Starfsmenn og stjórnendur hafa staðið sig afar vel í að innleiða þessar aðferðir í störfum sínum og þegar má sjá fjölpættan árangur vítt og breitt um fyrirtækið.

Með ofangreindum aðferðum hefur áhersla Vodafone einkum snúið að því að styrkja grunn fyrirtækisins, þ.e. bæði innviði og gæðiþjónustunnar. Hefur þessi stefna skilað góðum árangri og endurspeglast meðal annars í marktækri minnkun brottfalls og fjölgun þjónustubáta viðskiptavina. Til að mynda hefur símtölum í þjónustuver fækkað um 30% sem endurspeglar betri gæði. Þennan góða árangur má þakka samstilltu átaki með þátttöku allra deilda og starfsmanna fyrirtækisins.

HLUTVERK VODAFONE

Aukum lífsgæði einstaklinga og samkeppnishæfni fyrirtækja með snjöllum fjarskiptalausnum og framúrskarandi þjónustu.

Hlutverk Vodafone endurspeglar samfélagslega þýðingu fyrirtækisins bæði gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum. Hlutverkið kemur inn á mikilvægi hugvitsamlegra lausna í fjarskiptum gagnvart viðskiptavinum okkar og að Vodafone lítur á það sem hlutverk sitt að veita framúrskarandi þjónustu á hverjum tíma.

NÝ GILDI

Ný gildi félagsins voru kynnt undir lok árs en þau eru: **RAUTT – FRUMKVÆÐI – ÁBYRGÐ**. Fyrstu skrefin í innleiðingu þeirra hafa þegar verið stigin og verður fram haldið af fullum krafti 2016.



SÝN VODAFONE

Leiðtogi og alþjóðlegt afl á íslenskum fjarskiptamarkaði.

Síðastliðin 17 ár hefur Vodafone gegnt leiðtogahlutverki með því að stuðla að samkeppni á íslenskum fjarskiptamarkaði, í þjónustu, tækninýjungum og verði fjarskiptþjónustu. Fjarskipta-geirinn er í mikilli þróun og fjölmargar nýjungar stöðugt að koma fram sem geta bætt lífsgæði einstaklinga og samkeppnishæfni fyrirtækja. Sú sýn okkar að vera leiðtogi og alþjóðlegt afl á íslenska fjarskiptamarkaðnum, styður vel við hlutverk okkar, að hafa áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni einstaklinga og fyrirtækja. Við teljum okkur í einstakri stöðu til að fylgja þessari sýn eftir með fjölbættu samstarfi við Vodafone Group á alþjóðavísu.

STEFNA VODAFONE

Stefna Vodafone samanstendur af orðunum ARPA – SKAPA – EINFALDA – STYRKJA.

Hver og einn hluti stefnunnar tekur til nokkurra lykilþátta:

ARPA* Við viljum auðvelda viðskiptavinum okkar lífið með einföldum fjarskiptalausnum og áhyggjuleysi að leiðarljósi. Hjá okkur eiga viðskiptavinir að geta fengið heildarlausn á sviði fjarskipta. Við viljum veita hverjum viðskiptavini breiðari og betri þjónustu – þannig teljum við að hagur okkar og viðskiptavina okkar fari vel saman.

*Average Revenue Per Account

SKAPA Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun, bæði í vörubrúun og þjónustu til viðskiptavina. Mikil og hröð þróun einkennir fjarskiptamarkaði í dag sem getur verið til mikilla hagsbóta fyrir viðskiptavini okkar, jafnt einstaklinga sem og fyrirtæki.

EINFALDA Á sama tíma og við leggjum áherslu á að styrkja, skapa og veita breiðari og betri þjónustu leitumst við líka við að hafa einfaldleika að leiðarljósi. Þetta á bæði

við gagnvart viðskiptavinum og starfsfólki fyrirtækisins. Sem dæmi eiga vörur okkar og ferlar að vera auðskiljanlegir fyrir bæði viðskiptavini og starfsfólk.

STYRKJA Vodafone hefur byggt upp öflug fjarskiptakerfi á síðustu 17 árum þar sem innviðir fyrirtækisins hafa samhlíða styrkst mikið. Vodafone hyggst viðhalda styrkleikum sínum hvort sem horft er til landsdekkandi farsímakerfa, ljósleiðarakerfa, sjónvarpsdreifingarkerfa, innviða fyrirtækisins eða öryggismála. Þennan grunn ætlum við að halda áfram að styrkja og stækka enda mikilvæg undirstaða þess að rækja hlutverk okkar og framfylgja sýn okkar á næstu árum.

Samantekt frá árinu



▲ Mars

4G á ferðalögum erlendis

Vodafone varð fyrst íslenskra fjarskiptafyrirtækja til að bjóða hérlendum ferðamönnum, á ferð um valin lönd erlendis, og erlendum ferðalögum frá þessum sömu löndum á leið um Ísland, 4G þjónustu á ferðalaginu.

Sjá nánar á bls. 34-35.

▼ Apríl

Vodafone PLAY: Nýjung í íslensku sjónvarpi

Vodafone PLAY, fyrsta íslenska áskriftarveitan í anda Netflix, var kynnt til leiks. Þar fá viðskiptavinir með gagnvirk sjónvarp, ótakmarkaðan aðgang að miklu úrvali gæðasjónvarpsefnis fyrir eitt fast mánaðargjald.

Sjá nánar á bls. 31-33.

▲ Maí

4G á miðunum

Vodafone hefur lagt allt kapp á uppbyggingu háhraða 4G sambands á öllum helstu fiskimiðum landsins, með bætta þjónustu við sjávarútvegsfyrirtæki og aðra sjófarendur að markmiði. Í lok árs 2015 voru öll helstu fiskimið landsins orðin dekkuð, ýmist með 3G eða 4G sambandi.

Sjá nánar á bls. 26-27.





▼ Ágúst

Hraðasta nettenging landsins

Vodafone hóf að bjóða upp á hröðustu nettengingu landsins í samstarfi við Gagnaveitu Reykjavíkur (GR). Hraðinn er 500 Mb/s og fylgir honum jafnframt ótakmarkað niðurhal. Einnig var tekinn í notkun glænýr endabúnaður sem skilar fyrirtaks upplifun af netinu.

Sjá nánar á bls. 36.

▲ September

Nýtt og betra Vodafone Sjonvarp

Vodafone Sjonvarp skartar nú gerbreyttu og einfaldara notendaviðmóti. Auk þess voru gerðar ýmsar tæknilegar endurbætur, sem gera sjónvarpið snarpara og fjölhæfara en nokkru sinni fyrr.

Sjá nánar á bls. 30.

▼ Október

ISO 27001 endurvottun

Fyrsta árlega endurúttekt ISO 27001 vottunar Vodafone á Íslandi fór fram og staðfesti að stjórnkerfi fyrirtækisins fyrir upplýsingaöryggi samræmist áfram hinum alþjóðlega staðli. Vottunin var jafnframt útvíkkuð og er nú sú víðtækasta hjá íslenskum fjarskiptafélögum.

Sjá nánar á bls. 42.



Fréttir úr starfseminni

Janúar – apríl



Viðskiptablaðið birti viðtal við Stefán Sigurðsson, forstjóra Vodafone, þar sem hann var spurður út í þennan góða árangur. Þakkaði hann til að mynda dreifðri tekjumyndun, fjölbreyttum hópi viðskiptavina, góðu starfsfólki og heilbrigðri fyrirtækjamenningu fyrir að hafa komið Vodafone á listann yfir framúrskarandi fyrirtæki.

Matreiðslumaður Vodafone í hópi þeirra bestu



Vodafone framúrskarandi fyrirtæki 2014

9. febrúar 2015

Í byrjun febrúar birti Creditinfo lista yfir framúrskarandi fyrirtæki ársins 2014, en til að komast í hópinn þurfa fyrirtæki að standast styrkleikamat Creditinfo.

Röð fyrirtækja á listanum réðst af hagnaði þeirra fyrir árið 2013 og var Vodafone í 32. sæti af þeim 577 fyrirtækjum sem komust á listann það árið.

2. mars 2015

Keppnin um matreiðslumann ársins fór fram þann 1. mars 2015 í Hörpu en þar öttu bestu matreiðslumenn landsins kappi. Athygli vakti að af þeim tíu matreiðslumönnum sem komust áfram í úrslitin var aðeins einn sem starfaði ekki á veitingastað, heldur hjá fjarskiptafyrirtæki.

Steinn Óskar Sigurðsson, matreiðslumaður Vodafone, hreppti annað sætið í keppninni um matreiðslumann ársins og var mjótt á munum á milli fyrsta og annars sætis. Til gamans má geta að sigurvegari keppinnar, Atli Erlendsson, starfaði um tíma í þjónustuveri Vodafone.





RED herferð Íslands verðlaunuð

28. apríl 2015

Árleg ráðstefna Vodafone Partner Markets fór fram í London í apríl. Á aðalkvöldinu voru Vodafone á Íslandi veitt sérstök verðlaun fyrir framúrskarandi innleiðingu Vodafone RED árið 2014. Við ákvörðun dómnefndar var meðal annars horft til undirbúnings verkefnisins, tæknilegrar útfærslu og sjálfrar herferðarinnar sem þótti alveg einstaklega vel heppnuð.

Stefano Gastaut, yfirmaður Vodafone Partner Markets, afhenti Stefán Sigurðssyni forlata verðlaunagrip sem minnir óneitanlega á óskarsverðlaunastyttu. Fékk hún því nafnið VodafÓSKARINN og var komið fyrir á góðum stað í höfuðstöðvum Vodafone í Skútuvogi.

Vodafone á Snapchat

27. mars 2015

Í mars 2015 vígði Vodafone Snapchat aðgang fyrirtækisins þegar fulltrúi Íslands í Eurovision 2015 María Ólafsdóttir og Ásgeir Orrí Ásgeirsson, annar höfundur lagsins „Unbroken“, héldu til Vínarborgar. Þar gafst áhorfendum tækifæri á að skyggjast á bak við tjöldin, bæði við undirbúning keppinnar og meðan á keppni stóð.



Markmiðið með vodafoneis Snapchat-inu er að skapa vettvang til að dýpka samtalið við viðskiptavini Vodafone, sem og aðra. Vodafone nýtir Snapchat til að sýna frá hinum ýmsu viðburðum sem fyrirtækið tekur þátt í, eins og t.d. Eurovision. Einnig nýtist það til að sýna frá áhugaverðum viðburðum hjá Vodafone, eins og t.d. frumsýningu nýrra símtækja og til að kynna samstarfsaðila líkt og Icelandic Startups.



Taktu mynd af kóðanum í Snapchat til þess að fylgja Vodafone á Snapchat

Fréttir úr starfseminni

Mái – ágúst



Nýtt Microsoft CRM kerfi

4. maí 2015

Vodafone hefur frá árinu 2006 unnið eftir CRM (e. customer relation management) stefnu og notað CRM kerfi til að halda utan um samskipti við viðskiptavinina sína.

Á vormánuðum hóf Vodafone innleiðingu á nýju Microsoft CRM 2015 kerfi og varð þar fyrsta fyrirtækið á Íslandi sem innleiddi nýjustu útgáfu þess. Nýtt CRM kerfi er bylting í utanumhaldi og yfirsýn yfir sölu og þjónustu þeirra fyrirtækja sem eru í viðskiptum við Vodafone. Kerfið einfaldar einnig dagleg störf starfsfólks með því að straumlínulaga ferla og auðvelda aðgengi að upplýsingum.

Yfir 40.000 #12stig tíst

22. maí 2015

Vinsældir #12stig tístanna héldu áfram að aukast og varð algjör sprenging á milli ára. Yfir 40.000 tíst birtust dagana sem

undankeppnirnar tvær og lokakeppni Eurovision fóru fram 2015. Árið áður var heildarfjöldinn 25.636 og var aukningin því um 57% milli ára. Svo mikil var notkunin á þessu merki kvöldið sem Ísland tók þátt í undanúrslitunum að um tíma var það meðal vinsælustu tístmerkja í heiminum.

Athyglisvert var að fylgjast með umræðunni á úrslitakvöldinu laugardaginn 23. maí, en það var í fyrsta sinn síðan #12stig varð til sem Ísland tók ekki þátt í lokakeppninni. Það hafði hinsvegar engin áhrif á vinsældirnar og birtust alls 20.565 tíst merkt #12stig. Árið áður birtust ríflega 16.000 tíst meðan á úrslitakvöldinu stóð, sem er talsverð aukning á milli ára.

Þrjú vinsælustu tístin á úrslitakvöldinu, þ.e. þau sem voru oftast endurtísta, áttu þeir Gísli Marteinn Baldursson og Dagur B. Eggertsson.



Í góðu sambandi á Smáþjóðaleikunum

1. júní 2015

Vodafone var stoltur gullsamstarfsaðili 16. Smáþjóðaleikanna sem fóru fram í Reykjavík dagana 1. til 6. júní. Vodafone sá um netsamband á leikunum og lagði mikið kapp á að tryggja að samband væri sem best og víðast. Einnig voru keppendur, starfsfólk, sjálfboðaliðar og aðrir sem að leikunum komu í góðu sambandi með 4G SIM-kortum frá Vodafone.

Jafnréttisáætlun liður í starfsmannastefnu

25. júní 2015

Vodafone fékk samþykktu jafnréttisáætlun frá Jafnréttisstofu á vormánuðum. Jafnrétti er liður í starfsmannastefnu Vodafone og er áhersla lögð á að allir starfsmenn séu metnir að verðleikum og njóti jafnra tækifæra á vinnustaðnum.

Vodafone hefur markað sér jafnréttisáætlun í samræmi við ákvæði laga nr. 10/2008 sem á að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsmanna af báðum kynjum og að allir starfsmenn fái notið sín. Innan Vodafone starfar jafnréttisnefnd, skipuð þremur starfsmönnum af báðum kynjum, sem gegnir því hlutverki að fylgja jafnréttismarkmiðum fyrirtækisins eftir.



RETWEETS	Profile Picture	Text
83		galinaeinn: Next up: Lagó Miljón raddir. Fyrir hönd bjóðerinnar sem myndir blaða- og stjórnmálansens af raddir þessa eru óþægilegar: #12stig Tweeted to 4,111 people about 4 hours ago with 83 retweets and 2 replies
76		Dagurb: Ef Sviþjóð vinnar mátti ég í leðurboxum í vinnuna #12stig Tweeted to 4,492 people about 5 hours ago with 76 retweets and 4 replies
48		Dagurb: Auglýsi eftir leðurboxum í stærð 33/33 eða 50. Til notkunar á þriðjudag. #12stig #leihagkerfið #leifðenslótorð Tweeted to 4,552 people about 3 hours ago with 48 retweets and 2 replies



Þau símtæki sem Vodafone kaupir með þessum hætti eru send utan, þar sem þau eru endurunnin hjá fyrirtækjum sem sérhæfa sig í endurnýtingu og endurvinnslu á gömlum símtækjum. Þannig er tryggt að förgun síma er eins umhverfisvæn og hægt er.

Stjörnuþrim á Menningarnótt

22. ágúst 2015

Líkt og síðustu ár bauð Vodafone gestum Menningarnætur í Reykjavík upp á mikilfenglega flugeldasýningu.

Frelsi á reikning – nýjung fyrir fjölskyldufólk

9. júlí 2015

Vodafone kynnti um sumarið nýja þjónustu sem gerir farsímaáskrifendum kleift að skuldfæra sjálfvirka áfyllingu á frelsisnúmeri beint á mánaðarlega reikninginn.

Þjónustan hentar öllum farsímaáskrifendum sem greiða af númerinu sínu sjálfir og eru með frelsisnúmer á sínum vegum. Frelsi á reikning er því sérsniðið fyrir fjölskyldur þar sem foreldrar eru oftast með farsímaáskrift og börnin með frelsi. Þjónustan tryggir áhyggjulausa farsímanotkun barnsins og á sama tíma þurfa foreldrar ekki að muna eftir því að fylla reglulega á.

Þjónustan nær ekki aðeins yfir hefðbundnar frelsisáfyllingar fyrir símtöl og SMS heldur einnig áfyllingar á gagnamagni, sem fara beint á reikninginn í stað þess að þurfa að fara í gegnum áfyllingarferli í hvert sinn sem fyllt er á.



Seldu gamla símann upp í nýjan

14. júlí 2015

Um mitt sumar kynnti Vodafone nýja og umhverfisvæna leið fyrir fólk til að eignast nýtt símtæki. Viðskiptavinum, sem og öðrum, býðst nú að koma með símann sinn í næstu verslun Vodafone, fá tilboð í hann og nota söluverðið sem greiðslu upp í glænýjan síma. Með þessum hætti fæst inneign upp í nýja símann og Vodafone tryggir umhverfisvæna endurvinnslu á gamla símanum.

Þjónusta sem þessi hefur verið í boði um nokkurt skeið í helstu nágrannalöndum okkar og hefur reynst afar vinsæl hjá neytendum.

Til að fá greiðslu fyrir gamla símann þar hann að vera enn nothæfur, en það er misjafnt eftir símtækjum og ástandi þeirra hversu mikið fæst fyrir þau. Mest fæst fyrir síma í góðu ásigkomulagi en Vodafone tekur einnig við símtækjum sem eru orðin verðlaus og kemur þeim endurgjaldslaust í endurvinnslu.

sem að margra mati er hápunktur hátíðarhaldanna.

Þetta árið bar sýningin heitið Stjörnuþrim og var það danshöfundurinn Sigga Soffía sem stýrði sýningunni af sinni alkunnu snilld. Með Stjörnuþrimi lokaði Sigga Soffía þrileik flugeldasýninga sinna byggðra á dansi.

Mikið púður fór í sýninguna, en yfir 1.000 bombum var skotið upp auk fjölda skotkaka. Áhorfendum gafst tækifæri til að taka þátt í sýningunni á þeim tímupunkti þegar þoka myndaðist úr flugeldum í nágrenni skotstaðarins í Hörpugrunni. Áhorfendur kveiktu þá á flassi snjallsíma sinna og myndaðist þannig nokkurs konar stjörnuþoka.

Að þessu sinni var dansverkið tvískipt. Flugeldarnir áttu sviðið á Menningarnótt, en í október endursköpuðu Íslenski dansflokkurinn og Sigga Soffía flugeldasýninguna á Stóra sviði Borgarleikhússins undir heitinu OG HIMINNINN KRISTALLAST. Þar voru dansarar í hlutverkum flugelda og túlkuðu sömu sviðsmyndir, snið og form og sýnd voru í Stjörnuþrimi á Menningarnótt.

Fréttir úr starfseminni

September – desember



Flóttamannabúðir í Kringlunni

8. október 2015

Fimmtudaginn 8. október var efnt til sýningar í Kringlunni á myndinni „Clouds over Sidra“. Sýningin var á vegum Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, í samstarfi við Vodafone. Í henni var notast við nýjustu þrívíddartækni og lagði Vodafone UNICEF til þrívíddargleraugu til að sýna myndina, en Vodafone hefur stutt starf UNICEF um árabíl með margvíslegum hætti.



Gestum og gangandi gafst þarna tækifæri til að kynna sér lífið í flóttamannabúðum í Jórdaníu með aðstoð sýndarveruleika. Í myndinni hittir fólk fyrir Sidru, 12 ára flóttastúlku frá Sýrlandi. Sidra hefst við í Za'atari-flóttamannabúðunum í Jórdaníu ásamt fjölskyldu sinni, en hún er eitt fjölda barna sem UNICEF vinnur með á hverjum degi. Leiðir hún fólk með sér um búðirnar þar sem hún býr, í skólann, út á fótboltavöll, í heimsókn til fjölskyldunnar og víðar. Myndin var unnin fyrir Sameinuðu þjóðirnar, í samstarfi við Samsung, og var frumsýnd á World Economic Forum í Davos.

Back to the Future II var frumsýnd árið 1989 og sló í gegn, rétt eins og fyrri myndin og sú þriðja þar á eftir. Saman mynda Back to the Future myndirnar einn vinsælasta kvikmyndapríleik sögunnar.

Vodafone lét þennan stórvíðburð í kvikmyndasögunni ekki framhjá sér fara og bauð viðskiptavinum sínum upp á sérstakan Back to the Future flokk í Leigunni. Viðskiptavinir með sjónvarpsþjónustu Vodafone gátu þar horft á allar myndirnar þrjár og Back to the Future II á hárréttum tíma.

Enn betra RED Family


5. nóvember 2015

Í byrjun nóvember var innifalið gagnamagn í RED Family þjónustuleiðinni aukið verulega, sem gerir þessa frábæru þjónustu enn betri. RED Family er í boði fyrir alla fjölskyldumeðlimi þeirra sem eru í Vodafone RED. Viðskiptavinur með RED Family fær ótakmörkuð símtöl og SMS innanlands, auk ákveðins gagnamagns.

Áður deildist RED Family gagnamagnið sem fylgdi aðal RED-áskrift heimilisins á milli allra Family-áskrifta á heimilinu, en nú bætist við jafn mikið gagnamagn og fylgir aðalnúmerinu með hverri Family-áskrift. Það besta er að verð áskriftarleiddanna helst óbreytt, þrátt fyrir þessa breytingu.

Aukið gagnamagn og lægri kostnaður í RED Pro

Breytingarnar á inniföldu gagnamagni í RED Family þjónustuleiðinni náðu einnig



Framtíðin kom loks

21. október 2015

Miðvikudaginn 21. október 2015 ferðuðust Marty McFly, tilvonandi eiginkona hans Jennifer Parker og vísindamaðurinn Dr. Emmet Brown í DeLorean frá árinu 1985 í tímafélunni sinni, til vorra tíma.

til þeirra viðskiptavina sem eru með fyrirtækjaáskriftina RED Pro, þ.e. þegar fyrirtæki greiðir fyrir farsímanotkun starfsmanns.

Í þeim tilvikum getur fjölskylda starfsmannsins fengið RED Family, en með örlítið öðruvísi útfærslu á gagnamagni, því

Family-númerin deila ekki gagnamagn með aðaláskriftinni.

Áður greiddu áskrifendur RED Family númera sem tengdust RED Pro viðbótargjald fyrir gagnamagn. Núna fær Family númerið jafn mikið gagnamagn og fylgir aðaláskriftinni, án viðbótarendurgjalds.



Samnýting dreifikerfa

29. október 2015

Í kynningu á ársfjórðungsuppgjöri sínu þann 29. október 2015 lýsti Vodafone því yfir að samningur um samrekstur á farsímadreifikerfum með Nova hefði tekist og myndi samreksturinn hefjast 1. nóvember, sama ár. Sérstakt félag, Sendafélagið ehf., var stofnað í kringum samreksturinn og stjórnarmeðlimir félagsins skipaðir. Engin breyting yrði á samkeppni félaganna á fjarskiptamarkaði, þar sem samreksturinn myndi einungis varða sameiginlegt eignarhald dreifikerfisins.

Samrekstrarformið byggir á erlendi fyrirmynd og skilar öflugra farsímakerfi fyrir viðskiptavinum félaganna beggja, með tilheyrandi hagræðingu í rekstri. Vodafone áætla sparnað í fjárfestingum upp á rúmlega 0,3% af veltu félagsins frá árinu 2016.

Viðskiptavinir Vodafone munu því njóta enn betri farsímaþjónustu, samhliða þeim jákvæðu fjárhagslegu áhrifum sem af samrekstrinum hljóstast.



RED Young fyrir enn fleiri

12. nóvember 2015

Vodafone kynnti breytingar á skilmálum RED Young sem gerði enn fleirum kleift að nýta sér þessa vinsælu og hagkvæmu þjónustu. RED Young gerir foreldrum sem eru í Vodafone RED kleift að veita börnum sínum og ungmennum ótakmörkuð símtöl og SMS auk 50 MB gagnamagns á mánuði, án viðbótargjalds.

Áður bauðst þjónustan börnum og ungmennum áskrifenda að 18 ára aldri, en þann 12. nóvember 2015 hækkaði aldurstakmarkið í 25 ár. Eins var þjónustan áður takmörkuð við að einungis tvö börn eða ungmenni gátu fengið RED Young fyrir hverja RED-áskrift. Með fyrrnefndri breytingu var þakið tekið af fjöldanum þannig að öll börn og ungmenni á heimili RED áskrifenda geti fengið RED Young.

Auðveldari síma kaup hjá Vodafone

18. desember 2015

Í lok árs bauð Vodafone viðskiptavinum sínum upp á nýja og auðveldari leið til að greiða fyrir vörur í verslunum Vodafone.

Með Greiðsludreifingu Vodafone (GDV) býðst viðskiptavinum að dreifa greiðslum yfir 3-24 mánuði. Dreifingin er vaxtalaus og

fer á mánaðarlega fjarskiptareikninginn. Því er ekkert seðilgjald greitt fyrir þjónustuna, einungis hóflegt lántökugjald í upphafi. Allir viðskiptavinir Vodafone sem hafa verið í viðskiptum í að lágmarki 6 mánuði, og eru í skilum, geta nýtt sér GDV Vodafone.

Helsti styrkleiki GDV Vodafone er sveigjanleikinn því hægt er að dreifa greiðslu umfram 20.000 kr. fyrir allar vörur sem Vodafone selur í verslunum sínum, ekki eingöngu fyrir ákveðin símtæki. Viðskiptavinur ræður hversu mikið greitt er út, hversu miklu er dreift og greiðslutímanum. Eins geta þeir sem fá símastyrk frá fyrirtæki sínu nýtt GDV til að kaupa dýrari síma en sem nemur styrknum.

Jólin voru innihaldsrík

23. nóvember 2015

Vodafone setti saman innihaldsríkan og spennandi jólapakka sem fylgdi með vel völdum snjallsímum. Í jólapakkanum var veggja mánaða áskrift að Vodafone PLAY M



sjónvarpsáskriftinni, auk 5 GB gagnamagns fyrir símann á mánuði í tvo mánuði.

Vodafone setti einnig upp glæsilegan jólavef og gaf út jólabækling þar sem viðskiptavinir gátu skoðað yfirlit yfir þá snjallsíma sem í boði voru með jólapakkanum, ásamt fleiri skemmtilegum jólagjafahugmyndum.



Sigurður Ingi Hauksson
deildarstjóri, radíó og þráðlaus aðgangur



Sjónvarpssendum fjölgaði úr 90 í um 290
á um 150 sendistöðum um allt land

Kaflaskil í íslenskri fjarskiptasögu

Kaflaskil urðu í íslenskri fjarskiptasögu þegar slökkt var á síðustu hliðrænu sendum RÚV snemma árs 2015. Þar með urðu útsendingar félagsins alfarið stafrænar um dreifikerfi sem Vodafone á og rekur og nær til 99,9% íbúa landsins.

Í kjölfar útboðs og síðan samnings við RÚV ohf., sem undirritaður var um mitt ár 2013, tókst Vodafone viðamikil uppbyggingar- og rekstrarverkefni á hendur, þ.e. uppbygging landsþekjandi sjónvarpsdreifikerfis ásamt rekstri landsþekjandi útvarpsdreifikerfa. Ótulllega var unnið að verkefninu næsta ríflega eina og hálfu árið og gerðu tæknimenn Vodafone víðeist um landið þvert og endilangt. Endahnúturinn var síðan bundinn á uppbygginguna 2. febrúar 2015 þegar Ólöf Nordal innanríkisráðherra slökkti alfarið á síðustu hliðrænu sjónvarpssendum RÚV í fjarskiptastöðinni að Vatnsenda.

Segja má að verkefnið skiptist í fjóra meginþætti:

- Uppbygging á stafrænu sjónvarpsdreifikerfi í lofti, aðgengilegu fyrir a.m.k. 99,8% skilgreindra þjónustupunkta um allt land.
- Niðurtaka eldra hliðræns dreifikerfis RÚV sem slökkt yrði á í nokkrum áföngum.
- Rekstur liðlega 190 FM-útvarpsenda RÚV, dreifikerfis Rásar 1 og Rásar 2, á um 100 sendistöðum.

- Rekstur tveggja langbylgjusenda RÚV, staðsettra á Gufuskálum á Snæfellsnesi og á Eiðum á Héraði.

Uppbyggingu stafræns sjónvarpsdreifikerfis í lofti lauk um áramótin 2014/2015. Þá hafði kerfið verið stækkað úr um 90 sjónvarpssendum í um 290 senda á um 150 sendistöðum. Sem dæmi var sendistöðum sjónvarpsútsendinga Vodafone fjölgað um 70 sem er tæplega tvöföldun á umfangi. Markmið samningsins um dreifingu náðist og gott betur en dreifing nýja kerfisins nær til yfir 99,9% landsmanna.

Sjónvarpsdreifileiðin í dag

Valið var að bjóða upp á lausn byggða á DVB-T og DVB-T2 tækni. DVB-T tæknin er útbreiddasta og mest nýtt sjónvarpsdreifileið á landi í heiminum í dag, sér í lagi hjá fjölmiðlum í almannaeygu þar sem hún gerir ekki kröfu til viðbótarkostnaðar hjá notendum. Slík lausn tryggði að öll sjónvarpstæki með innbyggðum stafrænum móttakara gátu strax náð grunndreifingu, þ.e. RÚV og helstu áskriftarstöðvum. Einnig var boðið upp á nýjustu dreifingartæknina í lofti, DVB-T2, sem nú ryður sér til rúms víða í sjónvarpsdreifingarheiminum. Þessi tækni gerir dreifingaraðilum kleift að dreifa mun fleiri sjónvarpsrásum eða bandbreiðari eins og sjónvarpsrásum í HD og jafnvel 4K gæðum um loftið til viðskiptavina þegar fram líða stundir.



Í kjölfar slökkvunarinnar hófst næsti fasi verkefnisins sem nær til niðurtektar á eldra kerfi RÚV en kerfið var rekið á tæplega 180 sendum á jafnmörgum stöðum. Þegar er búið að taka niður um 75% þess kerfis og búið við að þessu verkefni ljúki á árinu 2016.

Samhliða uppbyggingar- og niðurtektarhlutum verkefnisins hefur Vodafone síðan í apríl 2013 borið ábyrgð á viðhaldsþjónustu útvarpsdreifikerfa RÚV, bæði FM og langbylgjudreifingu. Mikil ábyrgð fylgir slíkum rekstri sem hefur gengið vel en skilgreind þjónustumarkmið eru í samningnum.

Aukin þjónusta og meira öryggi

Nýja dreifikerfið nær til 99,9% landsmanna og er því langstærsta sjónvarpsdreifikerfi landsins auk þess sem það býður upp á stórbætt myndgæði í útsendingum. Að auki

getur RÚV nú sent út til þjóðarinnar allrar á fleiri sjónvarpsrásum, þar af einni í háskerpu. Fleiri einkastöðvar eru sendar út um stafræna kerfið og hefur fjöldi heimila í dreifðari byggðum landsins því nú í fyrsta sinn beinan aðgang að fleiri sjónvarpsstöðvum en RÚV, og getur því nú í fyrsta sinn horft á fjölrása sjónvarp í góðum stafrænum gæðum. Að auki er fjöldi útvarpsstöðva einnig sendur út um nýja kerfið auk útvarpsrása RÚV. Nýja dreifikerfið felur einnig í sér að fólk á ferðalögum, í sumarhúsum og jafnvel húsbílum hefur nú aðgang að því án þess að þurfa að leggja út í annan aukakostnað. Af viðbrögðunum að dæma hefur breytingin mælst einstaklega vel fyrir hjá neytendum sem geta nú bæði notið opinnar dagskrár RÚV yfir nýtt kerfi auk þess að geta valið að kaupa sér sjónvarpsáskriftir annarra dagskrárveitna.

Með lokun hliðræna kerfisins komst Ísland í stóran hóp Evrópuríkja sem þegar hafa aflagt útsendingar með gamla laginu, sem er fagnaðarefni. Nýtt kerfi er ekki einungis öruggara en hið gamla – það nýtir auk þess mun minni orku, er á allan hátt nútímalegra og eftirlit með því auðveldara auk þess sem það býður landsmönnum upp á stórbætt gæði útsendinga og meira úrval sjónvarpsefnis, um allt land.



Öflug uppbygging dreifikerfa til sjós og lands

Allt frá því Vodafone hóf uppbyggingu á 4G sendum árið 2013 hefur fyrirtækið verið brautryðjandi í útbreiðslu 4G tækninnar – bæði til sjós og lands.

Vodafone er leiðandi á Íslandi í notkun hins langdræga 4G tíðnibands á 800 MHz sem gefur viðskiptavinum félagsins framúrskarandi upplifun við notkun gagnaflutnings í farsímakerfunum. Rík áhersla hefur verið lögð á að nýta þetta langdræga tíðniband, og forskotið sem í því felst, til hins ítrasta og hefur félagið þannig náð gríðarlegum árangri með mikilli og hagstæðri uppbyggingu.


Í árdaga uppbyggingar 4G dreifikerfis félagsins var áhersla í fyrstu lögð á að tengja sumarhúsasvæðin á Suðurlandi og Borgarfjarðarsvæðinu, ásamt stærstu þéttbýliskjörnunum. Eftir því sem uppbyggingu kerfisins vatt fram hefur áhersla einnig verið lögð á háhraðasamband á ferðamannstöðum og sjódekkun. Í lok árs 2015 voru öll helstu fiskimið landsins orðin dekkuð ýmist með

3G eða 4G sambandi. Í dag veitir Vodafone úrvals gagnþjónustu yfir farsímakerfi (3G/4G) í öllum byggðakjörnum með yfir 100 íbúa og á helstu ferðamannstöðum á landinu, auk öflugs sjósambands kringum landið.


Um langa hríð hefur Vodafone starfrækt afar öflugt og traust GSM (2G) kerfi sem dekkar landið landshorna á milli, hvort



Bragi Birgisson
tæknifræðingur, radíó og þráðlaus aðgangur



Háhraðagagnasamband Vodafone yfir farsímakerfi 3G/4G.



GSM dekkun Vodafone, ásamt 3G/4G dekkun.

heldur sem er til sjós eða lands. GSM dekkun félagsins á hálendinu hefur einnig vakið verðskuldaða athygli ferðlanga þar, jafnt sleðamanna að vetri sem erlendra ferðamanna á sumrin. Einnig hafa vísindamenn notast við kerfi Vodafone við mælingar á skjálftavirkni á fjarlægum stöðum sem dæmi. Viðbragðsaðilar eins og Landsbjörg hafa einnig valið farsímakerfi Vodafone til að nota við misalvarlegar aðstæður á krefjandi svæðum vítt og breitt um og við landið.

Framundan hjá Vodafone er endurnýjun farsímasenda á höfuðborgarsvæðinu. Munu viðskiptavinir koma til með að finna fyrir mikilli þéttingu 3G og 4G sambands í kjölfarið á þeirri endurnýjun. Áfram verður einnig unnið ötullega að stækkun og þéttingu 3G og 4G farsímakerfa félagsins á landsbyggðinni og munu enn fleiri þéttbýlisstaðir komast í 4G þjónustu á árinu 2016.



Öflug þjónusta við fyrirtæki

Góður gangur var hjá fyrirtækjþjónustu Vodafone á árinu 2015. Öflugir nýir viðskiptavinir bættust í hópinn og ánægjulegir endursamningar tókust við lykilviðskiptavini. Uppbygging langdrægs háhraðasambands út yfir miðin í kringum landið mælist vel fyrir.

Starf fyrirtækjþjónustu Vodafone var áfram öflugt á árinu 2015 og hélst það ekki síst í hendur við kröftuga uppbyggingu innviða félagsins undanfarið. Uppbygging á langdrægu 4G sambandi út á miðin gegndi þar veigamiklu hlutverki og hélt sjávarútvegsfyrirtækjum ört áfram að fjölga í hópi viðskiptavina. Í lok árs voru um 20 útgerðir komnar í þjónustu hjá Vodafone, stórar sem smáar. Þetta er mikil breyting þar sem nánast engar útgerðir voru í þjónustu hjá fyrirtækinu í upphafi árs. Skinney Þinganes, Nesfiskur og Einhamar eru öll dæmi um öfluga aðila sem skrifuðu undir fjarskiptasamning við Vodafone á árinu. Hafa starfsmenn fyrirtækjasölu fundið fyrir miklum velvilja hjá útgerðarfyrirtækjum og er greinilegt að þessi þjónusta mælist vel fyrir.

Sjónir fyrirtækisins beindust einnig að litlum og meðalstórum fyrirtækjum á árinu auk þess sem ánægjulegir endursamningar

tókust við lykilviðskiptavini á borð við Landspítalann, Landhelgisgæsluna, N1, Advania, Actavis, Reykjavíkurborg, Akureyrarkaupstað og fleiri.

Markmiðum náð og nýjar vörur

Eins og aðrar deildir tók fyrirtækjþjónusta fullan þátt í 4DX vinnu félagsins á árinu. Markmið náðust og með góðum árangri en þau sneru m.a. að sölu þjónustubátta og ánægju viðskiptavina.

Ýmsar áhugaverðar nýjungar voru ennfremur kynntar viðskiptavinum fyrirtækisins á árinu. Þar helst að nefna sölu á Office 365 hugbúnaðinum en Vodafone er nú viðurkenndur Microsoft Partner. Eftir ítarlegt innleiðingarferli, sem mikið til var unnið í samvinnu við Vodafone Group, hófst kynning og sala í lok árs. Hafa undirtektir verið jákvæðar og þegar þessi orð eru skrifuð hafa fyrstu fyrirtækin þegar stofnað eða flutt leyfi sín til Vodafone. Sjá

nánar um Office 365 í samnefndum kafla á bls. 40.

Á árinu var þróun, kynning og sala á M2M (e. Machine to Machine) lausnum Vodafone einnig í fyrirrúmi enda mikil vakning í þessum efnum með sífellt meiri snjallvæðingu hlutanna. Óhætt er að segja að markaðurinn taki vel í þær lausnir sem í boði eru og fylgist vel með þeim möguleikum sem tæknin getur og mun bjóða upp á. Eru miklar vonir bundnar við M2M þjónustu á fyrirtækjasviði, en með henni geta fyrirtæki sem dæmi fylgst með vörum, búnaði og húsnæði í rauntíma hvar sem þau eru stödd í heiminum. Vodafone Group er leiðandi í þessari þjónustu og nýtur Vodafone á Íslandi og viðskiptavinir félagsins góðs af þeirri stöðu. Komið hefur fram að greiningaraðilar telja að M2M verði einn af helstu vaxtarbroddum fjarskiptamarkaðarins á komandi árum og því spennandi tímar framundan á þessu sviði.

KAP VE-004 við Bjarnarey, Vestmannaeyjum.
Útgerð: Vinnslustöðin hf.

VODAFONE TEKUR ÞÁTT Í STARFI ÍSLENSKA SJÁVARKLASANS

Á árinu 2015 gerðist Vodafone aðili að samstarfsvettvangi Íslenska sjávarklasans en aðild eiga ýmis fyrirtæki og stofnanir í starfsemi sem tengjast hafinu á mismunandi hátt. Þátttaka í starfi Sjávarklasans samrýmist vel áherslu fyrirtækisins á öflugra þjónustu og samstarf við sjávarútveginn, og var aðild því kjörið skref sem styður við stefnu þess.

Uppbygging 4G háhraðasambands út á miðin hefur verið mikilvægur hluti af þeirri stefnu Vodafone að veita Íslenskum sjávarútvegi afburða þjónustu, með öflugra sambandi út á miðin auk þess sem það stuðlar að auknu öryggi sjófarenda. Ýmis tækifæri fylgja þátttöku í starfi Sjávarklasans, meðal annars í þróun þjónustuframboðs og nýrra lausna fyrir sjávarútveginn og hafa starfsmenn frá Vodafone þegar hafið þátttöku í starfi klasans.



Reynir Leósson
deildarstjóri, fyrirtækjasala



Frá undirritun samstarfssamnings Vodafone og Sjávarklasans. Þór Sigfússon, stofnandi og framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans, og Stefán Sigurðsson, forstjóri Vodafone.



Öflug uppbygging Vodafone Sjónvarps – Vodafone PLAY kynnt til leiks

Ötullega hefur verið unnið að uppbyggingu sjónvarpsþjónustu Vodafone undanfarin misseri, innviðir styrktir og grunnkerfi efld. Allt miðar þetta að því að svara eftirspurn áhorfenda – ekki síst eftir ólínulegu afþreyingarefni.

Nýtt og betra Vodafone Sjónvarp

Rík áhersla var lögð á að styrkja og efla sjónvarpsþjónustu Vodafone á árinu 2015 og voru ýmsar nýjungar kynntar. Þeirra á meðal má nefna fyrstu íslensku efnisveituna, Vodafone PLAY, sem nánar er fjallað um á næstu síðu.

Í september urðu notendur gagnvirks sjónvarps félagsins áþreifanlega varir við breytt og bætt viðmót og virkni Vodafone Sjónvarps. Breytingin var liður í áframhaldandi uppbyggingu sjónvarpsþjónustunnar, bæði á sviði viðmóts og efnis, sem hélt áfram af krafti á árinu og ekki sér fyrir endann á. Bætt

sjónvarpsþjónusta skartaði ekki einungis breyttu og einfaldara notendaviðmóti, heldur einnig ýmsum tæknilegum endurbótum sem gera sjónvarpið bæði snarpara og fjölhæfara en áður. Þá hefur úrval afþreyingar í þjónustunni aldrei verið meira.



Daníel Traustason
vöruþróunarstjóri afþreyingar
og einstaklingslausna

Vodafone PLAY appið kynnt

Á sama tíma og hliðrað áhorf á sjónvarp hefur aukist stórum, rétt eins og umsvif efnisveitna, gera viðskiptavinir í auknum mæli ráð fyrir að geta horft hvar og hvenær sem er, á það efni sem þeim hentar. Undir lok árs kynnti félagið Vodafone PLAY appið á markað – nýtt sjónvarpsapp fyrir snjallsíma og spjaldtölvur. Með appinu geta áhorfendur horft á línulegar sjónvarpsútsendingar, notað tímavél til að flakka í dagskránni, pantað frelsisefni sjónvarpsstöðvanna og horft á kvikmyndir og barnaefni í áskriftarveitunni Vodafone PLAY. Þannig gerir appið að verkum að ekki þarf lengur að binda sig yfir sjónvarpstækini, heldur er hægt að horfa þegar hentar í gegnum snjalltækið.

Appið er í stöðugri þróun en það er í boði fyrir bæði Android og iOS snjalltæki og fánlegt án endurgjalds.

Vodafone PLAY – fyrsta íslenska efnisveitan

Á árinu 2015 kynnti Vodafone til sögunnar Vodafone PLAY, fyrstu íslensku áskriftarveituna fyrir alla fjölskylduna. Um allan heim hafa vinsældir slíkra áskriftarveitna farið stigvaxandi undanfarin ár en þekktust þeirra er sem kunnugt er hin vinsæla Netflix. Með krókaleiðum hefur verið hægt að nálgast hana hér á landi um skeið og augljóst á aðsókninni að Íslendingar virtust afar áhugasamir um slíka þjónustu. Vodafone PLAY er fyrsta efnisveitan sinnar tegundar hér á landi sem er sérhönnuð fyrir íslenskan markað. Hundruð kvikmynda, íslenskra sem erlendra, talsett barnaefni, tónleikar og lesnar sögur eru þar til taks fyrir fjölskyldur með aðeins einum takka á fjarstýringunni. Áskrifendur greiða eitt fast mánaðargjald

fyrir aðgang að veitunni og eru þá með eigin leigu heima í stofu þar sem þeir geta horft á það sem þá langar, hvenær sem þeim hentar.

Viðskiptavinir hafa tekið Vodafone PLAY opnum örmum og ljóst að eftirspurn eftir slíkri þjónustu, án krókaleiða, var klárlega fyrir hendi. Þegar þetta er ritað eru áskrifendur að þjónustunni ríflega átta þúsund talsins.

Cirkus og Hopster bætast í flóruna

Vodafone PLAY var ekki eina áskriftarveitan sem Vodafone kynnti til leiks á árinu en til viðbótar samdi félagið einnig við tvær breskar efnisveitur – Cirkus og Hopster.

Cirkus er eins og áður segir bresk efnisveita, að hluta til í eigu sjónvarpsrisans ITV. Í efnisúrvali sínu leggur Cirkus áherslu

Fyrsta íslenska efnisveitan



á hágæða drama- og spennuþætti líkt og Bretum er einum lagið að framleiða. Vinsældir breskra þáttaraða hafa löngum verið miklar hér á landi en einungis brot af framleiðslu þeirra skilað sér á skjái landsmanna. Áskrifendur að Cirkus fá nú heilu þáttaraðirnar í einu og geta horft á þær allar á þeim hraða sem þeir sjálfir kjósa. Á meðal efnis sem finna má í úrvali Cirkus má sem dæmi nefna verðlaunapáttaröðina White Queen, sem ekki hefur verið sýnd í íslensku sjónvarpi áður, og Poldark með íslensku leikkonunni Heiðu Rún Sigurðardóttur í aðalhlutverki.

Barnaefnisveitan Hopster er önnur glæsileg viðbót við sjónvarpsþjónustu Vodafone sem kynnt var á árinu. Óhætt er að segja að Hopster hafi slegið í gegn frá því þjónustan fór fyrst í loftið síðla árs 2013. Hopster inniheldur frábært barnaefni fyrir 2 til 6 ára börn ásamt þroskandi leikjum, sem örva sköpunargleði og þroska yngstu kynslóðarinnar á fyrstu árunum. Mjög er vandað til verka hjá efnisveitunni og

sem dæmi er þar ávallt stuðst við álit og þekkingu fjölmargra barnasálfræðinga og þroskarpjálfa við þróun efnisframboðs. Koma þeir meðal annars að því að útbúa svonefnda Hopster-námsskrá. Allt efni sem boðið er upp á í efnisveitunni þarf þannig að uppfylla ströng skilyrði og er enginn afsláttur gefinn í þeim efnum.


Von er á skemmtilegri viðbót við Hopster á fyrsta ársfjórðungi 2016 þegar Hopster-app-ið verður kynnt til leiks. Appið er svokallað „stafrænt leikherbergi“ þar sem börnin geta vafrað um í öruggu, auglýsingalausum umhverfi þar sem þau geta valið um að horfa á sjónvarpsþætti, teiknað og leikið sér í þroskandi leikjum. Appið hjálpar börnum m.a. við fyrstu skref stærðfræðinnar auk þess að hjálpa þeim að æfa sig í að skrifa. Appið sendir foreldrum einnig mánaðarlegar skýrslur þar sem farið er yfir mánuðinn, bæði leiki og áhorf barnsins, sem gefur foreldrunum yfirsýn yfir það hvað barnið sýslar í forritinu án þess að fari á milli mála. Þannig er leitast við

að gera skjáttíma barnanna eins skilvirkan og kostur er í tæknivæddum heimi.

Auk þess sem Cirkus er aðgengileg áskrifendum með gagnvirkt Vodafone Sjónvarp geta þeir líka horft á efni hennar í Vodafone PLAY appinu. Úrval Hopster verður einnig aðgengilegt áskrifendum þar á þessu ári.

Enn fleiri erlendar stöðvar

Erlendar stöðvar eru ekki síst mikilvægur hluti sjónvarpsframboðs Vodafone og áhersla lögð á að bjóða viðskiptavinum ávallt glæsilega stöðvapakka á samkeppnishæfu verði. Fjölmargir áhugaverðir erlendir pakkar eru í boði, sem innihalda allt frá 7 og upp í 60 stöðvar, þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Á dögnum var ennfremur gengið frá samningum við risana BBC og Discovery um dreifingu stöðva þeirra yfir kerfi Vodafone. Veita þeir samningar viðskiptavinum Vodafone aðgang að enn glæsilegra stöðvaframboði næstu árin. Líkt og með flestar aðrar



erlendar stöðvar í úrvali Vodafone verður bæði í boði að horfa á þessar stöðvar á hefðbundinn hátt og í háskerpu. Tímavélin verður einnig til staðar, sem og Frelsi, en þessi þjónusta hefur ekki verið í boði áður hér á landi fyrir þessar vinsælu stöðvar.

Markmiðið er öllum stundum að gera áhorf viðskiptavina sem þægilegast og einfaldast, þannig að þeir geti horft á hvaðeina sem þá langar, hvar og hvenær sem er.





Áhyggjulaust háhraða samband utan landsteinanna

Áfram var lögð áhersla á að stuðla að áhyggjulausri farsímanotkun viðskiptavina Vodafone á ferð og flugi á árinu 2015. Vinsældir EuroTraveller og USA Traveller reikiþjónustu félagsins héldu áfram að aukast. Vodafone varð einnig fyrst íslenskra fjarskiptafélaga til að bjóða 4G reikiþjónustu á ferðalaginu.

Um nokkurt skeið hefur Vodafone lagt áherslu á að heimfæra áhyggjuleysi og einfaldleika á farsímanotkun viðskiptavina á ferðalögum utan landsteinanna. Kynning EuroTraveller og USA Traveller þjónusta félagsins á markað síðastliðin ár var skref í þessa átt og hafa viðtökur verið


einstaklega góðar. Báðar virka þessar þjónustur þannig að fyrir hóflegt daggjald lækkar kostnaður við farsímanotkun í landinu sem dvalist er í verulega, sér í lagi við gagnaflutning. EuroTraveller þjónustan er nú í boði í tæplega 40 löndum Evrópu og USA Traveller nafninu samkvæmt í Bandaríkjunum auk Kanada.

Fyrst með 4G reiki fyrir ferðamenn

Vodafone á Íslandi varð fyrst íslenskra fjarskiptafyrirtækja til að bjóða hérlendum ferðamönnum, á ferð um valin lönd erlendis, og erlendum ferðalögum frá þessum sömu löndum á leið um Ísland, 4G þjónustu á ferðalaginu síðastliðið



4G



vor. Markmiðið með þjónustunni er að viðskiptavinir upplifi sem hraðvirkasta og besta gagnatengingu í snjallsímum og spjaldtölvum á ferðalaginu. Með því að skrá sig í EuroTraveller og USA Traveller þjónustur félagsins geta viðskiptavinir jafnframt notið enn betri kjara í bæði símtölum og gagnamagni í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada.

Umfang 4G reikþjónustu Vodafone á Íslandi jókst hratt undanfarið ár og fjölgaði löndunum þar sem viðskiptavinir félagsins á ferð geta verið í háhraða 4G sambandi ört. Einn vinsælasti áfangastaður Íslendinga, Danmörk, bættist m.a. í hópinn undir lok árs og voru löndin þar sem þjónustan er í boði því alls orðin 24 talsins.

Þessi hraði vöxtur er ekki síst tilkominn í krafti alþjóðlegs samstarfs við Vodafone Group. Sýnir þetta glögg þann styrk sem fylgir því að eiga náið tæknilegt samstarf við eitt stærsta farsímafyrirtæki heims. Áfram verður unnið að því að útvíkka og efla þessa þjónustu á árinu 2016, viðskiptavinum til hagsbóta.



Öflugasta internetið hjá Vodafone

Á nýliðnu hausti tók Vodafone enn eitt skrefið í að bæta upplifun viðskiptavina þegar farið var að bjóða upp á hröðustu nettengingu landsins í samstarfi við Gagnaveitu Reykjavíkur (GR) – 500 Mbps yfir ljósleiðara – mesta hraða sem í boði er í internetþjónustu til heimila. Til viðbótar kynnti félagið einnig við sama tilefni möguleikann á ótakmörkuðu gagnamagni.

Mikil fjölgun nettengdra tækja á heimilum fólks krefst sífellt aukins hraða þar sem öll þessi tæki keppast um þá bandvídd sem í boði er. Sem dæmi má nefna að háskerpustreymi eins og hjá Netflix tekur

mikla bandvídd og netupplifun viðskiptavina gæti því ekki verið eins og þeir helst kjósa.


Nýr öflugur endabúnaður í sölu

Um svipað leyti og fyrrnefndar nýjungar voru kynntar á markað innleiddi félagið einnig glænýjan endabúnað fyrir viðskiptavini. Mikil og nákvæm vinna var lögð í val hans, meðal annars þurfti að gera á honum ófá prófin til að fá fullvissu um að hann stæðist ítrustu kröfur enda markmiðið ávallt að skila viðskiptavinum sem bestri upplifun af netinu. Niðurstaðan var Huawei netbeinir sem hefur fengið einstaklega góða dóma bæði frá fagaðilum og viðskiptavinum.

Ekki verður látið þar við sitja en nú í byrjun árs 2016 var greint frá samstarfi Vodafone við GR um 1 Gbps tengingar. Í samvinnu við GR mun Vodafone þannig halda áfram að vinna að því að auka gæði í internetþjónustu. Hafa félögin nýverið hafið prófanir á 1 Gbps tengingum þegar þetta er ritað og munu heimilum standa þær til boða frá haustmánuðum árið 2016.



Erling Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur, og Stefán Sigurðsson, forstjóri Vodafone, takast í hendur vegna samstarfs um prófanir á 1 Gbps tengingum.



M2M

Tækin töluðu meira saman

Ýmislegt bendir til að helstu sérfræðingar heims hafi haft rétt fyrir sér og að tækin hafi talað saman fyrir alvöru á árinu 2015. Allavega sjáum við töluverða aukningu í notkun M2M (e. Machine-to-Machine) tækninnar hjá okkur og mjög aukinn áhuga á tækninni. Sérfræðingar búast við að M2M þjónustur verði helsti vaxtarbroddur fjarskiptafyrirtækja á næstu árum. Spár gera ráð fyrir að allt að 50 milljarðar tækja verði tengdir á árinu 2020 og eftir síðasta ár er sú spá líklegri en ekki til að verða að veruleika.

Hjá Vodafone höfum við lagt okkar lóð á vogarskálarnar en við höldum ótrauð áfram að kynna og hvetja fólk og fyrirtæki til að nota M2M lausnir á árinu 2015 sem aldrei fyrr.

Í upphafi árs styrkti félagið og tók þátt í Startup Iceland ráðstefnunni, sem fram fer í maí ár hvert. Áhersla Vodafone þar var að kynna Hackathon og hvetja fólk til þátttöku í að vinna með gögn úr ökurita bifreiða. Hópar sátu að störfum yfir eina helgi, sumir án svefns, og unnu að lausnum sínum. Útkoman var áhugaverðar lausnir og úr varð að stofnað var nýsköpunarfyrirtæki með áherslu á lausnir fyrir bílaleigur og grænar lausnir fyrir aðra bílnotendur.

En við gerðum meira á árinu til að veita nýsköpunarfyrirtækjum og frumkvöðlum brautargengi. Á haustmánuðum fór af stað viðskiptahraðallinn Startup Tourism sem Vodafone er stofnaðili og þátttakandi að. Tilgangur hraðalsins er

að ýta undir nýsköpun í ferðaþjónustu á landsbyggðinni utan háannatíma. Til kynningar á verkefningu voru haldnar vinnustofur um land allt þar sem frumkvöðlum var boðið að koma og kynna sér hraðalinn ásamt því að fá aðstoð við hugmyndir sínar. Alls sóttu 74 um þátttöku í hraðlinum og voru 10 hugmyndir valdar úr. Á tímabilinu 1. febrúar til 15. apríl 2016 mun hraðallinn sjálfur fara fram undir dyggri handleiðslu Icelandic Startups sem hefur veg og vanda af framkvæmd hraðalsins.

Samstarf Vodafone á Íslandi við Vodafone Group getur reynst mikilvægt fyrir íslenska frumkvöðla. Vodafone Group er skilgreint með markaðslega leiðandi stöðu á M2M markaði í Evrópu. Hjá Vodafone hér á landi ætlum við



Ímyndið ykkur hvað það gæti falið í sér að snjallvæða landbúnað, borgir og bæi, smásölu, heimili, verksmiðjur, orkukerfi, flutninga, heilbrigðisþjónustu og upplýsingatækni – möguleikar M2M til framtíðar eru nánast óþrjótandi.

okkur að feta fast í fótspor þessarar góðu fyriryndar og vera leiðandi aðili í M2M þjónustu á Íslandi, þar sem nýsköpun og íslenskir frumkvöðlar geta spilað lykilhlutverk. Í dag bjóða viðskiptavinir Vodafone hér ýmsa M2M tengda þjónustu eins og greiðslumiðlanir, flotastýringu, ferilvöktun, hitastigsmælingar, fjar-mælingar og ýmsa aðra þjónustu. Vodafone hefur hug á því að vinna nánar með viðskiptavinum sínum, ásamt nýsköpunarflórunni á Íslandi, að framsæknum M2M lausnum. Með þetta að leiðarljósi buðum við hingað til lands í lok árs yfirmanni M2M mála Vodafone í Norður-Evrópu, Cyril Deschanel, sem hélt fyrirlestur á morgunverðarfundi á vegum Vodafone og VÍB. Í framhaldi af þeim fundi hefur félagið átt krefjandi og djúpt samtal við viðskiptavini um notkunarmöguleika M2M tækninnar. Fróðlegt verður að sjá hverju það skilar inn í árið 2016.



Startup Tourism er dæmi um nýsköpunarverkefni sem Vodafone styður. Um er að ræða samstarfsverkefni Icelandic Startups og Vodafone, Bláa lónsins, Isavia, Íslenska ferðaaklasans og Íslandsbanka





Office 365 í vöruúrval Vodafone

Vodafone var samþykkt sem endursöluaðili fyrir Microsoft Office 365 hugbúnaðarlausnina síðla árs 2015. Félagið er nú viðurkenndur Microsoft Partner – einn af endursöluaðilum Office 365 hér á landi. Samstarf við Vodafone Group var í lykilhlutverki við innleiðingu vörunnar í vöruúrval félagsins.

Innleiðing og sala á Office 365 hugbúnaðinum í vöruúrval Vodafone hófst síðari hluta árs 2015. Um er að ræða Office hugbúnaðinn sem svo margir þekkja en sem skýjalausn – með því mikla hagræði sem því fylgir.

Office 365 er spennandi vara sem hentar vel viðskiptavinum á fyrirtækjamarkaði. Gerir hún fyrirtækjum kleift að sameina fjarskipti starfsfólks og leysa grunnþarfir

í upplýsingatækni, með einni og sömu lausninni.

Ólík fyrirtæki hafa ólíkar þarfir og býður Vodafone þrjár mismunandi útgáfur af Office 365 sem svo er hægt að blanda við mismunandi útgáfur af Vodafone RED, en saman ganga þessar lausnir undir vörueitinu VODAFONE OFFICE og lausnirnar þrjár eru S, M og L.

Samstarf við Vodafone Group um innleiðingu

Við innleiðingu Office 365 í vöruúrval naut félagið góðs af reynslu og þekkingu Vodafone Group en verkefnið var unnið í nánu samstarfi við fjarskiptarisann sem býr að mikilli þekkingu og reynslu af slíkri innleiðingu meðal dótturfélaga og samstarfsaðila um allan heim.

Microsoft
CERTIFIED

Partner

Á meðal þess sem innleiðingarferlið fól í sér:

- Við innleiðinguna var sérstakt innleiðingarferli Vodafone Group haft til hliðsjónar, undir stjórn sérfræðings á þess vegum.
- Starfsfólk fyrirtækjasviðs fékk sérsniðna þjálfun í kynningu og sölu Office 365 lausna frá öðrum sérfræðingi á vegum Vodafone Group. Sérfræðingar frá Vodafone í Egyptalandi veittu síðan starfsfólki í framlínu frekari kynningu og kennslu á hugbúnaðinn, með framúrskarandi þjónustu við viðskiptavinum að markmiði.

- Við vörubróun var ennfremur stuðst við þekkingu og reynslu Vodafone Group af því að innleiða vöruna á öðrum samstarfsmörkuðum Vodafone.

Sala af stað og fyrstu uppsetningar

Sala á hugbúnaðarlausninni hófst í lok árs við jákvæðar undirtektir viðskiptavina. Höfðu fyrstu fyrirtækin fljótlega stofnað eða flutt Office leyfi sín yfir til Vodafone og verður spennandi að fylgjast með framhaldinu.



Víðtækasta ISO-vottun íslenskra fjarskiptafélaga

Fyrsta árlega endurúttekt ISO 27001 vottunar Vodafone fór fram á árinu og stóðst félagið hana með sóma. Staðfestist þar að stjórnkerfi fyrirtækisins fyrir upplýsingaöryggi samræmist áfram hinum alþjóðlega staðli. Vottunin tekur nú til alls fyrirtækisins og er sú víðtækasta hjá íslenskum fjarskiptafélögum.

Vottun Vodafone á Íslandi samkvæmt ISO 27001 staðlinum felur í sér formlega viðurkenningu á því að hjá félaginu sé upplýsingaöryggi stjórnað samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferlum og fagleg vinnubrögð viðhöfð í hvívetna. Vottunin tryggir jafnframt stöðugar umbætur í upplýsingaöryggismálum og veitir þannig jákvætt aðhald.

Vodafone hlaut upphaflega vottun samkvæmt ISO 27001 staðlinum í júlí 2014 að undangenginni formlegri úttekt, sem er endurtekin árlega. Endurvottunin

á árinu var hins vegar enn víðfeðmari en sú upphaflega. Nær vottunin nú líka til stjórnkerfis upplýsingaöryggis fyrir verslanir, sjónvarp, radíódeild, einstaklings- og heildsölu Vodafone – til viðbótar við farsíma-, landlínu- og netþjónustu fyrirtækisins áður.

Endurúttektin var í höndum The British Standard Institution (BSI), sem rýndi m.a. í vinnulag, virkni og ferla innan fyrirtækisins, þar á meðal vinnulag við skráningar, vinnslu, geymslu og eyðingu gagna auk fjölda annarra þátta í starfsemiinni.

Víst er að áherslan á upplýsingaöryggismál er viðvarandi og eitthvað sem enginn afsláttur er gefinn af hjá félaginu. Útvíkkun vottunarinnar var m.a. liður í þessari vinnu sem skilar sér í víðtækustu ISO 27001 vottun fjarskiptafélags á Íslandi. Áfram mun lögð mikil áhersla á það hjá Vodafone að vera ætíð í fararbroddi varðandi faglega og ábyrga stýringu upplýsingaöryggismála.

Vodafone til liðs við Samtök iðnaðarins

Haustið 2015 varð Vodafone fyrsta fjarskiptafyrirtækið til að ganga til liðs við Samtök iðnaðarins.

Samtök iðnaðarins (SI) eru stærstu fyrirtækjasamtök landsins, með þann megintilgang að efla íslenskan iðnað og samkeppnishæfni hans. Meðlimir samtakanna eru tæplega 1400 talsins og þar innanborðs fyrirtæki af ýmsum stærðum í margskonar iðnaði.

Vodafone kom inn í starfsgreinahópinn Samtök upplýsingatæknifyrirtækja (SUT) innan SI en það er hópur tækni- og hugverkafyrirtækja sem oft er flokkaður sem annar iðnaður. „Þessi iðnaður afilar í dag um 22% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Lausnir tækni- og hugverkaiðnaðarins eru til hagsbóta í öllum atvinnugreinum og

auka verðmætasköpun og gæði,“ sagði Almar Guðmundsson framkvæmdastjóri SI í fréttatilkynningu í tilefni áfangans. Eitt af skilgreindum meginmarkmiðum SUT er að stuðla að því að almenningur fái hlutdeild í upplýsingatækninni og skilji virði hennar og er það gert með margvíslegum hætti.

Enginn velkist í vafa um að upplýsingatækni og fjarskipti hafa sjaldan eða aldrei verið nátengdari, með tilkomu snjalltækja, M2M (e. Machine-to-Machine) og fjölda annarra lausna þar sem net- og fjarskiptasambönd eru lykilþáttur varðandi virkni og framþróun hröð. Líkt og haft var eftir Stefáni, forstjóra Vodafone: „Í starfsemi á borð við hjá

Vodafone er mikilvægt að vinna með öflugum aðila eins og Samtökum iðnaðarins að því markmiði að búa fjarskiptum, upplýsinga- og gagnaversiðnaðinum, sem best skilyrði til áframhaldandi vaxtar.“ Bætti hann við: „Við teljum mikinn hag í þessu skrefi og hlökkum til að eiga gott samstarf um uppbyggingu og sameiginlegar áherslur þessara mikilvægu vaxtarbrodda íslensks atvinnulífs innan Samtaka iðnaðarins.“

Fulltrúar Vodafone hafa þegar hafið þátttöku í starfi SI, meðal annars með þátttöku í vinnu undirhópa SUT eins og á sviði gagnavera o.fl.



Stefán Sigurðsson ásamt Almarí Guðmundssyni og Elínrósi Líndal frá Samtökum iðnaðarins.



Kringlan í nýjan búning

Á árinu voru gerðar viðamiklar breytingar á verslun Vodafone í Kringlunni að forskrift Vodafone Group. Þetta er önnur verslun félagsins hér á landi sem fær slíka yfirhalningu og er hún nú öll hin glæsilegasta.

Hönnun og fyrirkomulag verslunarinnar er unnið í nánú samstarfi við Vodafone Group og sett upp í samræmi við nýlegt útlit sem fjarskiptafélagið hefur unnið að því að setja upp í verslunum sínum á alþjóðavísu. Breytingarnar miða að því að viðskiptavinir verði alltaf fyrir sömu upplifun, hvar í heiminum sem þeir koma inn í verslun Vodafone. Verslun Vodafone við Glerártorg á Akureyri varð fyrst verslananna á Íslandi sem gerðar voru á líka breytingar á árið 2014 og nú var röðin komin að versluninni í Kringlunni.

Nýja útlitið er hugsað með þarfir viðskiptavina og starfsmanna að leiðarljósi. Öll hönnun miðar að því að aðgengi

viðskiptavina að vörum og þjónustu sé sem auðveldast og þægilegast. Eins á að vera auðvelt fyrir starfsfólk að veita framúrskarandi og persónulega þjónustu.

Líkt og fyrir norðan var grettistaki lyft við framkvæmdirnar en endurnýjun verslunarinnar fór fram á methraða og á starfsfólk mikið hrós skilið. Var verslunin opnuð á ný fullbúin eftir ríflega tveggja vikna yfirhalningu þann 11. október en í millitíðinni hafði tímabundinni afgreiðslu verið komið upp fyrir framan verslunina. Viðtökur hafa verið afar jákvæðar og breytingarnar mælst vel fyrir bæði hjá viðskiptavinum sem og starfsfólki.

Á meðal nýjunga eftir breytinguna:

- Gerbreytt og bætt verslun.
- Við getum hlaðið síma viðskiptavina í læstum hirslum á meðan þeir versla hjá okkur eða skreppa jafnvel frá í aðrar verslanir.
- Nýtt sérstakt barnahorn er fyrir yngstu viðskiptavinina.
- Alltaf afbragðskaffi á könnunni!



Nýr vefur Vodafone í loftið

Þann 1. júlí fór í loftið ný og endurbætt vefsíða Vodafone en mánuðina þar á undan voru þarfir og kröfur núverandi og verðandi viðskiptavina á vefnum metnar, verkefni sem allar deildir fyrirtækisins komu að. Vodafone.is er einn mikilvægasti samskiptamiðillinn sem fyrirtækið á og fátt í rekstrinum sem ekki fer að einhverju leyti fram í gegnum hann. Því er mikilvægt að hann standi undir væntingum.

Eitt af því sem við kynntum til sögunnar með nýjum vef var skalanleiki, þ.e. að hann lagar sig að ólíkum skjástærðum. Þannig ætti að vera auðvelt að vafra um hann í leit að upplýsingum og að sama skapi eiga samskipti

við okkur í snjalltækjum af öllum stærðum og gerðum.

Framsetning á þjónustuleiðum var öll endurgerð þar sem leitast var við að einfalda upplýsingaflæði og auðvelda kaupferli. Viðskiptavinurinn á þannig alltaf að hafa góða yfirsýn yfir allar þjónustur sem í boði eru og getur með auðveldum hætti sniðið þjónustuleiðir að eigin þörfum.

Ný vefverslun var einnig tekin í notkun. Vefverslunin er myndræn og þar eru gefnar greinargóðar upplýsingar um vörurnar og þar birtast einnig dómar af erlendum vefsíðum.

Hún er tengd birgðakerfi og þannig birtast áreiðanlegar upplýsingar um lagerstöðu vara í öllum verslunum Vodafone á Íslandi. Þetta nýtist vel þeim sem kjósa að koma í verslun og skoða tækin áður en keypt er.

Vefur Vodafone er í stöðugri þróun og við höldum ótrauð áfram að bæta hann. Þar má nefna aukna sjálfsafgreiðslu og bætt aðgengi að vefnum þannig að allir geti auðveldlega átt samskipti við okkur í gegnum vodafone.is.



Við tengjum þig



Við tengjum þig



Við tengjum þig

Um mitt ár 2015 hófum við að kynna nýtt slagorð Vodafone „Við tengjum þig“ sem tók við af fyrra slagorði Vodafone „Góð samskipti bæta lífið“.

Skilaboðin eru einföld og trúverðug og að sama skapi ákveðinn samnefnari yfir allt sem við gerum og þá þjónustu sem við veitum.

Auglýsingarnar eiga að auka vitund fólks á vörumerki Vodafone auk þess að minna fólk á okkur, hvað við stöndum fyrir og þá þjónustu sem við bjóðum.

VIÐ ERUM FÉLAGAR



F E S T A

Samfélagsábyrgð
fyrirtækja

SAMFÉLAGSÁBYRGÐ VODAFONE

Vodafone sýnir samfélagsábyrgð í verki með því að sinna hlutverki sínu sem fjarskiptafyrirtæki af fagmennsku og ábyrgð. Við leggjum okkar af mörkum við uppbyggingu og framþróun samfélagsins með því að veita mikilvæga þjónustu og stuðla að virkri samkeppni á markaðnum. Þrjú gildi marka athafnir okkar og ákvarðanir en þau eru; rautt, frumkvæði og ábyrgð. Við stundum ábyrga stjórnarhætti og vinnum eftir skýrum siðareglum með hagsmunum viðskiptavina, starfsfólks, hluthafa og samfélagsins alls að leiðarljósi. Gagnsæi er haft að leiðarljósi þannig að hagsmunaaðilar geti fylgst með okkur og haft áhrif á það hvernig við vinnum með samfélaginu.

Samfélagsábyrgð félagsins skiptist í þrjú áherslusvið; sameiginlegt virði, sjálfbærni og hlíttni. Áhersla er lögð á að hámarka jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið í heild og skapa þannig sameiginlegt virði fyrir félagið og alla hagsmunaaðila. Við leggjum einnig áherslu á aukna sjálfbærni og leggjum mikið upp úr því að halda jafnvægi á milli efnahags, umhverfis og samfélags auk þess sem við störfum í hlíttni við íslensk lög, reglur og almenn viðmið.

SAMEIGINLEGT VIRÐI

Við leggjum okkur fram við að hafa jákvæð áhrif á umhverfið sem við störfum í og samfélagið allt og skapa þannig snjallara samfélag.

Nýsköpun

Vodafone er hluti af alþjóðlegri heild og starfar í alþjóðlegu umhverfi sem veitir ákveðið forskot varðandi gæði og nýsköpun og er áhersla lögð á gott samstarf við Vodafone Group.

Við styðjum við og vinnum með íslenskum frumkvöðlum og nýsköpunarfyrirtækjum og hefur félagið komið að ýmsum nýsköpunarverkefnum á mismunandi þroskastigum. Nýsköpun í vöru- og þjónustuframboði Vodafone skapar bæði aukið virði fyrir félagið og samfélagið sem við störfum í. Dæmi um nýsköpunarverkefni sem Vodafone hefur tekið þátt í má finna í M2M (e. Machine to Machine) lausnum sem munu vaxa hratt á næstu árum.

Vodafone er þátttakandi í klasasamstarfi Íslenska sjávarklasans. Klasinn er drifkraftur nýrra hugmynda og stuðlar að öflugum samstarfi fyrirtækja og frumkvöðla í

sjávarútvegi og haftengdri starfsemi.

Vodafone er samstarfsaðili Startup Iceland ráðstefnunnar. Markmið samstarfsins er að styðja við nýsköpun í tæknigeiranum á Íslandi og aðstoða frumkvöðla við að koma lausnum sínum á markað.

Vodafone var einn af stofnaðilum viðskiptahraðalsins Startup Tourism, en honum er ætlað að stuðla að faglegri undirstöðu hjá nýjum fyrirtækjum í ferðaþjónustu og dreifingu ferðamanna í kringum landið, allt árið um kring.

Innviðir og öryggi

Vodafone veitir víðtæka þjónustu sem skiptir miklu máli fyrir innviði samfélagsins, samskipti fólks ásamt rekstri fyrirtækja og stofnana. Í því samhengi er vert að nefna að allir helstu viðbragðsaðilar landsins eru í viðskiptum sem er góð viðurkenning á styrk innviða Vodafone. Meðal samstarfsaðila má nefna Neyðarlínuna, Landsbjörg, Landhelgisgæsluna og Almannavarnir og leggur fyrirtækið mikla áherslu á þróun í



samstarfi við þessa aðila sem styrkir innviði og öryggi á Íslandi.

Vodafone er stöðugt að auka við og bæta þjónustu sína, og má í því skyni nefna uppbyggingu sjónvarpsþjónustu félagsins og 4G þjónustusvæði þess, sem er yfir 75.000 km² og nær nú til tæplega 90% landsmanna. Áhersla hefur einnig verið lögð á uppbyggingu 4G kerfisins sem eykur öryggi sjófarenda ásamt því að halda áhöfnum fiskveiðiflotans vel tengdum við umheiminn. Einnig hefur áhersla Vodafone á 4G reikisamninga í samvinnu við Vodafone Group, samhliða áherslum félagsins á 4G dreifingu í dreifbýli þýtt öfluga þjónustu fyrir erlenda ferðamenn á Íslandi sem aftur styður við ferðabjónustuna.

Vodafone hefur sett sér stefnu varðandi upplýsingaöryggi og leitast félagið eftir opnum og gagnsæjum samskiptum við alla hagsmunaaðila. Félagið leitast við að lágmarka persónuupplýsingar sem falla til í starfseminni auk þess að skilgreina

nákvæmlega rafræn spor viðskiptavina og standa vörð um þær upplýsingar.

Innan Vodafone er starfandi vinnuverndarhópur um öryggi starfsmanna. Hjá fyrirtækinu er einnig starfandi gæða- og öryggisráð sem veitir skýra leiðsögn og sýnilegan stuðning við frumkvæði í öryggismálum. Öflug öryggisfræðsla er innan Vodafone og gerðar eru reglulegar úttektir á öryggisvitund starfsmanna. Við framkvæmdir á vegum fyrirtækisins nota starfsmenn ávallt viðeigandi öryggisbúnað, sýna varkárni og framfylgja öryggisreglum í hvívetna.

Öll starfsemi Vodafone er vottuð samkvæmt ISO/IEC 27001:2013 upplýsingaöryggisstaðlinum og er vottunin sú umfangsmesta íslenskra fjarskiptafyrirtækja.

Vodafone er einn aðalstyrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar og hefur átt farsælt samstarf við samtökin í gegnum

árin. Við erum stolt af því að styðja ríkulega við bakið á þeim þúsundum sjálfbóðaliða sem eru til taks fyrir okkur Íslendinga og aðra, hvar og hvenær sem er.

Samskipti og fræðsla

Hlutverk Vodafone er að auka lífsgæði einstaklinga og samkeppnishæfni fyrirtækja með snjöllum fjarskiptalausnum og framúrskarandi þjónustu. Þjónustustefnu er fylgt innan fyrirtækisins ásamt því sem þjónusta er mæld reglulega og gefst viðskiptavinum þannig kostur á að aðstoða fyrirtækið í að gera enn betur. Góð samskipti eru forsenda góðrar þjónustu og viljum við leysa vandamál áður en þeirra verður vart. Við nýtum samfélagsmiðla og stafræna tækni til að koma upplýsingum á framfæri ásamt því sem við viljum auka sjálfvirkni í þjónustu. Við gerum viðskiptavinum okkar meðal annars kleift að fylgjast með nákvæmum upplýsingum um notkun sína í gegnum Mínar síður, Vodafone appið, 1414 og í gegnum netspjall.

Samfélagsleg ábyrgð



Bogi Baldursson, formaður bátaflokks HSSK, og Svanur Rúnar Jónsson, söluráðgjafi fyrirtækjasölu.

Við leggjum áherslu á gott samstarf við samfélagið með því að leggja okkur fram um gagnsæi í öllum okkar störfum. Við trúum því að góð og örugg samskipti bæti lífið og leiðbeinum viðskiptavinum okkar um örugga notkun snjalltækja og góð samskipti á internetinu. Við höfum í því samhengi lagt sérstaka áherslu á öryggi barna og höfum meðal annars tekið höndum saman við Heimili og skóla og SAFT með að markmiði að miðla upplýsingum og fræðslu til foreldra, til að stuðla að öruggum og góðum samskiptum á netinu. Félagið hefur einnig boðið upp á fyrirlestra tengda öryggi og almennri fræðslu varðandi stafræn samskipti.

Eins unnum við með Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur að fræðslu fyrir foreldra undir heitinu „Ber það sem eftir er“. Fræðslan fór fram í skólum víða um land þar sem foreldrar voru fræddir um sexting og hrelliklám ásamt því sem farið var yfir ýmis heilræði í þeim efnunum. Vefsíða Vodafone inniheldur auk þess ýmsar gagnlegar upplýsingar varðandi góð og örugg samskipti.

Vodafone hefur ávallt lagt áherslu á að leggja góðum málefnum lið og láta gott af sér leiða. Í því samhengi styrkir Vodafone vel valin samfélagsleg verkefni í takt við stefnu fyrirtækisins. Þannig nýtur samfélagið góðs af starfsemi Vodafone. Vodafone er til dæmis styrktaraðili fyrir UNICEF og Landsbjörg og hefur veitt þessum aðilum aðgang að úthringiveri sínu við landsafranir sem starfsfólk Vodafone hefur einnig unnið sjálfbóðaliðastarf í tengslum við.

Á árinu 2016 mun Vodafone hleyfa af stað nýju samfélagsverkefni en fyrirtækið mun úthluta 100 tengingum á ári til uppbyggingarverkefna sem bæta íslenskt samfélag, svo sem nýrra fyrirtækja, nýsköpunar og annarrar mikilvægrar uppbyggingar. Þegar hefur fyrsti styrkurinn verið veittur úr sjóðnum og til verðugs málefnis. Sér félagið flóttamannafjölskyldum sem komu hingað til lands í janúar síðastliðnum, með aðstoð Rauða krossins, fyrir allri grunnfjarskiptabjónustu á meðan þær fóta sig í nýju landi.

SJÁLFBÆRNI

Við leggjum áherslu á sjálfbærni með tilliti til mannauðs, umhverfis og efnahags.

Mannauður

Stefna Vodafone er að gæta jafnréttis á öllum sviðum. Jafnréttismál eru félaginu hugleikin og gætt er að því að starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynþáttar/þjóðernis, kynhneigðar, aldurs, trúar, skoðana og annarra þátta. Umburðarlyndi er ríkjandi þáttur í samskiptum á vinnustaðnum.

Jafnréttisnefnd er starfrækt innan fyrirtækisins auk þess sem fyrirtækið hefur markað sér jafnréttisáætlun í samstarfi við Jafnréttisstofu. Áætlunin er í samræmi við ákvæði laga nr. 10/2008 sem á að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsmanna af báðum kynjum. Fyrirtækið hefur einnig farið í gegnum jafnlaunaúttekt hjá PWC þar sem nákvæm greining á stöðu launamála

var könnuð eftir kyni með að markmiði að útrýma launamisrétti.

Fræðsla, þjálfun og þekkingarmiðlun er mikilvægur hluti af starfsemi Vodafone. Starfsmenn eiga kost á að afla sér fræðslu og þekkingar sem miðar að því að auka hæfni þeirra í starfi og efla hæfileika þeirra til að takast á við ný og fjölbreytt verkefni í síbreytilegu starfsumhverfi. Unnið er eftir fræðsluáætlun hjá fyrirtækinu ásamt því sem markviss nýliðafræðsla á sér stað í upphafi starfs.

Áhersla er lögð á jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Við leitumst við að finna þann milliveg sem hámarkar afköst og starfsánægju. Framkvæmdir eru árlegar vinnustaðagreiningar til að sjá hvað gengur vel og hvað má fara betur og eru niðurstöðurnar nýttar til að gera enn betur.

Við stöndum vörð um heilsu, öryggi og vellíðan starfsmanna og eru allir hvattir til að huga að heilsunni með því að hreyfa sig, borða hollan mat, vinna bug á streitu og vera meðvitaðir um mikilvægi andlegrar heilsu.

Umhverfi

Það er stefna Vodafone að lágmarka neikvæð áhrif félagsins eins og kostur er á umhverfið og samfélagið í heild.

Vodafone rekur öflugt fjarskiptakerfi um allt land. Við höfum einsett okkur að ganga um landið af virðingu, með umhverfisvernd að leiðarljósi. Þannig er ávallt leitast við að framkvæmdir á vegum félagsins valdi



sem minnstu umhverfisraski. Stofnun Sendafélagsins, samrekstrarfélags með Nova, um rekstur farsímadreifikerfa félaganna er liður í þessari stefnu en með því náum við að samnýta senda og auka þannig hagræði ásamt því að minnka skaðleg umhverfisáhrif sem og sjónmengun.

Við lágmarkum notkun á óendurnýjanlegum auðlindum og losun skaðlegra efna út í umhverfið eins og kostur er. Starfsfólk er hvatt til að nýta sér fjárfundabúnað þar sem því verður við komið til að lágmarka mengun sem hlýst af ferðalögum jafnt innan lands sem utan.

Vodafone hefur sett sér það markmið að flokka allt sorp sem fellur til í starfsemiinni, auka þannig endurvinnslu og draga úr ónaúðsynlegri urðun á sorpi.

Til að hvetja til endurvinnslu og endurnýtingar á gömlum símtækjum býður Vodafone viðskiptavinum að skila slíkum tækjum í verlanir. Símtæki í þökkalegu standi kaupir GEMSA oft af viðskiptavinum og kemur áfram til endurvinnslu eða endurnýtingar.

Þá hefur félagið sett sér samgöngustefnu með að markmiði að auðvelda starfsfólki að ferðast til og frá vinnu á hagkvæman og vistvænan máta auk þess að hvetja starfsfólk til að nýta sjálfbæra ferðamáta við leik og störf.

Árið 2015 skrifuðum við undir Loftslagsyfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og höfum í því samhengi sett okkur ákveðin markmið í loftslagsmálum. Miðast þau að því að draga úr mengun og hafa þannig jákvæð áhrif á vistspor okkar.

Árið 2012 hóf Vodafone að senda reikninga til viðskiptavina á rafrænu formi til að draga úr pappírssóun. Í dag fá flestir viðskiptavina reikninga á því formi og en aðeins 10,7% reikninga eru nú prentaðir. Umhverfisvæn prentlausn, MyQ, dregur einnig úr pappírnotkun innan fyrirtækisins.

Efnahagur

Fyrirtæki þurfa að tileinka sér það viðhorf að þau geti haft jákvæð áhrif á samfélagið á sama tíma og viðskiptalegum árangri er náð. Samfélagsábyrgð snýst því ekki eingöngu um það hvernig fyrirtæki ráðstafa hagnaði sínum heldur einnig hvernig þau starfa, til að ná fram tilteknum hagnaðarkröfum.

Það er markmið Vodafone að félagið sé rekið með hagnaði og ráðdeild. Mikil áhersla er lögð á fyrirtækið sé rekið á sem skilvirkastan hátt og að ávallt sé leitað bestu tilboða í þær auðlindir sem notaðar eru án þess þó að það komi niður á gæðum. Notaðar eru samræmdar innkaupaáðferðir fyrir heildina til að tryggja yfirsýn og njóta stærðarhagkvæmni. Þannig er virði samninga hámarkað, fjárfestingar- og rekstrarkostnaður lækkaður, áhætta lágmarkuð og hagnaður þannig aukinn. Vodafone hefur ennfremur notið góðs af því að geta gengið að og notið kjara sem Vodafone Group hefur náð á alheimsvísu.

HLÍTNI

Vodafone hefur komið sér upp gildum, ferlum og skipulagi til að koma í veg fyrir að félagið valdi skaða með starfsemi sinni.

Vodafone stundar ábyrga stjórnarhætti með að markmiði að styrkja innviði FjarSKIPTA hf. og auka gagnsæi. Fylgir félagið þar viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland. Stjórnarhættir FjarSKIPTA hf. taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, lögum nr. 81/2003, um fjarSKIPTI, öðrum almennum lögum sem gilda um starfsemina, reglum um útgefendur fjármálagerninga, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og einstakra undirnefnda stjórnar.

Vodafone vinnur eftir skýrum siðareglum með hagsmuni viðskiptavina, starfsfólks, hluthafa sem og samfélagsins alls að leiðarljósi. Siðareglur Vodafone fela í sér siðferðisleg viðmið starfsmanna og leiðbeiningar um viðbrögð við siðferðislegum álitamálum. Fyrirtækið virðir einkalíf viðskiptavina í einu og öllu og hefur persónuverndarsjónarmið í huga þegar vörur og þjónustur eru þróaðar.



357


starfsmenn
í 327 stöðugildum




33,2 ára
meðalaldur




5,6 ára
meðalstarfsaldur




ALLT STARFSFÓLK




FORSTÖÐUMENN




DEILDARSTJÓRAR



FRAMKVÆMDASTJÓRN




GILDI VODAFONE



4G

reikipjónusta
í boði í 24 löndum



Sjónvarpsdreifikerfi
sem nær til
99,9%
landsmanna



Vodafone í Færeyjum

Árið 2015 var um margt krefjandi hjá Vodafone í Færeyjum og einkenndist af harðri samkeppni á markaðnum. Dró engu að síður einnig til fjölmargra jákvæðra tíðinda, meðal annars hóf 4G tæknin innreið sína á færeyska markaðinn undir forystu Vodafone, númeraflutningar á milli fjarskiptafélaga urðu loks mögulegir auk þess sem Vodafone í Færeyjum tók nýjar höfuðstöðvar í gagnid á árinu. Hörð verðsamkeppni rýrði afkomu ársins sem þó skilaði hagnaði.

Afkoma og breytingar

Rekstur Vodafone í Færeyjum skilaði jákvæðri niðurstöðu 2015, fjórða árið í röð. Tekjur námu 1.664 m.kr. (2014: 1.854 m.kr.) sem er um 12,1% af heildartekjum Fjarskipta hf. á árinu 2015. EBITDA félagsins var 344 m.kr. (2014: 410 m.kr.), eða um 10,6% af EBITDA Fjarskipta í heild.

Ný samkeppnislög samþykkt

Ný samkeppnislög höfðu verið í smíðum um langa hríð í Færeyjum. Þau urðu loks að veruleika á árinu 2015 og gengu í gildi hinn 1. janúar 2016. Miklar vonir eru bundnar við hina nýju löggjöf og vonast er til að hún gerbreyti samkeppnisumhverfi fjarskiptamarkaðarinnar í Færeyjum. Með tímanum er vonast til að löggjöfin verði til þess að draga úr markaðsráðandi stöðu Føroya Tele, keppinautar Vodafone á færeyska markaðnum.

Nýjar vörur og vöruþróun

Árið 2015 einkenndist mikið til af áherslu á aukid vöruúrval og þjónustu hjá Vodafone í

Færeyjum. Sama dag og númeraflutningar á milli fjarskiptafyrirtækja voru loks leyfðir í júní kynnti Vodafone háhraða 4G samband í Færeyjum með þjónustusvæði sem nær til um helming eyjarskeggja. Mikið verðstríð einkenndi næstu mánuði. Frítt reiki innan Evrópusambandsins kom til sögunnar á árinu til viðbótar við nánast ótakmarkað innlent gagnamagn. Framlegð af þjónustunni er takmörkuð en Vodafone hefur varið markaðshlutdeild sína og samkeppnisforskot með framúrskarandi þjónustu og vöruframboði. Þá festi Vodafone sig enn betur í sessi sem leiðtogi á markaðnum fyrir háhraðatengingar í Færeyjum með því að vera fyrsta og eina fjarskiptafélagið sem býður 4G þjónustu á færeyska markaðnum en fyrir rekur Vodafone öflugt 3G kerfi þar. Félagið var einnig langfyrst með 3G á sínum tíma og ljóst að færeyski markaðurinn hefur notið góðs af innkomu fyrirtækisins, í formi nýrrar tækni, betri þjónustu og lægra verðs.

Styrkur Vodafone í Færeyjum felst í samstarfinu við Ísland og Vodafone Group. Starfsemin þar er mjög fjármagnslétt og þarf

ekki að standa undir mikilli yfirbyggingu, ólíkt samkeppnisaðilanum. Samvinna við Ísland í vöruþróun, tæknilausnum og fjármálum gerir Vodafone í Færeyjum vel í stakk búid til að hafa betur í samkeppninni við Føroya Tele.

Horft til framtíðar

Undir lok árs 2015 flutti Vodafone í Færeyjum inn í nýjar höfuðstöðvar. Miklar vonir eru bundnar við nýju húsakynninn sem bæði eru hvetjandi fyrir starfsmenn auk þess sem þau bera fyrirtækinu gott vitni. Áframhaldandi uppbygging 3G og 4G dreifikerfa félagsins er framundan á nýju ári, auk þess sem nýir tekjustraumar verða teknir í gagnid. Leitast verður við að draga frekar úr kostnaði inn á við með auknu samstarfi við móðurfélagið á Íslandi. Mun þetta styrkja félagið til framtíðar með lægri rekstrarkostnaði og betri þjónustu og vöruúrvali.



Gott samstarf við Vodafone Group

Vodafone á Íslandi og Vodafone Group áttu áfram í miklu og góðu samstarfi á árinu 2015. Samstarfið með félögnum tekur á sig ýmsar myndir en auk hefðbundins samstarfs á sviði tækni, vöru og þjónustu, náði það einnig til hönnunar verzlana á árinu líkt og í fyrra, innleiðingar Office 365 lausna, M2M (e. Machine-to-Machine) þróunar og fleiri þátta, eins og eftirfarandi dæmi sýna:

Mikilvægt samstarf á sviði tækni, vöru og þjónustu

Samstarfið við Vodafone Group sýnir sig vel í tengslum við uppbyggingu 4G reikjþjónustu Vodafone á Íslandi. Félagið varð fyrst til að kynna þessa þjónustu á markað fyrir viðskiptavinum á ferð í völdum löndum á árinu 2015, og erlenda ferðamenn frá sömu löndum á leið um Ísland. Í lok árs 2015 var félagið í leiðandi stöðu hér á landi með 4G reikisamninga við 24 lönd. Mun þeim einungis halda áfram að fjölga 2016.

Á fyrirtækjaliðinni hófst innleiðing og sala á Office 365 hugbúnaðinum í vöruúrvali Vodafone undir lok árs. Verkefnið var unnið í nánú samstarfi við Vodafone Group og naut félagið þar góðs af reynslu og þekkingu þess af slíkri innleiðingu meðal dótturfélaga og samstarfsaðila

um allan heim. Vodafone á Íslandi er nú viðurkenndur Microsoft Partner – einn af endursöluaðilum Office 365 hér á landi. Uppbygging sjónvarpsþjónustu félagsins naut einnig góðs af öflugum samstarfi við Vodafone Group, hvort sem um ræddi stefnumótun, vöruþróun eða samninga við efnisveitur og fleira þessu tengt. Fleira er hægt að telja til, eins og stuðning við M2M þróun félagsins en Vodafone Group er leiðandi í þeirri þróun á evrópska markaðnum, auk samstarfs á sviði innkaupa og fleira.

Á tæknihlíðinni hefur samstarfið í fastlínubjónustu verið að aukast. Aukin umsvif Vodafone Group á þessu sviði hafa leitt til þess að samstarf félaganna á tæknihlíðinni hefur átt enn meiri samleið en áður. Sem dæmi má nefna samstarf á sviði gagnatenginga, útboð í símstöðvum fyrir fastlínu, ráðgjöf í gagnavera- og sæstrenjamálum og fleira.

Vodafone á Íslandi hefur jafnframt fengið tækifæri til þess að miðla af sinni reynslu fyrir aðra Vodafone samstarfsaðila. Skemmtilegt dæmi um þetta er miðlun þekkingar á tæknihlíðinni til Docomo á Guam, sem að mörgu leyti starfar á líkum markaði og Vodafone á Íslandi en er þó skemur á veg komið með ýmis tæknimál.

Ný verslun að fyrirmynd Vodafone Group

Verslun Vodafone í Kringlunni gekk í endurnýjun lífdaga á árinu. Er hún önnur verslun Vodafone hér á landi sem er hönnuð samkvæmt nýjum stöðlum Vodafone Group um samræmt útlit verzlana undir merkjum félagsins um allan heim. Unnið var í nánú samstarfi við Vodafone Group að hönnun nýju verslunarinnar sem þykir sérlega vel heppnuð.

Öflugt samstarf á sviði upplýsingaöryggismála

Gott samstarf Vodafone á Íslandi við Vodafone Group á sviði net- og upplýsingaöryggismála hélt einnig áfram. Sem eitt öflugasta fjarskiptafyrirtæki í heimi býr Vodafone Group að ómældri reynslu og þekkingu á öryggismálum. Samstarf fyrirtækjanna tveggja á sviði upplýsingaöryggismála hefur nú þegar skilað viðskiptavinum Vodafone áþreifanlegum árangri og mun áfram koma íslenskum fyrirtækjum og samfélagi til góða.

Svipmyndir frá árinu



KEX-reið
Hjólakappar Vodafone tóku þátt í KEX-reiðinni í miðbæ Reykjavíkur í júní.



Götterí á Rauða torginu
Við höfum gaman af því að gæða okkur á götteri á Rauða torginu.



Fjölskyldudagur Vodafone
Það var líf og fjör, leikur og stuð, í Hljómskálagarðinum á fjölskyldudegi Vodafone venju samkvæmt fyrri hluta Menningamætur. Flugeldasýning Vodafone um kvöldið sló síðan botninn í frábæran dag.



Golfmót Vodafone
Vel viðraði á golfmóti Vodafone um mitt sumar – þar sem góður hópur kylfinga víða að atti kappi. Keppt var um hinn forlata rauða jakka – á meðan starfsmenn héldu sig við svörtu vestin.



Tvö Lið í WOW Cyclothon-inu á árinu
Annað árið í röð átti Vodafone tvö lið í WOW Cyclothon-hjólreiðakeppniinni, að þessu sinni eitt fjögurra manna og annað 10 manna.




Valdís á Rauða torginu
„Ísdrottningin“ Valdís mætti á Rauða torgið og var góður rómur gerður að.



Árshátíð
Kvikmyndabema réð ríkjum á árshátíð Vodafone 2015. Ýmsir kynlegir kvistir létu þar sjá sig – eins og sjá má hér. Gestum var þó misbrugðið – sbr. Dagnýju og Valtý hér.



Mottumars
Mottumars var haldinn hátíðlegur hjá Vodafone 2015 sem endranær. Blásíð var til rakarapartýs á Rauða torginu í lok átaksins þar sem vel hærðir á vangann settust hver á fætur öðrum undir rakhnífinn.



19. júní fagnað
Vodafone tók þátt í að fagna 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna og gaf frí eftir hádegi þeim sem vildu fagna. Karlkyns starfsmenn í verzlunum félagsins buðust til að manna allar búðirnar svo konurnar gætu sótt opinber hátíðarhöld í tilefni dagsins. Vel gert herramenn!



Árshátíð
Starfsmenn skelltu sér alla leið í kvikmyndabema árshátíðarinnar í ár – sbr. Braga og Bjarka.



Mottumars
Rakarinn fór fimum höndum um skegg starfsmanna í lok Mottumars. Fegursta skeggið var valið en það átti Sverrir V. Hermannsson – hér í stólnum.

Gengi á markaði 2015

Töluverð hreyfing var á hlutabréfum félagsins á árinu og markaðir líflegir. Gengi félagsins fór úr í 35 í lok árs 2014 í 47,9 við lok árs 2015 sem er 36,4% hækkun milli ára.

Alls nam velta með bréf í félaginu tæpum 13 milljörðum króna á árinu 2015, í alls 853 viðskiptum. Meginþungi hennar féll til á seinni helmingi ársins eða 8,3 milljarðar króna, samanborið við 4,7 milljarða króna á fyrri hluta ársins. Mest var velta með bréf félagsins í október, en heildarvelta mánaðarins nam 2,5 milljörðum króna.

Endurfjármögnun

Gengið var frá endurfjármögnun félagsins á öðrum ársfjórðungi (sbr. tilkynningu dags. 16. júní 2015). Var endursamið við Landsbankann hf. um langtímafjármögnun að fjárhæð 5 milljarðar króna. Felur hún annars vegar í sér lán að fjárhæð 4.500 milljónir króna, m.a. til uppgreiðslu eldri lána félagsins, og hins vegar lánalínu að fjárhæð 500 milljónir króna, í gildi til 2020. Bæði lánin byggðu sem fyrr á vaxtakjörum með grunnri í REIBOR vöxtum nema með marktækt hagstæðara álagi sem endurspeglar efnahagslegan styrk félagsins.

Lánasamningurinn er til 7 ára, með lokagjalddaga árið 2022, en endursema má um álag eftir þrjú ár.

Sendafélagið hf. tekur til starfa

Félag um samrekstur farsímadreifikerfa Vodafone og Nova tók til starfa 1. nóvember síðastliðinn. Samrekstur á

farsímadreifikerfum félaganna hafði verið í bígerð um tíma og tókust loks samningar á þriðja ársfjórðungi. Vodafone áætlar að rekstrarsparnaður vegna fækkunar á sameiginlegum hýsingarstöðum verði samantlagt um 200 m.kr. sem skili sér að jöfnu til félaganna á næstu þremur árum. Þá metur Vodafone að möguleg hagkvæmni í fjárfestingum frá árinu 2016 geti numið um 0,3% af veltu félagsins.

Vodafone mun einnig nýta þá möguleika sem í samrekstrinum felast til að styrkja farsímapjónustu til viðskiptavina félagsins. Viðskiptavinir Vodafone munu því njóta enn betri farsímapjónustu samhliða þeim jákvæðu fjárhagslegu áhrifum sem af samrekstrinum hljótask.


Kaup á eigin bréfum

Á aðalfundi Fjarskipta hf. þann 26. mars 2014 hafði verið samþykkt að heimila félaginu í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, kaup á allt að 10% af eigin hlutafé, þ.e. að hámarki 34.076.500 hlutum (hver hlutur er 10 kr. að nafnvirði). Gilti heimildin í 18 mánuði frá samþykkt hennar. Á grundvelli fyrrgreindrar samþykktar tók stjórn Fjarskipta hf. ákvörðun um framkvæmd endurkaupaáætlunar um kaup á eigin bréfum félagsins og tilkynnti um hana til Kauphallar Íslands, Nasdaq Iceland, í ágúst 2014.

Lækkun hlutafjár

Endurkaup samkvæmt áætluninni máttu að hámarki nema 9.400.000 hlutum eða sem nemur 2,8% af útgefnum hlutum í félaginu, en þó ekki meira en 300.000.000 kr. að kaupverði. Áætlunin gilti til 28. febrúar 2015. Þegar gildistíma hennar lauk átti félagið 4.965.110 eigin hluti eða sem nemur 1,46% af útgefnum hlutum í félaginu.

Tilkynnt var um framkvæmd annarrar endurkaupaáætlunar Fjarskipta hf. með tilkynningu til Kauphallar Íslands hf. þann 6. júlí 2015. Samkvæmt áætluninni máttu endurkaup félagsins á eigin bréfum nema að hámarki 10.300.000 hlutum eða sem nemur 3,06% af útgefnum hlutum í félaginu, þó ekki meira en 400.000.000 kr. að kaupverði. Endurkaupaáætlunin var í gildi til 31. desember 2015 en lauk áður eða 21. desember 2015 þar sem heimild félagsins til kaupa á eigin bréfum var þá fullnýtt. Þá höfðu Fjarskipti keypt samtals 8.756.164 eigin hluti samkvæmt áætluninni eða sem nemur 2,60% af útgefnum hlutum í félaginu og nemur heildar kaupverð þeirra 399.999.958 kr.



20 stærstu hluthafar 31. desember 2015

Lífeyrissjóður verslunarmanna	13,7%	Stafir lífeyrissjóður	2,5%
Gildi - lífeyrissjóður	13,3%	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	2,4%
Júpíter - Innlend hlutabréf	6,2%	Lífeyrissj.starfsm.rík. B-deild	2,2%
Ursus ehf.	6,0%	Lífsverk lífeyrissjóður	2,1%
Stefnir - Samval	6,0%	Fagfjárfestastjóðurinn IHF	1,9%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	6,0%	Eignaleið IV - Hlutabréfasafn	1,7%
Kvika banki hf.	5,5%	Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	1,7%
Landsbankinn hf.	3,5%	Íslandsbanki hf.	1,3%
Tryggingamiðstöðin hf.	3,3%	Sameinaði lífeyrissjóðurinn	1,2%
Stapi lífeyrissjóður	3,1%	Festa - lífeyrissjóður	1,0%

1F

Fyrsti ársfjórðungur 2015

Tekjuvöxtur og umtalsverð hagnaðaraukning

Árið 2015 fór vel af stað hjá Vodafone með bestu afkomu fyrsta fjórðungs í sögu félagsins. Tekjur jukust á sama tíma og rekstrarkostnaður, afskriftir og fjármagnsgjöld lækkuðu sem skilaði 75% aukningu hagnaðar á milli ára. Uppbygging 4G dreifisvæðis Vodafone hélt áfram af fullum krafti á fjórðungnum og náði þarna til ríflega 83% landsmanna. Meðfram annarri uppbyggingu þjónustusvæðis félagsins og styrkingu innviða um allt land var lögð aukin áhersla á styrkingu háhraðanets út á helstu miðin í kringum landið á ársfjórðungnum, með að markmiði að stórbæta þjónustu við sjávarútveginn. Þessi uppbygging átti eftir að einkenna árið. Merkurum áfanga var fagnað þegar nýtt stafrænt dreifikerfi tók alfarið yfir dreifingu RÚV í lofti um allt land, til 99,9% landsmanna. Undir lok ársfjórðungsins hillti enn fremur undir enn frekari tímamót í sögu sjónvarpsþjónustu félagsins.

2F

Annar ársfjórðungur 2015

Góð hagnaðaraukning og stöðugur rekstur

Rekstrarniðurstaða annars ársfjórðungs Vodafone var ánægjuleg með 43% aukningu hagnaðar á ársfjórðungnum á milli ára. Líkt og í þremur uppgjörunum á undan endurspeglaði niðurstaðan aðhaldsaðgerðir í rekstri sumarið áður auk áframhaldandi sóknar fyrirtækisins í þjónustu bæði gagnvart fyrirtækjum og einstaklingum. Sem dæmi um uppbyggingu þjónustu til viðskiptavina á tímabilinu urðu tímamót í sjónvarpsþjónustu félagsins þegar Vodafone PLAY, fyrsta áskriftarveitubjónustan (e. SVOD) sérhönnuð fyrir íslenskan markað, var kynnt í apríl. Þá var breska áskriftarveitubjónustan Cirkus einnig kynnt til leiks á fjórðungnum en báðar þessar þjónustur voru liður í áherslu fyrirtækisins á að mæta aukinni eftirspurn viðskiptavina eftir gagnvirku úrvalsefni. Uppbygging 4G farsímakerfis félagsins um og yfir landið og miðin hélt enn fremur áfram á fjórðungnum við góðan orðstír og viðtökur útgerða og sjómanna. Félagið var einnig samþykkt sem endursöluaðili á Office 365 hugbúnaðinum frá Microsoft á tímabilinu. Gengið var frá endurfjármögnun félagsins á öðrum ársfjórðungi en endursamið var við Landsbankann hf. um langtímafjármögnun að fjárhæð 5 ma. króna. Annars vegar er um að ræða lán að fjárhæð 4.500 milljónir króna, m.a. til uppgreiðslu eldri lána félagsins, og hins vegar lánalínu að fjárhæð 500 milljónir króna, í gildi til 2020. Bæði lánin byggðu sem fyrr á vaxtakjörum með grunni í REIBOR vöxtum nema með marktækt hagstæðara álagi sem endurspeglar efnahagslegan styrk félagsins.

3F

Þriðji ársfjórðungur 2015

Áframhaldandi hagnaðaraukning og traustur rekstur

Rekstur Vodafone hélt áfram að standa traustum fótum á þriðja fjórðungi ársins og hagnaður jókst áfram. Tekjur samstæðunnar jukust, einkum af sjónvarpi, interneti og vörusölu í takt við áherslu félagsins á að færa viðskiptavinum nýjungar á þessum sviðum. Vöxtur var í tekjum af farsíma á Íslandi en samdráttur í Færeyjum þar sem verð lækkaði mikið í kjölfar harðrar verðsamkeppni. Þrátt fyrir þetta var þriðji fjórðungur besti ársfjórðungur í sögu fyrirtækisins hvort sem litið var til tekna eða hagnaðar. Starfsemi á ársfjórðungnum einkenndist annars af enn frekari þróun á sjónvarpsþjónustu félagsins. Nýtt og endurbætt Vodafone Sjónvarp var kynnt til leiks í september og nýjar áskriftarleiðir sem var vel tekið. Á tímabilinu hóf Vodafone einnig að færa viðskiptavinum sínum 500 Mbps tengingar yfir ljós í samvinnu við Gagnaveitu Reykjavíkur, hröðustu tengingar sem bjóðast einstaklingum á Íslandi. Mikill undirbúningur átti sér stað á fjórðungnum í tengslum við sölu Vodafone á Office 365, í samstarfi við Microsoft og Vodafone Group. Góður gangur var ennfremur í lykilverkefnum á borð við uppbyggingu háhraðaþjónustuvæða félagsins um allt land. Félagið gekk til liðs við Samtök iðnaðarins á tímabilinu. Þá var einnig tilkynnt um nýja endurkaupaáætlun félagsins í upphafi fjórðungsins og hófst framkvæmd hennar á tímabilinu.

4F

Fjórði ársfjórðungur 2015

Sterkt ár að baki og stöðugur rekstur

Sterkt ár var að baki hjá Vodafone í lok árs með stöðugum vexti í tekjum og framlegðaraukningu. Ágætur vöxtur í tekjum, af sjónvarpi, interneti og vörusölu, og aðhald á kostnaðarhlíðinni skilaði sér í 18% aukningu hagnaðar á árinu í heild. Á sama tíma og vöxtur var í tekjum af farsíma í áskrift á Íslandi á árinu varð áfram samdráttur í Færeyjum í kjölfar harðrar verðsamkeppni á markaðnum þar. Hækkun launa í tengslum við kjarasamninga dró einnig úr rekstrarhagnaði á síðasta fjórðungi ársins en unnið er að því að takast á við þessa þróun með áframhaldandi sókn og hagræðingaraðgerðum á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Hraður vöxtur var í fjölda áskrifenda að sjónvarpsþjónustunni Vodafone PLAY og í lok árs voru áskrifendur um átta þúsund talsins en meðalfjöldun var yfir 12% á mánuði frá því þjónustan kom á markað. Félag um samrekstur farsímadreifikerfa Vodafone og Nova, Sendafélagið hf., tók til starfa á ársfjórðungnum en þess hafði verið að vænta. Vodafone áætlað að rekstrarsparnaður vegna fækkunar á sameiginlegum hýsingarstöðum náist fram á tveimur til þremur árum og skili sér í um 200 m.kr. árlegum sparnaði sem skiptist jafnt á milli félaganna. Efnahagsreikningur félagsins var mjög sterkur í lok árs og eiginfjárlutfallið 58,7% og hefur aldrei verið hærra. Handbært fé frá rekstri var jafnframt 14% hærra en á fyrra ári.



Framkvæmdastjórn og aðallögfræðingur Vodafone

Framkvæmdastjórn félagsins ber ábyrgð á daglegum rekstri þess og fylgni við rekstraráætlanir.



Stefán Sigurðsson er forstjóri Vodafone. Stefán tók við stöðu forstjóra í maí 2014. Áður var hann framkvæmdastjóri VÍB, Eignastýringarsviðs Íslandsbanka, auk þess að eiga sæti í framkvæmdastjórn, viðskiptanefnd og fjárfestingarráði bankans og öðrum undirnefndum. Stefán er hagfræðingur frá Háskóla Íslands, með meistaragráðu í sama fagi frá Kaupmannahafnarháskóla, og býr að mikilli reynslu af rekstri, stefnumótun og innleiðingu, uppbyggingu sölu og þjónustu, til einstaklinga, fyrirtækja og fjárfesta.



Björn Víglundsson er framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs. Björn hefur starfað hjá Vodafone frá árinu 2005. Í fyrstu sem framkvæmdastjóri markaðs- og vörumótunarsviðs og í kjölfarið sem framkvæmdastjóri einstaklingssviðs. Áður hafði Björn starfað sem framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá P. Samúelssyni og hjá Tryggingamiðstöðinni.



Hrönn Sveinsdóttir er framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs. Hrönn hóf störf hjá Vodafone árið 2005 sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Áður hafði hún gegnt sama starfi hjá P. Samúelssyni þar sem hún var einnig starfsmannastjóri.



Kjartan Briem er framkvæmdastjóri tæknisviðs. Kjartan hefur starfað hjá Vodafone frá stofnun félagsins í núverandi mynd. Frá 2009 hefur hann farið fyrir tæknisviði félagsins en fyrir það var hann forstöðumaður notenda- og símkerfa þess. Kjartan starfaði sem forstöðumaður og framkvæmdastjóri hjá Íslandssíma frá árinu 2000 og fyrir það um fjögurra ára skeið hjá Símanum.



Páll Ásgrímsson er aðallögfræðingur Vodafone en undir hann heyra einnig gæða- og öryggismál. Páll kom til starfa hjá Vodafone 2014 en áður var hann einn af eigendum lögfræðistofunnar Juris. Hann er reynslumikill lögmaður á sviði félagaréttar, auk þess að hafa sérhæft sig á sviði fjarskipta-, upplýsingatækni- og samkeppnisréttar. Um árabíl starfaði Páll sem forstöðumaður og síðar framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Símans (síðar Skipta) auk þess að búa að reynslu frá EFTA og ESA í Brussel og Samkeppnisstofnun. Páll hefur auk þess setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja innan fjarskiptageirans, t.d. Símans hf., Mílu ehf., FARICE hf. og Skjásins ehf.

Stjórn Vodafone

Stjórn félagsins ásamt forstjóra fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Ásamt forstjóra hefur hún forystu um að móta stefnu, setja markmið og áhættuviðmið félagsins, bæði til skemmri og lengri tíma.



Heiðar Guðjónsson er stjórnarformaður Vodafone. Heiðar kom inn í stjórn félagsins í apríl 2013 og hefur verið stjórnarformaður frá mars 2014. Að aðalstarfi er Heiðar framkvæmdastjóri eigin fjárfestingarfélags. Hann er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og hefur frá árinu 1996 einkum starfað á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, lengst af í New York, London og Zürich. Hann hefur m.a. komið að stórum alþjóðlegum fjárfestingum í fjarskiptafélögum, s.s. næststærsta símafyrirtæki Finnlands og stærsta símafyrirtæki Búlgaríu. Heiðar situr einnig í stjórn Ursus ehf., Köldukvíslar hf., Innviða fjárfestinga slhf. og HS Veitna.



Anna Guðný Aradóttir er forstöðumaður markaðs- og samskiptasviðs hjá Samskipum hf. Anna Guðný kom inn í stjórn Vodafone í ágúst 2012, fyrst sem varamaður og sem aðalmaður frá nóvember sama ár. Anna Guðný hefur lokið rekstrar- og viðskiptanámi frá Háskóla Íslands og MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Á meðal fyrri starfa hennar má m.a. nefna forstöðumaður hjá Landflutningum og hjá Íslenska útvarpsfélaginu. Anna Guðný situr einnig í stjórn Stafa lífeyrissjóðs og Lyfja & heilsu hf.



Hildur Dungal er varaformaður stjórnar Vodafone. Hildur kom inn í stjórn félagsins í nóvember 2012, í fyrstu sem varaformaður og sem aðalmaður frá apríl 2013. Hún hefur lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og er starfandi lögfræðingur hjá innanríkisráðuneytinu. Áður starfaði Hildur m.a. sem forstjóri Útlendingastofnunar og sem deildarstjóri hjá embætti tollstjórans í Reykjavík. Hildur situr einnig í stjórn Nýherja hf.




Hjörleifur Pálsson starfar sem óháður stjórnarmaður. Hann kom inn í stjórn Vodafone hf. í apríl 2013. Hjörleifur er viðskiptafræðingur að mennt, útskrifaður með Cand Oecon gráðu frá Háskóla Íslands, með löggildingu til endurskoðunarstarfa. Á meðal fyrri starfa Hjörleifs má nefna framkvæmdastjóri fjármálasviðs Össurar hf. og endurskoðandi. Hjörleifur er stjórnarformaður og formaður háskólaráðs í Háskólanum í Reykjavík, auk þess sem hann situr í fjárfestingarráði Akurs fjárfestinga slhf., stjórn Brunns vaxtarsjóðs slhf. og Framtakssjóðs Íslands slhf. Hjörleifur er jafnframt í stjórn lyfjafyrirtækjanna Florealis ehf. og Lotus Pharmaceutical Co., Ltd í Taívan.



Vilmondur Jósefsson er framkvæmdastjóri Svartár ehf. Hann var fyrst kjörinn og sat í stjórn Vodafone frá 2012-2013 og síðan aftur frá mars 2014. Vilmondur er viðskiptafræðingur að mennt og hefur m.a. setið í stjórn og verið formaður Samtaka iðnaðarins (2000-2006) og Samtaka atvinnulífsins (2009-2013). Vilmondur situr einnig í stjórn Steinullar hf., Teris hf., Hylju ehf., Undirbúningsfélags Verðbréfamarkaðar hf., Stáss ehf. og Svartá ehf.

Skipurit Vodafone á Íslandi



*Jakob Þór Guðbjartsson, forstöðumaður gæða- og öryggismála, heyrir undir aðallögfræðing.

Fjarskipti hf.

Ársreikningur samstæðunnar
2015

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Fjarskipti hf. er fjarskiptafélag sem býður einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskiptaþjónustu undir vörumerkinu Vodafone.

Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Fjarskipta hf. og dótturfélags þess, P/F Kall í Færejum og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf.

Rekstur og fjárhagsleg staða 2015

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 13.724 millj. kr. (2014: 13.236 millj. kr.) og var hagnaður samstæðunnar á árinu 1.287 millj. kr. (2014: 1.094 millj. kr.). Heildarafkoma nam 1.209 millj. kr. (2014: 1.075 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 15.474 millj. kr. (2014: 15.536 millj. kr.). Eigið fé samstæðunnar þann 31. desember 2015 nam 9.079 millj. kr. (2014: 8.503 millj. kr.) og var eiginfjárlutfallið 58,7%. (2014: 54,7%). Þar af nam hlutfé 3.270 millj. kr. (2014: 3.362 millj. kr.).

Vel gekk að vinna eftir stefnu fyrirtækisins á árinu, góður árangur náðist víða í fyrirtækinu með tilliti til 4DX markmiða, sem er leið til að hjálpa til við innleiðingu á stefnu, auk þess sem sýnileg stjórnun var innleidd í flestum einingum.

Á árinu var unnið að frekari uppbyggingu á ýmsum þjónustupáttum, meðal annars Vodafone Sjónvarpi, bæði tæknilega og með tilliti til þjónustu og efnisframboðs. Fyrsta íslenska efnisveitan Vodafone PLAY var kynnt til leiks fyrir sjónvarp og snjalltæki. Unnið var að uppbyggingu á farsímakerfum út um allt land og enn betra sambandi á haf út, sem hefur verið vel tekið ekki síst af fyrirtækjum í sjávarútvegi. Einnig var lögð áhersla á að auka gæði í internetinu, bæði hvað varðar hraða og stöðugleika.

Á miðju ári gekk fyrirtækið í gegnum endurvottun á sviði upplýsingaöryggis, ISO27001, og ný gildi litu dagsins ljós, þ.e. Rautt, Frumkvæði og Ábyrgð, sem allir starfsmenn tóku þátt í að móta.

Undir lok árs hófst samrekstur félagsins með Nova í Sendafélaginu ehf. Félagið starfar á sviði uppbyggingu farsímakerfa og eru væntingar um að rekstur félagsins muni leiða til aukins hagræðis hvað varðar kostnað og fjárfestingar.

Hlutfé og samþykktir

Útgefið hlutfé félagsins nam í árslok 3.362 millj. kr. Hlutféð er í einum flokki, sem skráður er á Nasdaq Iceland. Allir hlutir njóta sömu réttinda.

Á aðalfundi Fjarskipta hf. þann 19. mars 2015 var samþykkt arðgreiðslustefna fyrir félagið. Stefnt er að því að greiða hluthöfum árlega arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 20-40% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni.

Við mótnun tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn taka tillit til markmiða fjárstýringarstefnu félagsins, markaðsaðstæðna og fjárfestingaþarfa félagsins.

Í ágúst 2014 var tilkynnt um endurkaupaáætlun á eigin bréfum félagsins. Endurkaupin máttu nema að hámarki 300 millj. kr. að kaupvirði og skyldi gilda til 28. febrúar 2015. Í júlí 2015 var tilkynnt um nýja endurkaupaáætlun að hámarki 400 millj. kr. að kaupvirði sem skyldi gilda til 31. desember 2015 eða skemur ef skilyrðum um hámarkskaup væru uppfyllt fyrr. Endurkaupaáætluninni lauk 21. desember 2015.

Á stjórnarfundum 17. febrúar 2016 var samþykkt ný endurkaupaáætlun. Samkvæmt endurkaupaáætluninni mega endurkaup félagsins nema að hámarki 100 millj. kr. að kaupvirði. Endurkaupatímabilið er frá 18. febrúar 2016 til 17. mars 2016 eða skemur ef skilyrði um hámarkskaup eru uppfyllt fyrr. Stjórn gerir tillögu um að ekki verði greiddur arður vegna ársins 2015 en vísar að öðru leyti til ársreiknings hvað varðar ráðstöfun á hagnaði ársins og breytingu á eigin fé.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Hluthafar í árslok 2015 voru 519 (2014, 409) og fjölgaði um 110 á árinu. Eftirfarandi voru 10 stærstu hluthafar við árslok:

Nafn	Fjöldi hluta	Fjöldi hluta	hlutur %	hlutur %
	31.12.2015 (‘000)	31.12.2014 (‘000)	31.12.2015	31.12.2014
Lífeyrissjóður verslunarmanna	44.670	44.670	13,7%	13,3%
Gildi - Lífeyrissjóður	43.339	32.061	13,3%	9,5%
Júpíter - Innlend hlutabréf	20.285	23.210	6,2%	6,9%
Ursus ehf.	19.723	19.273	6,0%	5,7%
Stefnir - Samval	19.634	17.204	6,0%	5,1%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	19.600	22.110	6,0%	6,6%
Kvika banki hf. (2014: MP banki hf.)	17.868	28.408	5,5%	8,5%
Landsbankinn hf.	11.494	-	3,5%	0,0%
Tryggingamiðstöðin hf.	10.783	10.783	3,3%	3,2%
Stapi lífeyrissjóður	9.977	12.777	3,1%	3,8%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins B-deild	-	9.290	0,0%	2,8%
	217.373	219.786	66,5%	65,4%
Aðrir hluthafar	109.672	116.354	33,5%	34,6%
Samtals útistandandi hlutir	327.045	336.140	100,0%	100,0%
Eigin hlutir	9.095	4.626	0,0%	0,0%
Samtals útgefnir hlutir	336.140	340.766	100,0%	100,0%

Nánari upplýsingar um atriði tengd hlutafé er að finna í skýringu 23. Viðbótarupplýsingar um hluthafa má nálgast á heimasíðu Fjarskipta hf. www.vodafone.is

Stjórnarhættir

Stjórn Fjarskipta hf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja leiðbeiningum um Stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í júní 2015. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs Íslands www.vi.is. Félagið er með skráð hlutabréf í Nasdaq Iceland og ber því að fylgja framangreindum leiðbeiningum samkvæmt reglum Kauphallarinnar.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti endurnýjaði á árinu viðurkenningu til Fjarskipta hf. sem *Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum*. Fjarskipti hf. hafði áður hlotið viðurkenningu á árinu 2014.

Í tengslum við gerð ársreikningsins er virkni innra eftirlits skoðuð, áhættuþættir metnir, aðgangsstýringar skoðaðar sem og skilgreining ábyrgðar. Stjórn félagsins fær reglulega upplýsingar um fjárhagslega afkomu félagsins, sundurliðað niður á helstu þætti starfseminnar. Endurskoðunarnefnd fundar reglulega þar sem m.a. er farið yfir áhættuþætti er snúa að innra eftirliti.

Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í kaflanum Stjórnarháttayfirlýsing sem er viðauki við ársreikninginn.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga. Er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2015 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2015. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir árið 2015 gefi glögggt yfirlit um árangur af rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Fjarskipta hf. hafa í dag rætt samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2015 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. febrúar 2016

Í stjórn

Heiðar Guðjónsson

Anna Guðný Aradóttir

Agla Elísabet Hendriksdóttir

Hjörleifur Pálsson

Vilmundur Jósefsson

Forstjóri

Stefán Sigurðsson

Fjárhagslegar lykiltölur

	2015	2014	% breyting
Fjárhagsupplýsingar			
Heildartekjur	13.724	13.236	4%
Rekstrarhagnaður	1.931	1.785	8%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.604	1.363	18%
Hagnaður ársins	1.287	1.094	18%
Hagnaður á hlut	3,86	3,22	20%
Fjárfestingar ársins	1.560	1.576	(1%)
Handbært fé frá rekstri	2.853	2.479	15%
Frammistöðumat			
EBITDA	3.237	3.092	5%
EBITDA hlutfall	23,6%	23,4%	1%
Frjálst fjárlæði (FCF)*	1.673	1.293	29%
Nettó vaxtaberandi skuldir	3.923	4.571	(14%)
Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA	1,2	1,5	(20%)

* Frjálst fjárlæði samanstendur af handbæru fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt að frádrögnum fjárfestingahreyfingum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Fjarskipta hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Fjarskipta hf. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningur Fjarskipta hf. gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2015, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 17. febrúar 2016

KPMG ehf.

Kristrún H. Ingólfssdóttir

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2015	2014
Seldar vörur og þjónusta	6	13.724	13.236
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	7	(7.290)	(6.990)
Framlegð		6.434	6.246
Rekstrarkostnaður	8	(4.503)	(4.461)
Rekstrarhagnaður		1.931	1.785
Fjármunatekjur		35	45
Fjármagnsgjöld		(362)	(467)
Hrein fjármagnsgjöld	10	(327)	(422)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.604	1.363
Tekjuskattur	19	(317)	(269)
Hagnaður ársins		1.287	1.094
Hagnaður á hlut	24	3,86	3,22
Þynntur hagnaður á hlut	24	3,86	3,22

Yfirlit um heildarafkomu

	2015	2014
Hagnaður ársins	1.287	1.094
Önnur heildarafkoma		
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags	(78)	(19)
Heildarafkoma ársins	1.209	1.075

Skýringar á bls. 77-101 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar

Efnahagsreikningur

	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir	11	4.444	4.332
Óefnislegar eignir	17	7.229	7.150
Eignahlutur í hlutdeildar- og öðrum félögum		12	9
Skatteign	20	199	479
Fastafjármunir samtals		11.884	11.970
Veltufjármunir			
Birgðir	21	347	329
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	22	2.823	2.709
Handbært fé		420	528
Veltufjármunir samtals		3.590	3.566
Eignir samtals		15.474	15.536
Eigið fé			
Hlutfé		3.270	3.362
Yfirverðsreikningur hlutfjár		2.651	2.973
Þýðingarmunur		149	227
Óráðstafað eigið fé		3.009	1.941
Eigið fé	23	9.079	8.503
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	25,26,27	4.047	4.638
Tekjuskattsskuldbinding	20	40	32
Langtímaskuldir samtals		4.087	4.670
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	25,27	296	461
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	28	1.907	1.804
Fyrirframinnheimtar tekjur	29	80	65
Tekjuskattur til greiðslu		25	33
Skammtímaskuldir samtals		2.308	2.363
Skuldir samtals		6.395	7.033
Eigið fé og skuldir samtals		15.474	15.536

Skýringar á bls. 77-101 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar

Eiginfjáryfirlit

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samts
2014					
Eigið fé 1.1.2014	3.408	3.083	246	847	7.584
Keyptir eigin hlutir	(46)	(110)	-	-	(156)
Heildarafkoma ársins	-	-	(19)	1.094	1.075
Eigið fé 31.12.2014	3.362	2.973	227	1.941	8.503
2015					
Eigið fé 1.1.2015	3.362	2.973	227	1.941	8.503
Eigin hlutir	(92)	(322)	-	-	(414)
Greiddur arður vegna ársins 2014 (0,65 á hlut)	-	-	-	(219)	(219)
Heildarafkoma ársins	-	-	(78)	1.287	1.209
Eigið fé 31.12.2015	3.270	2.651	149	3.009	9.079

Skýringar á bls. 77-101 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar

Sjóðstreymisyfirlit

	Skýr.	2015	2014
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi		1.287	1.094
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	11	978	1.006
Afskriftir óefnislegra eigna	17	328	301
Hrein fjármagnsgjöld	10	327	422
Söluhagnaður eigna	(8)	(3)	
Tekjuskattur	19	317	269
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		3.229	3.089
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, breyting	(19)	(79)	
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting	(117)	128	
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	112	(231)	
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting	15	(42)	
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		3.220	2.865
Innborgaðar vaxtatekjur		35	44
Greidd vaxtagjöld	(371)	(424)	
Greiddir skattar	(31)	(6)	
Handbært fé frá rekstri		2.853	2.479
Fjárfestingarhreyfingar			
Seldir rekstrarfjármunir		13	4
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	11	(1.139)	(1.213)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	17	(421)	(363)
Fjárfestingarhreyfingar		(1.547)	(1.572)
Fjármögnunarhreyfingar			
Endurkaup á eigin hlutum	(414)	(156)	
Greiddur arður	(219)	-	
Uppgreitt lán	(4.877)	-	
Tekið nýtt lán	4.500	-	
Afborganir langtímalána	(379)	(553)	
Fjármögnunarhreyfingar		(1.389)	(709)
Breyting á handbæru fé		(83)	198
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(25)	(5)	
Handbært fé í ársbyrjun		528	335
Handbært fé í árslok		420	528

Skýringar á bls. 77-101 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar

Skýringar

1. Félagið

Fjarskipti hf. („Félagið“) er íslenskt félag með höfuðstöðvar að Skútuvogi 2, Reykjavík. Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2015 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu ársreikningsins þann 17. febrúar 2016.

Reikningsskilaaðferðum samstæðunnar ásamt breytingum gerðum á árinu er lýst í skýringu 37.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Mat stjórnenda í reikningsskilum

Gerð samstæðuársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringum 17 og 20 um mat á ófnislegum eignum og skatteign.

a. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum samstæðunnar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda.

Að svo miklu leyti sem hægt er, notar samstæðan markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggi slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlurum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá nýta stjórnendur upplýsingarnar til að styðja þá niðurstöðu að matið uppfylli kröfur um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það stig sem slíkt mat myndi falla undir.

Gangvirðið er flokkað í þrjú stig eftir forsendum sem notaðar eru við matið:

- Stig eitt byggir á skráðu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
- Stig tvö byggir á beinum eða óbeinum markaðsforsendum sem eru aðrar en skráð verð á virkum markaði sem flokkast undir stig eitt.
- Stig þrjú byggir á forsendum og gögnum sem ekki er unnt að afla á markaði.

Nánari upplýsingar um forsendur sem notaðar eru við ákvörðun gangvirðis er að finna í skýringu 17 um ófnislegar eignir og skýringu 30 um áhættustýringu.

Skýringar, frh.:

5. Starfsþáttayfirlit Rekstrarstarfsþættir

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar. Breyting er frá framsetningu í ársreikningi 2014, þar sem vörusala, sem var áður í öðrum tekjum er sérgreind og hluti af öðrum tekjum heimfærður á aðra starfsþætti.

Samstæðan skiptist í sex starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

Farsími samanstendur af öllum tekjum vegna notkunar á farsímum, þ.m.t. gagnaflutningum í farsímakerfinu, áskriftartekjum frá einstaklingum og fyrirtækjum, seldum frelsisinnignum, reikitekjum frá ferðamönnum og samtengitekjum í farsíma.

Internet samanstendur af tekjum af netþjónustu í fastlínukerfum, þ.m.t. á ljósleiðara, xDSL þjónustu og öðrum gagnatengingum.

Fastlína samanstendur af tekjum vegna notkunar á heimasíma, fyrirtækjasíma í fastlínu og samtengitekjum í fastlínu.

Sjónvarp samanstendur af tekjum af dreifingu á báðum sjónvarpsdreifikerfum Vodafone, leigutekjum af myndlyklum og tekjum af leigu einstakra kvikmynda og þátta (TVOD), tekjum af áskriftarveitu Vodafone (SVOD), tekjum af áskriftum að línulegum stöðvum og tekjum af sölu einstaka sjónvarpsviðburða.

Vörusala samanstendur af sölu á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.

Aðrar tekjur samanstanda af þjónustutekjum og leigu á endabúnaði.

Rekstrarstarfsþættir	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar- færslur	Samtals
1.1. til 31.12.2015								
Tekjur frá þriðja aðila	4.761	3.461	1.428	1.767	1.713	594	-	13.724
Innri tekjur	2	4	40	-	18	65	(129)	0
Tekjur samtals	4.763	3.465	1.468	1.767	1.731	659	(129)	13.724

Óskipt rekstrargjöld	(10.487)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)	3.237
Afskriftir	(1.306)
Hrein fjármagnsgjöld	(327)
Tekjuskattur	(317)
Hagnaður ársins	1.287
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags	(78)
Heildarafkoma ársins	1.209
Óskiptar eignir	15.474
Óskiptar skuldir	6.395
Fjárfestingar ársins	1.560

Skýringar, frh.:

5. Starfspáttayfirlit frh.:

Rekstrarstarfsþættir	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 31.12.2014								
Tekjur frá þriðja aðila	4.870	3.238	1.559	1.689	1.310	570	-	13.236
Innri tekjur	1	7	45	-	53	51	(157)	0
Tekjur samtals	4.871	3.245	1.604	1.689	1.363	621	(157)	13.236
Óskipt rekstrargjöld								(10.144)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)								3.092
Afskriftir								(1.307)
Hrein fjármagnsgjöld								(422)
Tekjuskattur								(269)
Hagnaður ársins								1.094
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								(19)
Heildarafkoma ársins								1.075
Óskiptar eignir								15.536
Óskiptar skuldir								7.033
Fjárfestingar ársins								1.576

Landsvæðisskipting

	Ísland	Færeyjar	Samtals
2015			
Tekjur frá þriðja aðila	12.060	1.664	13.724
EBITDA	2.893	344	3.237
Eignir starfsþátta	14.268	1.206	15.474
Fjárfestingar ársins	1.383	177	1.560
2014			
Tekjur frá þriðja aðila	11.382	1.854	13.236
EBITDA	2.682	410	3.092
Eignir starfsþátta	14.198	1.338	15.536
Fjárfestingar ársins	1.442	134	1.576

Skýringar, frh.:

6. Seldar vörur og þjónusta

Seldar vörur og þjónusta greinast þannig:	2015	2014
Vörusala	1.713	1.311
Seld þjónusta	12.011	11.925
Seldar vörur og þjónusta samtals	13.724	13.236

7. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:	2015	2014
Kostnaðarverð seldrar vöru og þjónustu	5.700	5.386
Laun og launatengd gjöld	684	681
Afskriftir	906	923
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	7.290	6.990

8. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:	2015	2014
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.329	1.385
Sölu- og markaðskostnaður	365	421
Laun og launatengd gjöld	2.409	2.271
Afskriftir	400	384
Rekstrarkostnaður samtals	4.503	4.461

9. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2015	2014
Laun	2.578	2.491
Lífeyrисиðgjöld	232	219
Önnur launatengd gjöld	283	242
Laun og launatengd gjöld samtals	3.093	2.952

Stöðugildi að meðaltali á árinu 369 363

Í árslok 2015 voru 56% af stjórnendum samstæðunnar karlar og 44% konur (2014: 53% / 47%). Heildarfjöldi starfsmanna var 403, 67% karlar og 33% konur (2014: 401, 68% / 32%).

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:	2015	2014
Kostnaðarverð seldrar þjónustu	684	681
Rekstrarkostnaður	2.409	2.271
Laun og launatengd gjöld samtals	3.093	2.952

Skýringar, frh.:

10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2015	2014
Vaxtatekjur af lánum og krófum	25	39
Aðrar vaxtatekjur	10	5
Gengishagnaður	-	1
Fjármunatekjur samtals	35	45
Vaxtagjöld og verðbætur	(355)	(467)
Gengistap	(7)	-
Fjármagnsgjöld samtals	(362)	(467)
Hrein fjármagnsgjöld samtals	(327)	(422)

11. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Áhöld, tæki			Samtals
	Fasteignir	Fjarskipta- búnaður	bifreiðar og innréttingar	
Kostnaðarverð				
Heildarverð 1.1.2014	50	13.867	1.264	15.181
Viðbætur á árinu	-	1.087	126	1.213
Selt og niðurlagt á árinu	-	(420)	(46)	(466)
Áhrif gengisbreytinga	-	(41)	(1)	(42)
Heildarverð 31.12.2014	50	14.493	1.343	15.886
Viðbætur á árinu	-	994	145	1.139
Selt og niðurlagt á árinu	-	(1.040)	(24)	(1.064)
Áhrif gengisbreytinga	-	(115)	(7)	(122)
Heildarverð 31.12.2015	50	14.332	1.457	15.839

Skýringar, frh.:

11. Rekstrarfjármunir, frh.:

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld, tæki		Samtals
		Fjarskipta- búnaður	bifreiðar og innréttingar	
Afskriftir og virðisrymnun				
Afskriftir 1.1.2014	15	10.030	998	11.043
Afskrift ársins	2	886	118	1.006
Selt og niðurlagt á árinu	-	(420)	(40)	(460)
Áhrif gengisbreytinga	-	(33)	(2)	(35)
Afskrifað alls 31.12.2014	17	10.463	1.074	11.554
Afskrift ársins	2	867	109	978
Selt og niðurlagt á árinu	-	(1.035)	(21)	(1.056)
Áhrif gengisbreytinga	-	(73)	(8)	(81)
Afskrifað alls 31.12.2015	19	10.222	1.154	11.395
Bókfært verð				
1.1.2014	35	3.837	266	4.138
31.12.2014	33	4.030	269	4.332
31.12.2015	31	4.110	303	4.444
Afskriftarhlutföll	3%	5-33%	15-67%	

12. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:	2015	2014
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 11	978	1.006
Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýringu 17	328	301
Fært í rekstrarreikning sem afskriftir	1.306	1.307

13. Afskriftir á rekstrarliði

Afskriftir á rekstrarliði greinast þannig:	2015	2014
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	906	923
Annar rekstrarkostnaður	400	384
Fært í rekstrarreikning sem afskriftir	1.306	1.307

14. Fasteignamat og vátryggingarverð

Bókfært verð fasteigna samstæðunnar nam 31 millj. kr. í árslok 2015 (2014: 33 millj. kr.), en á sama tíma nam fasteignamat þeirra 40 millj. kr. (2014: 33 millj. kr.), og brunabótamat 55 millj. kr. (2014: 52 millj. kr.). Vátryggingarverðmæti annarra eigna nam 6.622 millj. kr. (2014: 7.242 millj. kr.) í árslok.

Skýringar, frh.:

15. Veðsetning eigna

Félagið var endurfjármagnað á árinu og á eignum samstæðunnar hvílir tryggingarbréf að fjárhæð 3.000 millj. kr. (2014: 7.398 millj. kr. (58,3 millj. USD)) til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum Fjarskipta hf. við Landsbanka Íslands í árslok 2015. Veðið nær til alls lausafjár, þ.m.t. veð í bifreiðum, fjarskiptabúnaði, leigusamningum, afnotasamningum, vörubirgðum, viðskiptakröfum og vörumerkjum.

16. Fjárfestingaskuldbindingar

Félagið hefur gert saming um afnot af nýjum sæstreng til 15 ára. Áætlað var að strengurinn yrði tekinn í notkun um mitt ár 2015. Nú liggur fyrir að það verða enn frekari tafir á að strengurinn verði tekinn í notkun og ríkir veruleg óvissa um tímasetningar í því sambandi.

17. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskipta- vild	Aðrar óefnislegar eignir	Samtals
Kostnaðarverð			
Heildarverð 1.1.2014	9.137	3.200	12.337
Viðbætur á árinu	-	363	363
Áhrif gengisbreytinga	(8)	(16)	(24)
Heildarverð 31.12.2014	9.129	3.547	12.676
Viðbætur á árinu	-	421	421
Áhrif gengisbreytinga	(25)	(19)	(44)
Heildarverð 31.12.2015	9.104	3.949	13.053
Afskriftir og virðisrýrnun			
Afskriftir 1.1.2014	3.333	1.909	5.242
Afskrift ársins	-	301	301
Áhrif gengisbreytinga	(7)	(10)	(17)
Afskrifað alls 31.12.2014	3.326	2.200	5.526
Afskrift ársins	-	328	328
Áhrif gengisbreytinga	(16)	(14)	(30)
Afskrifað alls 31.12.2015	3.310	2.514	5.824
Bókfært verð			
1.1.2014	5.804	1.291	7.095
31.12.2014	5.803	1.347	7.150
31.12.2015	5.794	1.435	7.229

Afskriftarhlutföll Virðisrýrnun-
unarpróf 10-33%

Skýringar, frh.:

17. Óefnislegar eignir, frh.:

Virðisrýrnunarpróf vegna sjóðskapandi eininga sem innihalda viðskiptavild

Í árslok 2015 var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild samstæðunnar. Samstæðan samanstendur af tveimur sjóðskapandi einingum sem metnar eru sem sjálfstæðar einingar. Samkvæmt niðurstöðu prófsins í árslok 2015 hefur ekki komið til virðisrýrnunar á viðskiptavild.

Bókfært verð viðskiptavildar greinist þannig niður á starfsþætti:

	Viðskiptavild	
	2015	2014
Viðskiptavild tengd vörum og þjónustu á Íslandi	5.710	5.710
Viðskiptavild tengd vörum og þjónustu í Færeyjum	84	93
Viðskiptavild samtals	5.794	5.803

Endurheimtanleg fjárhæð hverrar sjóðskapandi einingar var metin út frá notkunarvirði. Notkunarvirði var ákvarðað á þann hátt að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi miðað við áframhaldandi nýtingu eininganna. Fjárstreymi var byggt á rekstraráætlun næstu fimm ára. Við mat á nýtingarvirði byggja stjórnendur á áætlunum á framtíðarþróun á sviði fjarskipta, byggt er á bæði ytri og innri upplýsingum.

Stuðst var við eftirfarandi forsendur við mat á notkunarvirði:

	Ísland		Færeyjar	
	2015	2014	2015	2014
Nafnvöxtur tekna 2015 / 2014	5,2%	1,8%	(1,7%)	(2,1%)
Meðalvöxtur tekna 2016 til 2020 / 2015 til 2019	2,5%	2,6%	0,3%	0,9%
Framtíðarvöxtur að teknu tilliti til verðlagsþróunar	2,5%	2,5%	1,2%	1,2%
EBITDA meðalvöxtur 2016 til 2020 / 2015 til 2019	2,8%	3,2%	1,1%	1,6%
Ávöxtunarkrafa, WACC	10,4%	11,3%	9,2%	9,4%

Stjórnendur telja að raunhæfar breytingar í lykilforsendum myndu ekki leiða til þess að endurheimtanlegt virði viðskiptavildarinnar yrði lægra en bókfært verð hennar.

18. Sameiginlegur rekstur

Sendafélagið ehf. var stofnað um sameiginlegan rekstur á farsímadreifikerfum Fjarskipta hf. og Nova ehf. og tók formlega til starfa 1. nóvember 2015. Hvort félag um sig á 50% hlut í Sendafélaginu og er hlutur samstæðunnar í hverjum lið rekstrar og efnahags í Sendafélaginu færður í samstæðureikning línu fyrir línu.

19. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur greinist þannig:	2015		2014	
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.604		1.363
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%	321	20,0%	273
Áhrif skatthlutfalla á erlendum skattasvæðum	(0,2%)	(4)	(0,4%)	(5)
Aðrir liðir	0,0%	0	0,1%	1
Virkur tekjuskattur	19,8%	317	19,7%	269

Skýringar, frh.:

20. Skatteign

	2015		2014	
	Skatteign	Skatt-skuldb.	Skatteign	Skatt-skuldb.
Skatteign samstæðunnar greinist þannig:				
Skatteign (tekjuskattsskuldbinding) í ársbyrjun	479	(32)	700	(17)
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	(280)	(37)	(221)	(48)
Tekjuskattur til greiðslu	-	25	-	33
Áhrif gengis	-	4	-	-
Skatteign (tekjuskattsskuldbinding) í árslok	199	(40)	479	(32)

	2015		2014	
	Skatteign	Skatt-skuldb.	Skatteign	Skatt-skuldb.
Skatteign skiptist þannig á einstaka liði:				
Rekstrarfjármunir	(299)	(29)	(285)	(21)
Aðrir liðir	35	(11)	34	(11)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	463	-	730	-
Skatteign (tekjuskattsskuldbinding) í árslok	199	(40)	479	(32)

Yfirfæranlegt skattalegt tap samstæðunnar nemur 2.316 millj. króna. Tapið er nýtanlegt á móti skattskyldum tekjum í tíu ár frá því það fellur til, en stærsti hluti tapsins er nýtanlegt til ársins 2018. Það er mat stjórnenda að rekstur samstæðunnar á næstu árum muni skapa skattskyldar tekjur og yfirfæranlegt skattalegt tap muni nýtast að fullu.

	Staða í		
	upphafi árs	Breyting á árinu	Staða í árslok
Skatteign samstæðunnar greinist þannig:			
Yfirfæranlegt tap ársins 2008 nýtanlegt til 2018	3.154	(1.332)	1.822
Yfirfæranlegt tap ársins 2009 nýtanlegt til 2019	494	-	494
	3.648	(1.332)	2.316

21. Birgðir

Birgðir í árslok samanstanda af fjarskiptabúnaði til sölu, og óuppsettum sendabúnaði.

Birgðir að fjárhæð 347 millj. kr. (2014: 329 millj. kr.) eru veðsettar til tryggingar á lánum til samstæðunnar.

22. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

	2015	2014
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	2.811	2.608
Aðrar skammtímakröfur	191	290
Niðurfærslureikningur krafna	(179)	(189)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	2.823	2.709

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan byggir á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspeglir gangvirði þeirra.

Fjallað er um lánsáhættu, gengisáhættu og virðisrýrnun viðskiptakrafna og annarra krafna samstæðunnar í skýringu 30.

Viðskiptakröfur að fjárhæð 2.461 millj. kr. (2014: 2.271 millj. kr.) eru veðsettar til tryggingar á lánum til samstæðunnar.

Skýringar, frh.:

23. Eigið fé

Hlutafé

Samtals útgefið hlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 3.362 millj. kr. (2014: 3.408 millj. kr.). Á árinu keypti félagið eigin bréf að nafnverði 92 millj. kr., samtals. Kaupverð hlutana nam 414 millj. kr. í samræmi við endurkaupaáætlanir félagsins. Í árslok 2015 er því útistandandi hlutafé félagsins 3.270 millj. kr. Hver hlutur er 10 krónur að nafnverði. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun.

Yfirverðsreikningur hlutafjár

Yfirverðsreikningur hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð.

Þýðingarmunur

Þýðingarmunur sem verður til við umreikning reikningsskila erlends dótturfélags í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár. Ef erlend starfsemi er seld eða lögð niður, að hluta eða öllu leyti, er eiginfjárliðurinn leystur upp og færður í rekstrarreikning.

Arður

Á árinu 2015 var greiddur út arður vegna rekstrarársins 2014 að fjárhæð 219 millj. kr. eða 0,65 kr. á útistandandi hlut. Ekki verður greiddur út arður vegna rekstrarársins 2015.

24. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar sem tilheyrir hluthöfum í félaginu og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut miðar við hagnað sem ráðstafað er til hluthafa í félaginu og vegins meðalfjölda virkra hluta að teknu tilliti til þynningaráhrifa væntra útgefina hluta vegna kaupréttá starfsmanna. Þynntur hagnaður á hlut er jafn hagnaði á hlut, þar sem félagið hefur ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé eða gert kaupréttarsamninga.

Hagnaður á hlut greinist þannig:	2015	2014
Hagnaður ársins	1.287	1.094
Hlutafé í ársbyrjun	3.362	3.408
Áhrif keyptrá og seldra eigin hluta	(27)	(8)
Vegið meðaltal útistandandi hluta á árinu	3.335	3.400
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut	3,86	3,22
Hagnaður á hverja krónu hlutafjár og þynntur hagnaður á hverja krónu hlutafjár	0,39	0,32

Skýringar, frh.:

25. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:	2015	2014
Skuldir við lánastofnanir	4.343	5.099
Næsta árs afborganir	(296)	(461)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	4.047	4.638
Vaxtaberandi skammtímaskuldir greinast þannig:	2015	2014
Næsta árs afborganir langtímaskulda	296	461
Vaxtaberandi skammtímaskuldir samtals	296	461
Vaxtaberandi skuldir samkvæmt efnahagsreikningi samtals	4.343	5.099

26. Vaxtaberandi langtímaskuldir í lok ársins eftir gjaldmiðlum

Vaxtaberandi langtímaskuldir í árslok greinast þannig eftir gjaldmiðlum:	2015		2014	
	Vaxtakjör	Eftirstöðvar	Vaxtakjör	Eftirstöðvar
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	7,3%	4.343	6,9%	5.099
		4.343		5.099

27. Afborganir af langtímalánum

Afborganir af langtímalánum greinast þannig á næstu ár:	2015	2014
Afborganir 2015	-	461
Afborganir 2016	296	461
Afborganir 2017	296	462
Afborganir 2018	300	464
Afborganir 2019	300	464
Afborganir 2020	300	-
Afborganir síðar	2.851	2.787
Samtals	4.343	5.099

Í júní gekk félagið frá endurfjármögnun á lánum sínum. Samið var við Landsbankann hf. um langtímalán til 7 ára að fjárhæð 4.500 millj. kr. og rekstrarlánalínu til 5 ára að fjárhæð 500 millj. kr. Rekstrarlánalínan var ónýtt í lok árs 2015.

Kvaðir í lánssamningum

Í árslok uppfyllti samstæðan allar kvaðir í lánssamningum.

Veðsetningar

Skuldir samstæðunnar við lánastofnanir eru tryggðar með veðum í rekstarfjármunum, eignarhlutum í dótturfélögum, bankainnstæðum, viðskiptakröfum og birgðum í samræmi við skýringar 11, 21, 22, 35.

28. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2015	2014
Viðskiptaskuldir	1.145	1.017
Aðrar skammtímaskuldir	762	787
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	1.907	1.804

Skýringar, frh.:

29. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur eru vegna fyrirframgreiddrar símnotkunar og annarra fyrirframgreiðslna frá viðskiptavinum.

30. Áhættustýring

a. Yfirlit

Eftirfarandi áhætta fylgir fjármálagerningum samstæðunnar:

Lánsáhætta

Lausafjáraáhætta

Markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreinda áhættu og markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og draga úr áhættunni. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Stjórn móðurfélags ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna samstæðunnar og aðferðir eru yfirfarin reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Með þjálfun starfsmanna og starfsreglum stefnir samstæðan að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna og ræðst af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Stjórnendur hafa innleitt stefnu vegna innheimtu og mánaðarlega er fylgst með áhættu vegna hennar. Mat á innheimtu er unnið reglulega og nauðsynlegar niðurfærslur gerðar.

Samstæðan hefur sett reglur þar sem greiðsluhæfi nýrra viðskiptavina er kannað áður en þeim er veittur gjaldfrestur. Innheimtuferli hefur verið skilgreint fyrir alla flokka viðskiptakrafna, viðskiptakröfur eru yfirfarnar reglulega og kröfur metnar.

Aldursgreining viðskiptakrafna er yfirfarin mánaðarlega og mynduð niðurfærsla vegna áætlaðrar virðisrýmunar þeirra. Niðurfærslan er reiknuð hlutfallslega miðað við aldur viðskiptakrafna. Lagt er mat á áhættukröfur og ef ástæða þykir til, er færð sérstök niðurfærsla.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra sem var eftirfarandi í árslok:

	Skýring	Bókfært verð	
		2015	2014
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	22	2.823	2.709
Handbært fé		420	528
Samtals		3.243	3.237

Mesta mögulega tap samstæðunnar á viðskiptakröfum skiptist með eftirfarandi hætti eftir landsvæðum:

Ísland	2.461	2.271
Færeyjar	350	337
Samtals	2.811	2.608

Í árslok námu viðskiptakröfur á fimm stærstu viðskiptamenn samstæðunnar 413 millj. kr. (2014: 401 millj. kr.)

Skýringar, frh.:

30. Áhættustýring, frh.:

Virðisrýrnun viðskiptakrafna

Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok:	Nafnverð kröfu		Niðurfærsla	
	2015	2014	2015	2014
Ógjaldfallið	2.536	2.296	(52)	(49)
Gjaldfallið innan 90 daga	136	117	(13)	(15)
Gjaldfallið fyrir meira en 90 dögum	139	195	(114)	(125)
Heildarstaða viðskiptakrafna í árslok 2015	2.811	2.608	(179)	(189)

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna á árinu greinast þannig:

Staða 1. janúar 2015	(189)	(199)
Tekjufært (gjaldfært) á árinu	(16)	(39)
Raun afskriftir ársins	26	49
Staða í árslok 2015	(179)	(189)

31. Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar.

Félagið hefur sett sér fjárstýringarstefnu þar sem skilgreind er stefna varðandi lausafjánhættu. Stefnan er til grundvallar um meðhöndlun á handbæru fé og ráðstöfun þess og segir hvernig skuli lágmarka áhættu og tryggja handbært fé til að standa skil á skuldbindingum félagsins. Sjóðstreymisáætlanir eru gerðar mánaðarlega og spáð fyrir um lausafjárþörf. Samstæðan hefur aðgengi að rekstrarlánalínu hjá viðskiptabanka sínum ef á þarf að halda. Ónýtt lánsheimild rekstrarlánalínu og yfirdráttar var 700 millj. kr. í árslok. (2014: 1.262 millj. kr.)

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum, að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum, greinast þannig:

	Bókfært verð	Umsamið sjóð- streymi	Innan árs	1 til 2 ár	2 til 5 ár	Meira en 5 ár
31. desember 2015						
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Vaxtaberandi skuldir	4.343	6.621	597	577	1.095	4.352
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.907	1.907	1.907	-	-	-
Samtals	6.250	8.528	2.504	577	1.095	4.352
31. desember 2014						
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Vaxtaberandi skuldir	5.099	7.283	836	800	1.522	4.125
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.804	1.804	1.804	-	-	-
Samtals	6.903	9.087	2.640	800	1.522	4.125

Skýringar, frh.:

30. Áhættustýring, frh.:

d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhattu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

(i) Gjaldmiðlagengisáhætta

Starfrækslugjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur, en hluti tekna og innkaupa samstæðunnar er í öðrum gjaldmiðlum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru evra (EUR) og dollar (USD).

Áhætta samstæðunnar vegna erlendra gjaldmiðla var sem hér segir í nafnverðsfjárhæðum í millj. kr.

31. desember 2015	EUR	USD
Viðskiptakröfur	20	21
Handbært fé	88	90
Viðskiptaskuldir	(143)	(23)
Áhætta í efnahagsreikningi	(35)	88

31. desember 2014	EUR	USD
Viðskiptakröfur	34	2
Handbært fé	87	122
Viðskiptaskuldir	(140)	(53)
Áhætta í efnahagsreikningi	(19)	71

Gengi helstu gjaldmiðla á árinu var sem hér segir:

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2015	2014	2015	2014
EUR	146,30	154,86	141,32	154,27
USD	131,85	116,75	129,59	126,90

Næmnigreining

10% styrking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum í árslok myndi lækka eigið fé og afkomu samstæðunnar um 5,2 millj. kr. fyrir tekjuskatt, (2014: 5,2 millj. kr.). Greiningin byggir á að allar aðrar breytur, þ.m.t. vextir, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2014.

10% veiking íslenskrar krónu gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist óbreyttar.

(ii) Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar eru allar með breytilegum vöxtum. Samstæðan ver sig ekki sérstaklega fyrir breytingum á vöxtum.

Vaxtaberandi fjárskuldir samstæðunnar greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:	2015	2014
Fjárskuldir með breytilega vexti	4.343	5.099

Breyting á vöxtum um 100 punkta hefði breytt afkomu um 43 millj. kr. fyrir tekjuskatt (2014: 51 millj. kr.). Samstæðan er hvorki með fjáreignir né fjárskuldir á föstum vöxtum.

Skýringar, frh.:

30. Áhættustýring, frh.:

e. Gangvirði

Mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda er óverulegur.

31. Eiginfjárstýring

Það er markmið félagsins að eiginfjárstaða samstæðunnar sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Til lengri tíma er markmið um að minnsta kosti 25% eiginfjárlutfall. Eiginfjárlutfall í lok árs 2015 nam 58,7% (2014: 54,7%).

Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarkseiginfjárstöðu.

Á aðalfundi Fjarskipta hf. þann 19. mars 2015 var samþykkt arðgreiðslustefna fyrir félagið. Stefnt er að því að greiða hluthöfum árlega arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 20-40% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni.

32. Rekstrarleiga

Leiga sem leigutaki

Rekstrarleigugreiðslur greinast þannig:	2015	2014
Innan árs	225	204
Eftir 1 til 5 ár	917	843
Eftir meira en 5 ár	1.241	1.383
Samtals	2.383	2.430

Samstæðan hefur gert rekstrarleigusamninga um fasteignir, áhöld og tæki til allt að níttján ára. Á árinu 2015 voru 229 millj. kr. (2014: 217 millj. kr.) gjaldfærðar í rekstrarreikningi vegna rekstrarleigusamninga.

Skýringar, frh.:

33. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila samstæðunnar eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð í eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar.

Viðskipti við stjórn og lykilstjórnendur

Laun og hlunnindi til stjórnenda samstæðunnar vegna starfa fyrir félag samstæðunnar og eignarhlutir í félaginu greinast þannig:	Laun og hlunnindi 2015	2014	Fjöldi hluta árslok 2015
Stjórn:			
Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður	6,4	5,5	*
Hildur Dungal, varaformaður	3,0	2,9	-
Anna Guðný Aradóttir, stjórnarmaður	3,4	3,4	-
Hjörleifur Pálsson, stjórnarmaður	3,4	3,9	-
Vilmundur Jósefsson, stjórnarmaður	3,0	2,2	274.790
Agla Elísabet Hendriksdóttir, varamaður	0,6	0,8	227.380
Yngvi Halldórsson, varamaður	0,5	0,3	-
Erna Eiríksdóttir, fyrrverandi stjórnarmaður	-	0,7	-
Erlendur Steinn Guðnason, fyrrverandi varamaður	-	0,1	-
Lykilstjórnendur:			
Stefán Sigurðsson, forstjóri Fjarskipta hf	50,0	25,2	155.000
Ómar Svavarsson, fyrrverandi forstjóri Fjarskipta hf.	-	57,9	-
Gudny Langgaard, forstjóri Kall P/F	23,9	28,4	-
Björn Víglundsson, framkvæmdarstjóri sölu og þjónustusviðs	26,6	28,6	38.483
Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdarstjóri, fjármála og rekstrarsviðs	27,0	28,6	126.984
Kjartan Briem, framkvæmdarstjóri tæknisviðs	26,8	29,0	-
Hrannar Pétursson, fyrrum framkvæmdarstjóri samskiptasviðs	11,8	23,3	-

* Heiðar Guðjónsson á ekki eignarhlut í Fjarskiptum hf. en Ursus ehf. fjárhagslega tengdur aðili á 6,0% í félaginu.

Með eignarhlutum eru taldir eignarhlutir maka og ófjárráða barna ásamt eignarhlutum í eigu félaga sem stjórnendurnir ráða.

Önnur viðskipti við stjórn og lykilstjórnendur eru óverulegur þáttur í starfsemi samstæðunnar. Skilmálar og skilyrði viðskipta við stjórn og lykilstjórnendur eru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

Viðskipti við tengda aðila

Sala á vörum og þjónustu til tengdra aðila og félaga tengdra þeim nam 5 millj. kr. á árinu 2015 (2014: 6 millj. kr.), en kaup á vörum og þjónustu námu 2 millj. kr. (2014: 2 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

34. Dótturfélag

Fjarskipti hf. átti eitt dótturfélag í árslok 2015 eins og í ársbyrjun. Dótturfélagið P/F Kall í Færeyjum er að fullu í eigu félagsins.

35. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Félagið var endurfjármagnað á árinu og á eignum samstæðunnar hvílir tryggingarbréf að fjárhæð 3.000 millj. kr. (2014: 7.398 millj. kr. (58,3 millj. USD)) til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum Fjarskipta hf. við Landsbanka Íslands í árslok 2015. Veðið nær til alls lausafjár, þ.m.t. veð í bifreiðum, fjarskiptabúnaði, leigusamningum, afnotasamningum, vörubirgðum, viðskiptakröfum og vörumerkjum.

Handveð er í öllum hlutabréfum P/F Kall, dótturfélagi Fjarskipta hf., en hlutabréfin standa til tryggingar öllum skuldum Fjarskipta hf. við Landsbankann hf.

36. Önnur mál

Fjarskipti hf. eiga í málarekstri við önnur félög og eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskiptamarkaði. Félagið færir skuldbindingar og/eða kröfur vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðar greiðslur og ávinning með áreiðanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurði, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið.

Á þessum tímapunkti getur félagið ekki metið framtíðar skuldbindingar eða kröfur sem leiða af niðurstöðum málareksturs meðal annars vegna þess að það getur tekið langan tíma að fá niðurstöður í mál ásamt því að mál geta tekið breytingum og þróast í ólíkar áttir. Vegna þessa hefur engin skuldbinding né krafa verið færð í ársreikning félagsins.

Hér fer yfirlit yfir mikilvægan málarekstur félagsins. Annar málarekstur félagsins er ekki talin hafa veruleg áhrif á rekstur og efnahag félagsins:

Fjarskipti hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun

Á árinu stefndu Fjarskipti hf. Póst- og fjarskiptastofnun („PFS“) og gerðu þá dómkröfu að ógiltur verði með dómi úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála í máli nr. 3/2014 frá 11. október 2014. Úrskurðurinn sem stefnandi leitast ógildingar á felur í sér að sms-þjónusta á „Mínum síðum“ á vodafone.is falli undir gildissvið fjarskiptalaga og þar með lögsögu PFS.

Verði fallist á dómkröfu Fjarskipta hf. í málinu kann það að hafa áhrif á niðurstöður dómsmála sem einstaklingar hafa höfðað á hendur félaginu vegna innbrots í tölvukerfi þess. Allt að einu er óvissa um áhrif á rekstur og efnahag félagsins og engin skuldbinding verið færð.

Stefnur vegna innbrots í tölvukerfi

Á árinu voru þingfestar sex stefnur á hendur félaginu þar sem gerðar eru kröfur um bætur vegna tjóns sem einstaklingar telja sig hafa orðið fyrir vegna innbrotsþjófnaðar erlends tölvuhakkara á heimasíðu Fjarskipta hf. í nóvember 2013 og í kjölfarið dreifingu þjófsins og annarra á hinum stolnu gögnum. Samanlögð stefnuþjárhæð er 113 millj. kr., auk vaxta og málskostnaðar. Aðalmeðferð málanna verður á öðrum ársfjórðungi 2016.

Komist dómstólar að þeirri niðurstöðu að Fjarskipti hf. sé bótaskyld vegna innbrotsins, er það mat félagsins að fjárhæðir í þeim málum sem um teflir hafi óveruleg áhrif á rekstur og efnahag félagsins og engin skuldbinding verið færð.

365 miðlar hf. (áður IP-fjarskipti ehf.) gegn Fjarskiptum hf.

IP-fjarskipti ehf. höfðuðu viðurkenningarmál á hendur Fjarskiptum hf. í febrúar 2014 og kröfðust þess að riftun á nánar tilteknum fjarskiptasamningum sem fram fór í september 2012 yrði dæmd ólöglegt. Jafnframt að viðurkenndur yrði réttur IP-fjarskipta ehf. til skaðabóta vegna tjóns og kostnaðar sem leiddi af riftun samninga milli aðila.

Þann 2. desember 2015 og voru Fjarskipti hf. sýknuð af öllum kröfum 365 miðla hf. í héraðsdómi. Ekki liggur fyrir hvort 365 miðlar hf. hyggjast áfrýja málinu til Hæstaréttar. Í ljósi niðurstöðu héraðsdóms er ólíklegt að málið hafi áhrif á rekstur og efnahag Fjarskipta hf. og því hefur engin skuldbinding verið færð.

Skýringar, frh.:

36. Önnur mál, frh.:

Fjarskipti hf. gegn 365 miðlum hf. (áður IP-fjarskipti ehf.)

Fjarskipti hf. höfðu dómsmál gegn 365 miðlum hf. til greiðslu skuldar fyrir veitta þjónustu á tímabilinu maí 2012 til janúar 2013, að fjárhæð 44 millj. kr, auk dráttarvaxa. Óvissa er um niðurstöðu málsins og er krafan niðurfærð að fullu.

Gerðardómsmálið Fjarskipti hf. gegn 365 miðlum hf. (áður IP fjarskipti ehf.)

Þann 12. janúar 2016 kvað Gerðardómur Viðskiptaráðs Íslands upp dóm í máli er varðaði innheimtu á kröfum Fjarskipta hf. sem stofnuðust á árinu 2009 og fram til nóvember 2011 vegna veittrar fjarskiptaþjónustu til IP-fjarskipta ehf. (TAL) og á grundvelli þriggja reikninga, samtals að uppreiknaðri fjárhæð um 67 millj. kr. Niðurstaða gerðardómsins var að 365 miðlar hf. (áður IP fjarskipti ehf.) var sýknað af kröfu um greiðslu tveggja reikninga en krafa vegna þriðja reikningsins var viðurkennd og dæmd, samtals að fjárhæð um 8 millj. kr.

Krafa Símans hf. um ógildingu á úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 7/2015

Síminn hf. áfrýjaði í júní 2015 ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2015 til áfrýjunarnefndar samkeppnismála en með ákvörðunin hafði Samkeppniseftirlitið heimilað Fjarskiptum hf. og Nova ehf. að eiga í sameiningu félag sem myndi annast rekstur á tilteknum dreifikerfum fyrir farsímaþjónustu. Staðfesti áfrýjunarnefndin niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins í úrskurði nr. 7/2015. Höfðaði Síminn hf. þá mál til ógildingar niðurstöðunnar. Var stefna þingfest í málinu 26. nóvember 2015. Er þess krafist af hálfu Símans hf. að úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 7/2015 verði felldur úr gildi. Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála var í öllum aðalatriðum samhljóða niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins. Neikvæð niðurstaða gæti haft áhrif á rekstrargrundvöll samrekstrar Fjarskipta hf. og Nova ehf. í Sendafélaginu ehf.

Fjarskipti hf. krefja Símann hf. um skaðabætur

Í nóvember 2013 stefndu Fjarskipti hf. Símanum hf. fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta vegna brota á samkeppnislögum á árunum 2001 til 2007. Brotin fólust í ofrukkun lúkningargjalda á tímabilinu. Að mati félagsins námu ofgreiðslur Fjarskipta hf. vegna þessa 913 millj. kr. á tímabilinu og krafðist félagið þess að fá þá upphæð endurgreidda auk vaxta.

Málið er til meðferðar hjá dómstólum og er óvíst hvenær málsmeðferðinni líkur. Er nú beðið niðurstöðu dómkvaddra matsmanna um tjónið. Óvissa ríkir um niðurstöðu dómsmálsins, þó Fjarskipti hf. telji skaðabótakröfuna byggða á sterkum lagalegum grunni og kröfufjárhæðin endurspeglar það fjárhagslega tjón sem hlaut af umræddum samkeppnislaga brotum. Verði Síminn hf. dæmdur til greiðslu skaðabóta mun það hafa jákvæð áhrif á fjárhag Fjarskipta hf.

Síminn hf. gagnstefndi Fjarskiptum hf. í málinu fyrir sambærileg brot sem Síminn hf. telur sig hafa orðið fyrir af hendi Fjarskipta hf. á sama tímabili og stefna Fjarskipta hf. á hendur Símanum hf. nær til. Grundvallarmunur er á stefnum Símans hf. og Fjarskipta hf. þar sem stefna Fjarskipta hf. byggir á niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins en krafa Símans hf. gerir það ekki. Gagnstefnan er einnig til meðferðar hjá dómstólum og óvíst hvenær niðurstaða liggur fyrir. Krafa Símans hf. á hendur Fjarskiptum hf. er með vöxtum um 2.500. millj.kr. Verði Fjarskipti hf. dæmd til greiðslu skaðabóta mun það hafa neikvæð áhrif á fjárhag Fjarskipta hf.

Ágreiningur Fjarskipta hf. og Símans hf. vegna sjónvarpsmála

Fjarskiptum hf. barst á árinu 2015 krafa frá Símanum hf. um skaðabætur vegna meintrar ólögðmætrar notkunar á vörumerkinu Tímaflakk. Krafan er að fjárhæð 400 millj. kr. en henni hefur ekki ferð fylgt eftir af hálfu Símans hf. Fjarskipti hf. telja ekki grundvöll fyrir kröfunni og að fjárhæð hennar sé í engu samræmi við dómafordæmi eða málsatvik. Ágreiningur er um skráningu Símans hf. á vörumerkinu Tímaflakk, sem borinn var undir áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Með úrskurði sínum þann 15. desember 2015 staðfesti nefndin að skráning merkisins Tímaflakk skyldi halda gildi sínu. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort úrskurðurinn verði borinn undir dómstóla, en málshöfðunarfrestur er fram til 15. júní 2016.

Sýslumaðurinn í Reykjavík lagði þann 16. desember 2015 lögban að kröfu Símans hf. við því að Fjarskipti hf. taki upp og miðli sjónvarpssefni sjónvarpsstöðvanna SkjásEins og SkjásEins HD, með ólínulegum hætti. Í framhaldinu var gaf Síminn hf. út stefnu í máli sem nú er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, til staðfestingar lögþessins. Fjarskipti hf. munu taka til varna, en málið hefur ekki verið þingfest í árslok 2015.

Skýringar, frh.:

36. Önnur mál, frh.:

Ágreiningur Fjarskipta hf. og Símans hf. vegna sjónvarpsmála frh.:

Samkeppniseftirlitið og Póst- og fjarskiptastofnun hafa tekið til rannsóknar, að kröfu Fjarskipta hf., hvort aðgerðir Símans hf. í tengslum við Skjá Einn feli í sér misbeitingu markaðsyferráða og/eða brot á 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011. Samkvæmt lagaákvæðinu er fjölmiðlaþjónustuveitanda bannað að beina viðskiptum viðskiptamanna að tengdu fjarskiptafyrirtæki. Gagnkröfum Símans hf. í málunum hefur ýmist verið vísað frá eða þær ekki teknar til rannsóknar.

Niðurstaða PFS í máli því sem nú er rekið á grundvelli 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga kann að hafa áhrif á rekstur staðfestingarmálsins vegna lögbannsins. Óvissa er um áhrif á rekstur og efnahag Fjarskipta hf. og engin skuldbinding hefur verið færð.

Annar málarekstur

Míla ehf. gegn íslenska ríkinu

Míla ehf. kvartaði í júlí 2010 til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna útboðs Varnamálastofnunar á Nato-strengnum. Taldi Míla að vegna útboðsskilmálanna fælist í því ríkisaðstoð. ESA komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til að opna rannsókn á málinu. Þá niðurstöðu fór Míla með fyrir EFTA-dómstólinn sem komst að þeirri niðurstöðu að ákvörðun ESA um að hefja ekki rannsókn væri ekki nægilega vel rökstudd og lagði fyrir stofnunina að rannsaka málið nánar. Í júlí 2014 tók ESA þá ákvörðun að opna formlega rannsókn á útboðinu og hvort í því fælist ríkisaðstoð. Komist ESA að þeirri niðurstöðu að um ólögmetan ríkisstuðning sé að ræða felur það í sér endurgreiðsluskyldu á hendur Fjarskiptum hf., sem nemur hinum meinta ólögmetna ríkisstyrk, en óvissa ríkir um fjárhagsleg áhrif á rekstur og efnahag Fjarskipta hf. og engin skuldbinding verið færð. Búast má við niðurstöðu í fyrsta lagi á árinu 2016 en þó líklega ekki fyrr en árið 2017.

Skýringar, frh.:

37. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll þau tímabil sem koma fram í ársreikningi samstæðunnar. Samanburðarfrjárhæðum í rekstrarreikningi hefur verið breytt til samræmis við nýja flokkun á launakostnaði í rekstrarreikningi. Breytingin hefur engin áhrif á niðurstöður rekstrarreiknings.

Til að auka upplýsingargildi ársreikningsins eru skýringar við hann birtar á grundvelli þess hversu viðeigandi og mikilvægar þær eru fyrir lesandann. Það þýðir að upplýsingar sem metnar eru hvorki mikilvægar né viðeigandi fyrir notanda reikningsskilanna eru ekki birtar í skýringum.

Samstæðan hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og tekið gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2015 og eiga við um starfsemi samstæðunnar. Samstæðan hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast eftir 1. janúar 2015, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif þess á reikningsskil samstæðunnar hafa ekki verið metin að fullu en talið er að þau séu óveruleg.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Sameiningar fyrirtækja

Kaupaðferðinni er beitt við færslu á kaupum samstæðunnar á eignarhlutum í dótturfélögum. Kaupverðið er metið sem gangvirði þeirra eigna sem látnar eru af hendi, eiginfjárgerninga sem gefnir eru út og skulda sem stofnað er til, eða teknar eru yfir á yfirtökudegi. Eignir, skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á kaupdegi. Sú frjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði er skráð sem viðskiptavild. Ef kaupverð er lægra en gangvirði hreinna eigna yfirtekens félags er mismunurinn færður beint til tekna í rekstrarreikningi.

(ii) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Samstæðan fer með yfirráð þegar hún ber áhættu eða hefur ávinning af breytilegri arðsemi af hlutdeild sinni í félaginu og getur haft áhrif á arðsemina vegna yfirráða sinna. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

(iii) Hlutdeild í hlutdeildarfélögum

Eignahlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir með hlutdeildaraðferð. Hlutdeildarfélög eru þau félög sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Hlutdeildarfélög eru upphaflega færð á kostnaðarverði sem innifelur viðskiptakostnað. Eftir upphaflega skráningu er hlutdeild samstæðunnar í afkomu og heildarafkomu hlutdeildarfélaga færð í samstæðureikninginn þar til verulegum áhrifum eða sameiginlegum yfirráðum lýkur.

(iv) Sameiginlegur rekstur

Sameiginlegur rekstur er sameiginlegt fyrirkomulag þar sem samstæðan hefur rétt til eigna og skuldbindinga vegna skulda sem tengjast fyrirkomulaginu. Hlutdeild samstæðunnar í hverjum lið rekstrarreiknings og efnahagsreiknings sameiginlegs rekstrar er færð línu fyrir línu í samstæðureikninginn.

(v) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleyst tap er felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrymnar.

b. Tekjur

(i) Seldar vörur og þjónusta

Tekjur eru færðar þegar samstæðan hefur afhent vöru, gagnamagn eða veitt þjónustu í samræmi við samninga, meginhluti áhættu og ávinninga flyst til kaupanda, innheimta greiðslu er líkleg, hægt er að meta frjárhæð teknanna, tengdan kostnað og vöruskil með áreiðanlegum hætti og engin áframhaldandi afskipti eru af vörunni eða þjónustunni. Tekjur af sölu eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða innheimtanleg, að frádregnum afsláttum.

Tekjur samstæðunnar samanstanda í meginatriðum af farsíma-, gagnaflutnings- og fastlínubjónustu og tekjum af sjónvarpi ásamt tekjum af leigu á búnaði og annarri þjónustu og vörusölu. Tekjur flokkast í mánaðargjöld, notkun á magni, leigu á efni eða búnaði, þjónustu og vörusölu.

Mánaðargjöld eru tekjufærð á viðkomandi tímabil en tekjur vegna notkunar eru færðar á því tímabili sem notkun á sér stað. Tekjur eru færðar í samræmi við þá samninga sem til staðar eru og afslættir tengdir veltu og/eða notkun færðir til lækkunar á tekjum innan hvers tímabils.

Skýringar, frh.:

37. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

c. Leigugreiðslur

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Mótteknir leiguhvatar eru færðir til lækkunar leigukostnaðar á gildistíma leigusamnings.

d. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum, arðstekjum, söluhagnaði og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og virðisrýrnun hluta fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

e. Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu ársins er frestaður tekjuskattur og skattur til greiðslu. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé eða í yfirlit um heildarkomu, en þá er hann færður á þá liði.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsteggi.

Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum. Frestaður tekjuskattur er ekki reiknaður fyrir viðskiptavild sem ekki er frádráttarbær samkvæmt skattalögum.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsteggi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall samstæðunnar er 20%.

f. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsteggi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem myndast vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

(ii) Erlend dótturfélög

Eignir og skuldir erlendra starfsemi, að meðtalinni viðskiptavild, eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi uppgjörsteggi. Tekjur og gjöld erlendu starfseminnar eru umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar erlend starfsemi er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

g. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar

Fjáreignir sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum, handbært fé, viðskiptakröfur og aðrar kröfur.

Kröfur og innstæður eru færðar til bókar á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjáreignir eru upphaflega færðar á þeim degi sem félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Fjáreignir eru afskráðar ef samningsbundinn réttur félagsins að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef félagið framselur rétt til sjóðstreymis af eigninni til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldinu felst. Sá hluti af framseldum fjáreignum sem stofnað er til eða haldið er eftir af félaginu er sérgreindur í ársreikningi sem eign eða skuld.

Skýringar, frh.:

37. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

g. Fjármálagerningar, frh.:

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar, frh.:

Fjáreignir sem ekki eru afleiðusamningar eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjáreignir eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald.

Kröfur

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum, sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýmum þegar við á. Lán og kröfur samanstanda af viðskiptakröfum og öðrum kröfum.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnstæður sem eru til ráðstöfunar innan þriggja mánaða.

(ii) Fjárskuldir aðrar en afleiðusamningar

Til fjárskulda samstæðunnar annarra en afleiðusamninga teljast lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjárskuldir eru færðar á þeim degi þegar samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Samstæðan afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldagerningsins er lokið, þær felldar niður eða falla úr gildi.

Samstæðan flokkar fjárskuldir aðrar en afleiðusamninga sem aðrar fjárskuldir. Slíkar skuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur samstæðunnar er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er annaðhvort að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

(iii) Hlutafé

Almennir hlutir

Almenn hlutabréf eru hluti eigin fjár. Beinn kostnaður vegna útgáfu almennra hlutabréfa og valréttar vegna hlutabréfa er færður til lækkunar á yfirverðsreikningi hlutafjár.

Kaup á eigin hlutum

Þegar samstæðan kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði vegna þeirra, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir eða endurútfærðir er eigið fé hækkað og hagnaður eða tap af viðskiptunum fært á yfirverðsreikning.

h. Rekstrarfjármunir

(i) Eignir í eigu samstæðunnar

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýmum.

Kostnaðarverð samstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem samstæðan byggir sjálf innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun og eignfærðan fjármagnskostnað. Aðkeyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur hluti til að starfrækja viðkomandi búnað er færður til eignar sem hluti af búnaði.

Skýringar, frh.:

37. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

h. Rekstrarfjármunir, frh.:

(i) Eignir í eigu samstæðunnar, frh.:

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna eða rekstrarkostnaðar.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Afskriftartími hefst þegar eignirnar eru tilbúnar til notkunar.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	33 ár
Fjarskiptabúnaður	3 til 20 ár
Áhöld, tæki, bifreiðar og innréttingar	1 til 7 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsgæði.

i. Óefnislegar eignir

(i) Viðskiptavild

Viðskiptavild verður til við kaup á dótturfélögum eða við bein kaup hennar frá þriðja aðila.

Viðskiptavild er mismunurinn á kostnaði við yfirtöku dótturfélags og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda. Þegar neikvæð viðskiptavild myndast er hún tekjufærð jafnóðum í rekstrarreikningi.

(ii) Síðara mat

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun.

(iii) Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir sem samstæðan hefur keypt og hafa takmarkaðan nýtingartíma eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun þar sem við á.

(iv) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er einungis eignfærður ef hann eykur efnahagslegan framtíðarávinning sem felst í eign sem kostnaðurinn varðar. Annar kostnaður, þar á meðal vegna viðskiptavildar og vörumerkja, sem myndast hefur innan samstæðunnar er færður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

(v) Afskriftir

Afskriftir óefnislegra eigna, annarra en viðskiptavildar, eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Afskriftartími hefst þegar eignirnar eru tilbúnar til notkunar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður	10 ár
Aðrar óefnislegar eignir	3 til 10 ár

Skýringar, frh.:

37. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

j. Birgðir

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða er byggt á „fyrst inn - fyrst út“ reglunni og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á núverandi stað og í núverandi ástand. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádragnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

k. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar er hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, hafa áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar og hægt er að meta virðisrýrnun með áreiðanlegum hætti.

Virðisrýrnun fjáreigna, sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði, er reiknuð sem mismunur bókfærðs verðs og núvirðis áætlaðs framtíðarfjárflæðis, afvaxtað miðað við upphaflega virka vexti. Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver um sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir eiginleikum þeirra og hver flokkur metinn sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning.

Virðisrýrnun er bakfærð ef unnt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti við atburð sem átt hefur sér stað eftir að virðisrýrnun var færð.

(ii) Aðrar eignir en fjáreignir

Á hverjum uppgjörsdegi er lagt mat á hvort eignir samstæðunnar sem ekki teljast til fjáreigna, kunni að hafa orðið fyrir virðisrýrnun. Ef vísbendingar eru til staðar um að virðisrýrnun hafi átt sér stað, er lagt mat á endurheimtanlega fjárhæð viðkomandi eigna. Virðisrýrnunarpróf eru gerð að minnsta kosti árlega á viðskiptavild.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar, eða fjárskapandi einingar sem hún tilheyrir, er hærra en endurheimtanleg fjárhæð. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi flokkur eigna sem skapar sjóðstreymi sem að mestu er óháð öðrum eignum og eignaflokkum. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning. Virðisrýrnun fjárskapandi einingar er fyrst færð til lækkunar á bókfærðu verði viðskiptavildar sem til staðar er innan viðkomandi einingar. Virðisrýrnun umfram viðskiptavild er svo hlutfölluð með hliðsjón af bókfærðu verði einstakra eigna hinnar fjárskapandi einingar og færð til lækkunar á þeim.

Endurheimtanleg fjárhæð eigna eða fjárskapandi einingar er nýtingarvirði eða gangvirði að frádragnum sölukostnaði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er fundið með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi. Við útreikninginn er miðað við afvöxtunarhlutfall fyrir skatta sem endurspeglar núgildandi mat markaðar á tímavirði peninga og þeirri sérstöku áhættu sem eignin felur í sér.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Á hverjum uppgjörsdegi er lagt mat á hvort vísbendingar séu til staðar um að virðisrýrnun, sem færð hefur verið vegna annarra eigna en viðskiptavildar, eigi ekki lengur við. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á því mati sem lá til grundvallar við ákvörðun endurheimtanlegrar fjárhæðar. Virðisrýrnun er aðeins bakfærð að því marki að bókfært verð eignar verði ekki hærra en það hefði verið á þeim degi sem bakfærsla er gerð ef engin virðisrýrnun hefði átt sér stað.

l. Hlunnindi starfsmanna

(i) Iðgjaldatengdur lífeyrissparnaður

Samstæðan greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Samstæðan ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi eftir því sem þau falla til.

Skýringar, frh.:

37. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

I. Hlunnindi starfsmanna, frh.:

(ii) Skammtímaréttindi starfsmanna

Skammtímaréttindi starfsmanna eru gjaldfærð þegar viðkomandi starf er innt af hendi.

Skuldbinding vegna launaauka eða ágóðahluta starfsmanna er færð í ársreikninginn ef samstæðan hefur lagalega eða ætlaða skuldbindingu til að greiða þessa fjárhæð vegna starfs sem hefur verið innt af hendi og hægt er að áætla skuldbindinguna með áreiðanlegum hætti.

m. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líklegt er talið að til greiðslu komi og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt.

Skuldbindingar eru metnar miðað við vænt framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

n. Hagnaður á hverja krónu hlutfjár

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hverja krónu hlutfjár og þynntur hagnaður á hverja krónu hlutfjár fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hverja krónu hlutfjár er hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðaltals hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hverja krónu hlutfjár er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

o. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlit sýnir skiptingu rekstrartekna eftir starfspáttum og landsvæðum. Starfspáttur er hluti samstæðunnar sem fæst við viðskipti og er fær um að afla tekna og stofna til gjalda, að meðtöldum tekjum og gjöldum vegna viðskipta við aðra hluta samstæðunnar. Starfspáttir samstæðunnar eru reglulega yfirfarnir af stjórnendum til að meta frammistöðu þeirra.

Stjórnarháttayfirlýsing

Með yfirlýsingu þessari um stjórnarhætti Fjarskipta hf. (Vodafone) er félagið að fylgja þeim viðurkenndu leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, með það að markmiði að styrkja innviði Fjarskipta hf. og auka gagnsæi.

Lög og reglur

Stjórnarhættir Fjarskipta hf. taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, lögum nr. 81/2003 um fjarskipti, öðrum almennum lögum sem gilda um starfsemina, reglum um útgefendur fjármálagerninga, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og einstakra undirnefnda stjórnar. Lögin má nálgast á vef Alþingis, www.althingi.is, en samþykktir og reglur félagsins á vodafone.is.

Félagið er vottað fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum og fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem hægt er að nálgast á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is. Vodafone hefur einnig fengið vottað og staðfest að stjórnkerfi fyrirtækisins fyrir upplýsingaöryggi samræmist alþjóðlega upplýsingaöryggistaðlinum ISO 27001.

Stjórn Fjarskipta hf. 2015

Í stjórn Fjarskipta sitja fimm aðalmenn og tveir varamenn eru þeir allir kosnir á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Forstjóri situr stjórnarfundum ásamt framkvæmdastjóra fjármála- og rekstrarsviðs, auk þess sem aðallögfræðingur félagsins situr fundina sem ritari stjórnar. Stjórn félagsins ásamt forstjóra fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna sem henni ber sjálfri að annast nema heimild sé veitt í lögum til að framselja valdið með umboði.

Á árinu 2015 hittust stjórnarmenn á 10 formlegum stjórnarfundum og einum óformlegum stefnumótunarfundi stjórnar. Góð mæting stjórnarmanna var á stjórnarfundum og var stjórn ákvörðunarbær á öllum fundum ársins. Sama gildir um mætingu og ákvörðunarbærni á fundum undirnefnda stjórnar. Hlutverk varamanna í stjórn félagsins felst í að taka þátt í aukafundum en ekki almennum stjórnarstörfum nema þeir séu kallaði inn í forföllum aðalmanna á stjórnarfundum.

Á aðalfundi 19. mars 2015 var kosið að nýju í aðal- og varastjórn félagsins og ekki voru gerðar breytingar á stjórninni. Við árslok 2015 var aðal- og varastjórn Fjarskipta hf. því skipuð eftirfarandi aðilum:

Aðalmenn

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður, er fæddur árið 1972 og er að aðalstarfi framkvæmdastjóri eigin fjárfestingafélags, Ursus ehf. Hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 11. apríl 2013. Hann hefur lokið prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands. Heiðar situr einnig í stjórn Ursus ehf., Köldukvíslar hf., Innviða fjárfestinga slhf. og HS Veitna. Heiðar á ekki eignarhlut í félaginu en fjárhagslega tengdur aðili honum, Ursus ehf., átti 6,0% í félaginu í árslok 2015.

Anna Guðný Aradóttir er fædd árið 1956 og er að aðalstarfi forstöðumaður markaðs- og samskiptamála Samskipa hf. Hún var fyrst kosin sem varamaður í stjórn félagsins 29. ágúst 2012, en varð síðan aðalmaður í stjórn félagsins 9. nóvember 2012. Hún hefur lokið viðskipta- og rekstrarnámi frá Háskóla Íslands og hefur MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Anna Guðný situr í stjórn Stafa lífeyrissjóðs og stjórn Lyfja & heilsu hf. Anna Guðný á ekki eignarhlut í félaginu.

Hildur Dungal er fædd árið 1971 og er starfandi lögfræðingur hjá Innanríkisráðuneytinu. Hún var fyrst kosin varamaður í stjórn félagsins 9. nóvember 2012 en síðan aðalmaður í stjórn félagsins 11. apríl 2013. Hún hefur lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hildur situr einnig í stjórn Nýherja hf. Hildur á ekki eignarhlut í félaginu.

Hjörleifur Pálsson, er fæddur árið 1963 og starfar sem óháður stjórnarmaður. Hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 11. apríl 2013. Hjörleifur er viðskiptafræðingur að mennt, útskrifaður með Cand Oecon gráðu frá Háskóla Íslands 1988. Hann hlaut löggildingu til endurskoðunarstarfa árið 1989. Hjörleifur er stjórnarformaður og formaður háskólaráðs í Háskólanum í Reykjavík, situr í fjárfestingaráði Akurs fjárfestinga slhf., í stjórn Brunnsvaxtarsjóðs slhf. og Framtakssjóðs Íslands slhf., hann er jafnframt í stjórn lyfjafyrirtækjanna Florealis ehf. og Lotus Pharmaceutical Co., Ltd í Taiwan. Hjörleifur á ekki eignarhlut í félaginu.

Vilmundur Jósefsson er fæddur árið 1949 og er aðalstarf hans framkvæmdastjóri Svartár ehf. Hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 4. apríl 2012 og svo endurkjörin 26. mars 2014. Vilmundur er viðskiptafræðingur að mennt. Hann situr einnig í stjórn Steinullar hf., Teris hf., Hylju ehf., Undirbúningsfélags Verðbréfamarkaðar hf., Stáss ehf. og Svartá ehf. Vilmundur átti 0,08% í félaginu í árslok 2015.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Varamenn

Aglá Elísabet Hendriksdóttir og Yngvi Halldórsson.

Allir stjórnarmenn félagsins teljast vera óháðir félaginu, viðskiptaaðilum, samkeppnisaðilum og stórum hluthöfum að undanskyldum Heiðari Guðjónssyni sem er eigandi Ursus ehf. sem var þriðji stærsti hluthafinn í félaginu í lok árs 2015.

Helstu hlutverk stjórnar

- Meginhlutverk stjórnar Fjarskipta hf. er að marka félaginu stefnu og að hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Kjarni stefnunnar er að hagsmunir viðskiptavina, eigenda og starfsmanna séu hafðir að leiðarljósi. Áhersla er lögð á traustan og arðbæran rekstur og að rekstraráhætta sé lágmarkuð.
- Gæta þess að starfsemi félagsins sé í samræmi við tilgang þess samkvæmt samþykktum og markaðri stefnu félagsins.
- Taka ákvarðanir í málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar.
- Gæta þess að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í góðu horfi, t.d. hvað varðar reikningskil, innra eftirlit og fjárhagsáætlanir.
- Sjá til þess að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- Ráða forstjóra og veita honum lausn.

Starfsreglur stjórnar

Núgildandi starfsreglur stjórnar voru samþykktar og undirritaðar af stjórn þann 29. apríl 2015. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Árangursmat stjórnar

Stjórn félagsins framkvæmdi formlegt árangursmat þann 16. mars 2015. Helstu þættir sem lagt var mat á voru:

1. Störf stjórnar, verklag og starfshættir
2. Virkni stjórnar
3. Frammistaða stjórnarformanns og forstjóra
4. Undirnefndir stjórnar
5. Þróun félagsins

Forstjóri Fjarskipta hf.

Í lok árs 2015 var forstjóri félagsins Stefán Sigurðsson og hefur hann með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í málum sem varða venjulegan rekstur. Hlutverk hans er skilgreint nánar í samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og ráðningarsamningi.

Stefán Sigurðsson er er fæddur árið 1972 og gengdi áður starfi framkvæmdastjóra VÍB, Eignastýringarsviðs Íslandsbanka, auk þess að sitja í framkvæmdastjórn, viðskiptanefnd og fjárfestingaráði bankans auk annarra undirnefnda. Stefán hóf störf á fjármálamarkaði árið 1997 og hefur á þeim tíma starfað á breiðu sviði, auk eignastýringar, það er fyrirtækjaráðgjafar, markaðsviðskipta, viðskiptaþróunar og samskipta bæði á Íslandi og erlendis. Stefán er með MSc. gráðu í hagfræði frá Kaupmannahafnarháskóla og BSc. af sama sviði frá Háskóla Íslands.

Stefán var ráðinn til starfa 9. maí 2014. Hann átti í árslok 2015 0,05% hlut í Fjarskiptum hf. en er með enga kaupréttarsamninga við félagið. Hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila og stóra hluthafa eru engin. Stefán gegnir ekki öðrum trúnaðarstörfum, sbr. stjórnarsetu í öðrum félögum.

Undirnefndir stjórnar

Í endurskoðunarnefnd Fjarskipta hf. sitja þrjú nefndarmenn skipaðir af stjórn félagsins til eins árs í senn. Nefndin hefur sett sér starfsreglur sem yfirfarnar eru og bornar upp til staðfestingar í stjórn árlega, síðast 29. apríl 2015. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga og óhæði endurskoðenda þess. Endurskoðunarnefnd yfirfer einnig stjórnarháttayfirlýsingu félagsins ár hvert. Endurskoðunarnefnd skal skila skýrslu um störf sín til stjórnar árlega.

Við árslok 2015 var endurskoðunarnefnd Fjarskipta hf. skipuð Hjörleifi Pálssyni, formanni nefndarinnar, Hildi Dungal og Vilmundi Jósefssyni. Nefndin kom fimm sinnum saman á árinu. Allir nefndarmenn eru óháðir endurskoðendum Fjarskipta hf., daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Í starfskjaranefnd Fjarskipta hf. sitja þrjú nefndarmenn og skipaðir af stjórn félagsins til eins árs í senn. Starfskjaranefnd hefur sett sér starfsreglur með erindisbréfi og voru þær staðfestar á stjórnarfundi félagsins 29. apríl 2015. Hlutverk nefndarinnar er að undirbúa og koma með tillögum að kjörum stjórnarmanna og vera stefnumarkandi um kjör forstjóra og framkvæmdastjóra. Starfskjaranefnd útbýr starfskjarastefnu Fjarskipta hf.

Við árslok 2015 var starfskjaranefnd Fjarskipta hf. skipuð Önnu Guðnýju Aradóttur, formanni nefndarinnar, Heiðari Guðjónssyni og Öglu Elísabetu Hendriksdóttur. Nefndin hefur haldið einn fund frá síðasta aðalfundi en fundir eru áformaðir í aðdraganda að næsta aðalfundi. Allir nefndarmenn eru óháðir félaginu en Heiðar Guðjónsson er ekki óháður stórum hluthöfum félagsins þar sem hann er framkvæmdastjóri Ursus ehf. sem á 6% í Fjarskiptum hf.

Í tækninefnd Fjarskipta hf. sitja tveir nefndarmenn skipaðir af stjórn félagsins til eins árs í senn. Tækninefnd hefur sett sér starfsreglur með erindisbréfi og voru þær staðfestar á stjórnarfundi félagsins 29. janúar 2015. Hlutverk nefndarinnar er að vera stjórn og forstjóra til ráðgjafar um stefnumarkandi áherslur í tæknimálum og um mikilvæg tæknilega málefni.

Við árslok 2015 var tækninefnd Fjarskipta hf. skipuð Heiðari Guðjónssyni, formanni nefndarinnar og Yngva Halldórssyni og kom nefndin fjórum sinnum saman á formlegum nefndarfundum á árinu. Báðir nefndarmenn eru óháðir félaginu en Heiðar Guðjónsson er ekki óháður stórum hluthöfum félagsins þar sem hann er framkvæmdastjóri Ursus ehf. sem á 6% í Fjarskiptum hf.

Tilnefningarnefnd Fjarskipta hf. voru settar starfsreglur á fundi stjórnar Fjarskipta hf. 18. febrúar 2015. Þar er kveðið á um að stjórn Fjarskipta hf. skuli tilnefna einn nefndarmann en hina tvo nefndarmennina skuli hluthafafundur Fjarskipta hf. kjósa ef stjórnarkjör er á dagskrá. Á aðalfundi félagsins 19. mars 2015 fór fram kjör tveggja nefndarmanna í samræmi við starfsreglurnar og mun það vera í fyrsta skipti hér á landi sem hluthafafundur kys nefndarmenn í tilnefningarnefnd.

Við árslok 2015 var tilnefningarnefnd Fjarskipta hf. skipuð Ragnheiði Dagsdóttur, formanni nefndarinnar, Ásdísi Jónsdóttur og Heiðar Guðjónssyni og kom hún tvisvar sinnum saman á árinu eftir að aðalfundi lauk, en fleiri fundir eru áformaðir í aðdraganda næsta aðalfundar. Allir nefndarmenn eru óháðir félaginu en Heiðar Guðjónsson er ekki óháður stórum hluthöfum félagsins þar sem hann er framkvæmdastjóri Ursus ehf. sem á 6% í Fjarskiptum hf.

Starfsreglur allra undirnefnda eru aðgengilegar á skrifstofu félagsins. Jafnframt er að finna upplýsingar um skipan og hlutverk undirnefnda á heimasíðu félagsins, vodafone.is.

Framkvæmdastjórn Fjarskipta hf. 2015

Forstjóri og framkvæmdastjórar mynda framkvæmdastjórn félagsins og ber hún ábyrgð á daglegum rekstri þess og fylgni við rekstraráætlanir. Framkvæmdastjórn hittist einu sinni í viku og oftast ef þurfa þykir. Við árslok 2015 voru framkvæmdastjórnar þessir:

Björn Víglundsson, framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs, Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs og Kjartan Briem, framkvæmdastjóri tæknisviðs.

Páll Ásgrímsson, aðallögræðingur félagsins, situr jafnframt framkvæmdastjórnarfundi og ritar fundargerðir.

Frekari upplýsingar um framkvæmdastjóra fyrirtæksins er að finna á heimasíðu félagsins, www.vodafone.is.

Ársreikningur félagsins

Reikningsár Fjarskipta hf. er almanaksárið. Ársreikningar félagsins fyrir árin 2009 til 2014 sem og árshlutareikningar 2012, 2013, 2014 og 2015 eru aðgengilegir á heimasíðu félagsins.

Gildi félagsins, síðareglur og stefna um samfélagslega ábyrgð

Við vinnum eftir þremur gildum sem marka athafnir og ákvarðanir en þau eru:

- Rautt
- Frumkvæði
- Ábyrgð

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Það er stefna Fjarskipta hf. að starfa af ábyrgð og hafa jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið í heild með því að vinna að stöðugum umbótum í rekstri félagsins. Þannig viljum við stuðla að framþróun fyrirtækisins og lágmarka sóun sem fellur til í starfseminni.

Fjarskipti hf. gætir jafnréttis starfsmanna á öllum sviðum. Í jafnréttisstefnu félagsins kemur fram að leitast er við að gæta fyllsta jafnréttis kynjanna og þess er gætt að starfsmönnum sé ekki mismunað. Lögð er áhersla á að allir starfsmenn séu metnir að eigin verðleikum og umburðarlyndi sé ríkjandi þáttur í samskiptum. Stuðlað er að fjölbreytileika í starfsmannahópi til að endurspeglar stóran viðskiptavinahóp félagsins, með það að markmiði að nýta sem best hæfileika hvers og eins.

Fjarskipti hf. sýnir samfélagslega ábyrgð í verki með því að sinna hlutverki sínu sem fjarskiptafyrirtæki af fagmennsku og ábyrgð. Fyrirtækið fylgir í hvívetna lögum og reglum og einsetur sér að sýna starfsfólki og viðskiptavinum virðingu í öllum samskiptum. Félagið stuðlar að opnum og gagnsæjum samskiptum við alla hagsmunaaðila og stendur vörð um þær trúnaðarupplýsingar sem falla til í starfseminni. Áhersla er lögð á jafnvægi milli vinnu og einkalífs sem og öryggi og heilsu starfsmanna.

Fjarskipti hf. hefur sett ákveðin markmið í umhverfis- og loftslagsmálum málum sem eru til þess fallin að draga úr mengun og hafa þannig jákvæð áhrif á vistspor félagsins. Þá hefur félagið sett sér samgöngustefnu en markmið hennar er að auðvelda starfsfólki að ferðast til og frá vinnu á hagkvæman og vistvænan máta, en jafnframt að hvetja starfsfólk til að nota sjálfbærar ferðamáta við leik og störf.

Fyrirtækið fylgir alþjóðlega leiðbeiningarstaðlinum ISO 26000 um samfélagslega ábyrgð og hefur málaflokka staðalsins að leiðarljósi í sínu starfi. Samfélagsleg ábyrgð félagsins skiptist í sex flokka; nýsköpun, öryggi og innviði, samskipti og fræðslu, mannauð, umhverfi og samfélag. Félagið hefur sett sér mælanleg markmið sem eru endurskoðuð árlega í samhengi við þann árangur sem náðst hefur.

Fjarskipti hf. tekur virkan þátt í margvíslegum samfélagsmálum með stuðningi af ýmsum toga. Fjöldi aðila leitar til félagsins eftir stuðningi eða samstarfi og eru ákvarðanir um styrki og samstarf teknar út frá stefnu fyrirtækisins í styrktarmálum.

Siðferðissjónarmið eru kjarninn í starfsemi félagsins og eru höfð í huga við allar ákvarðanir. Félagið hefur skráðar siðareglur og voru þær samþykktar af framkvæmdastjórn félagsins 15. október 2012.

Upplýsingar um brot á reglum sem viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðili

Fjarskipti hf. hlaut hvorki dóm né sektir í formi einhliða stjórnvaldsákvæðana af hálfu eftirlits- eða úrskurðaraðila á árinu 2015. Þess ber þó að geta að sýslumaðurinn í Reykjavík lagði lögbann á félagið í desember 2015 við því að taka upp og miðla sjónvarpsefni Skjás Eins með ólínulegum hætti.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýring félagsins

Reglulegur hluti af starfsemi félagsins er að hafa eftirlit með helstu þáttum í rekstri fyrirtækisins og tryggja þannig samfellu í rekstri og lágmarkun áhættu. Áhættustýring er samofin ábyrgð við daglegan rekstur félagsins. Uppbygging fjarskiptakerfis tekur mið af þeirri áhættu sem felst í rekstri slíkra kerfa og er sú áhætta lágmarkuð með viðeigandi ráðstöfunum, skilgreindri viðbragðsáætlun og varaleiðum. Viðtækar úttektir eru gerðar á helstu þáttum í rekstri félagsins, t.d. á ytra og innra öryggi kerfa, getu gagnaflytninga, upplýsingaöryggi, viðkvæmum ferlum sem og fjármálaferlum félagsins. Vodafone útvíkkaði umfang ISO 27001 upplýsingaöryggis vottunarinnar á árinu og státar því af umfangsmestu upplýsingaöryggisvottun fjarskiptafélaga á Íslandi.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á stefnumótun áhættustýringar en felur áhættunefnd að sjá um framkvæmd stefnunnar, vöktun og eftirlit með breytingum á áhættuumhverfinu. Úttektir með öryggismálum, hlífingu við lög, meðferð trúnaðarupplýsinga, upplýsingaöryggi og raunlægu öryggi er í höndum innri úttektarhóps, en hópurinn upplýsir framkvæmdastjórn um niðurstöður úttekta. Skilgreindar hafa verið boðleiðir til að tilkynna öll frávik og ábendingar frá starfsfólki er varða öryggisbrot, öryggisrof eða um það sem betur má fara. Í áhættunefnd situr öryggisstjóri, tilnefndir forstöðumenn frá hverju sviði og starfsmenn sem sjá um net- og kerfisöryggi. Nefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði.

Stjórn fer a.m.k. einu sinni á starfsári yfir helstu þætti innra eftirlits og áhættustýringar félagsins og skilgreinir þá áhættuþætti sem félagið þarf að takast á við. Stjórnin sér einnig til þess að til staðar sé fullnægjandi kerfi innra eftirlits, sem er formllegt og skjalfest.

Félagið hefur ekki starfandi innri endurskoðanda, en ytri endurskoðendur félagsins vinna afmarkaðar úttektir á ferlum

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Hluthafar félagsins og samskipti

Félagið er hlutafélag og upplýsingar um helstu eigendur þess er að finna á heimasíðu félagsins, www.vodafone.is.

Fjarskipti hf. hefur sett sér upplýsingastefnu, sem sækir stoð í gr. 1.1.21 í reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga á aðalmarkaði Nasdaq Iceland, útgefnar 17. desember 2013, og var samþykkt af stjórn Fjarskipta hf. þann 18. febrúar 2015. Þar kemur m.a. fram að í kjölfarið á birtingu ársfjórðungslegra uppgjöra og ársuppgjörs heldur félagið upplýsingafundi fyrir fjárfesta, hluthafa, greiningaraðila og fjölmiðla. Fjarskipti hf. svarar fyrirspurnum þessara aðila að því marki sem félaginu er heimilt þegar tekið er mið af jafnræði fjárfesta á markaði. Félagið birtir reglulega á heimasíðu sinni fréttir af starfsemi félagsins sem ekki falla undir upplýsingaskyldu þess og sendir eftir atvikum fréttatilkynningar þess efnis til fjölmiðla. Hluthafar sem vilja beina fyrirspurnum til stjórnar eða gera grein fyrir viðhorfum sínum tengdum rekstri geta sent tölvupóst á stjorn@vodafone.is eða í undantekningartilvikum beint fyrirspurnum til stjórnarformanns. Skal stjórnarformaður í slíkum tilvikum annast samskipti við hluthafa f.h. stjórnar og upplýsa stjórn um slík samskipti.

Samþykkt á fundi í endurskoðunarnefnd 22. 01.2016 og staðfest á fundi í stjórn Fjarskipta hf. 27.01.2016

Ársfjórðungsýfirlit - óendurskoðað

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga

	2015 1F	2015 2F	2015 3F	2015 4F	Samtals
Seldar vörur og þjónusta	3.251	3.408	3.433	3.632	13.724
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(1.740)	(1.806)	(1.689)	(2.055)	(7.290)
Framlegð	1.511	1.602	1.744	1.577	6.434
Rekstrarkostnaður	(1.116)	(1.148)	(1.043)	(1.196)	(4.503)
Rekstrarhagnaður	395	454	701	381	1.931
Fjármunatekjur	8	7	8	12	35
Fjármagnsgjöld	(105)	(91)	(83)	(83)	(362)
Hrein fjármagnsgjöld	(97)	(84)	(75)	(71)	(327)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	298	370	626	310	1.604
Tekjuskattur	(62)	(70)	(124)	(61)	(317)
Hagnaður	236	300	502	249	1.287
Þýðingarmunur	(45)	1	(26)	(8)	(78)
Hagnaður tímabilsins	191	301	476	241	1.209
EBITDA	719	776	1.026	716	3.237
EBITDA %	22,1%	22,8%	29,9%	19,7%	23,6%
Handbært fé frá rekstri	539	857	981	476	2.853
Fjárfestingarhreyfingar	(309)	(346)	(314)	(578)	(1.547)
Fjármögnunarmunur	(147)	(592)	(372)	(278)	(1.389)


Ársfjórðungsyfirlit - óendurskoðað

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga

	2014 1F	2014 2F	2014 3F	2014 4F	Samtals
Seldar vörur og þjónusta	3.173	3.294	3.362	3.407	13.236
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(1.738)	(1.775)	(1.620)	(1.857)	(6.990)
Framlegð	1.435	1.519	1.742	1.550	6.246
Rekstrarkostnaður	(1.147)	(1.154)	(1.048)	(1.112)	(4.461)
Rekstrarhagnaður	288	365	694	438	1.785
Fjármunatekjur	13	9	11	12	45
Fjármagnsgjöld	(134)	(113)	(112)	(108)	(467)
Hrein fjármagnsgjöld	(121)	(104)	(101)	(96)	(422)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	167	261	593	342	1.363
Tekjuskattur	(32)	(51)	(117)	(69)	(269)
Hagnaður	135	210	476	273	1.094
Þýðingarmunur	(16)	(6)	(6)	9	(19)
Hagnaður tímabilsins	119	204	470	282	1.075
EBITDA	635	671	1.023	763	3.092
EBITDA %	20,0%	20,4%	30,4%	22,4%	23,4%
Handbært fé frá rekstri	196	607	847	829	2.479
Fjárfestingarhreyfingar	(409)	(447)	(415)	(301)	(1.572)
Fjármögnunarhreyfingar	123	(124)	(237)	(471)	(709)








GILDI VODAFONE





LEIÐTOGI OG
ALÞJÓÐLEGT AFL
Á ÍSLENSKUM
FJARSKIPTA-
MARKAÐI



SÝN VODAFONE

Við tengjum þig

